


skoðun 20

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Einingahús






NÝR 4BLS BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF TILBOÐUM Í FRÉTTABLAÐINU Í DAG
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
1. nóvember 2012
257. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Úr bíó á leiksviðið

*Ragnar Bragason leikstjóri segir að miðað við kvikmyndagerð sé leikhúsið þægileg innivinna.*

**menning 38**

## Frumsýnd eftir áramót

*Aðstandendur íslensku myndarinnar Á annan veg stefna út á frumsýningu endurgerðarinnar.*

**bíó 58**



## Góð byrjun

*Ísland vann sinn fyrsta landsleik undir stjórn Arons Kristjánssonar.*

**sport 52**

## veðrið í dag




**VONSKUVEÐUR** í dag verða víða norðan 15-23 m/s, snjókoma eða él norðan og austan til en úrkomulítið syðra. Frost 0-5 stig.

VEÐUR 4



**ÞRÖNGT MEGA SÁTTIR SPILA** Tónlistarhátíðin Iceland Airwaves hófst í gær en á þriðja hundrað tónlistarmanna og hljómsveita koma fram á hátíðinni og búist er við um sjö þúsund gestum. Meðal þeirra sem stigu á stokk, ef svo mætti kalla, var hljómsveitin Hjálmar, sem lék í smáhýsinu á Ingólfstorgi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Þrjú börn ættleidd til einhleypra á árinu

**Ættleiðingar einhleypra hafa hafist á nýjan leik eftir fimm ára hlé. Tvær einhleypar konur hafa fengið börn til sín frá Tékklandi og Tógó og sú þriðja fær barn innan skamms. „Rosalega ánægjulegt ferli," segir Ásta Bjarney Elíasdóttir.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Tvær íslenskar, einhleypar konur hafa ættleitt börn erlendis frá á þessu ári. Sú þriðja fær sitt barn í hendurnar innan skamms. Þetta eru fyrstu ættleiðingar einhleypra hingað til lands frá árinu 2007, en ættleiðingarnar stöðvuðust þá vegna breytinga á reglum í Kína.

„Ég fékk Árna í fangið 24. janúar og það var dásamleg stund. Hann var spurður hvort hann vissi hver þetta væri og hann sagði á tékknesku „þetta er mamma mín"." Þetta segir Ásta Bjarney Elíasdóttir, sem ættleiddi soninn Árna Zdenék frá Tékklandi í byrjun ársins. Ásta Bjarney varð fyrsta einhleypa manneskjan til að ættleiða barn erlendis frá í fimm ár. Önnur einhleyp kona hefur síðan ættleitt barn frá Tógó. Þriðja konan á von á sínu barni innan skamms.

> Hann var alltaf ofsalega ákveðinn í því að ég væri mamma hans og hann var greinilega búinn að bíða eftir mér.
>
> ÁSTA BJARNEY ELÍASDÓTTIR

Eftir að reglur breyttust í Kína í ársbyrjun 2007 var talið að Íslensk ættleiðing gæti ekki sent umsóknir frá einhleypum til nokkurs lands. Því ákvað félagið að setja umsóknir einhleypra á hliðarlista, og á þeim fjórum árum sem þeir voru í notkun söfnuðust um þrjátíu einhleypir einstaklingar á listann, sem vildu ættleiða barn en gátu ekki hafið ferlið. Eftir að málin voru skoðuð nánar var ákveðið að leggja hliðarlistann niður og hefja ættleiðingar einhleypra á nýjan leik. Nú taka öll löndin sem félagið starfar með við umsóknum frá einhleypum með mismunandi skilyrðum.

„Mér finnst þetta bara alveg rosalega ánægjulegt ferli allt saman. [...] Hann var alltaf ofsalega ákveðinn í því að ég væri mamma hans og hann var greinilega búinn að bíða eftir mér."

Útlit er fyrir að átján börn verði ættleidd hingað til lands á þessu ári, einu færra en í fyrra. Á öllum hinum Norðurlöndunum hefur ættleiðingum fækkað mikið milli ára, til að mynda fækkaði þeim um rúm 60 prósent í Noregi. Ísland er eina ríkið á Norðurlöndunum þar sem ættleiðingar standa í stað, þótt þær séu talsvert færri en mest hefur verið.

- þeb / sjá síðu 8

Spila oft á Airwaves:

## Sykur á plötusamning ytra

**TÓNLIST „Það stefna allir á heimsfrægð, alltaf," segir Halldór Eldjárn, einn meðlima hljómsveitarinnar Sykurs sem nýverið landaði plötusamningi við bresku útgáfuna Wall of Sound. Útgáfan sérhæfir sig í elektrónískri danstónlist og hefur meðal annarra norsku rafsveitina Röyksopp og Grace Jones innan sinna vébanda.**

**Önnur plata Sykurs, Mesópótamía, verður gefin út og henni dreift í Evrópu á vegum Wall of Sound, en alls kemur sveitin fimm sinnum fram á Iceland Airwaves-hátíðinni sem hófst í gær. Spurður um fjárhagslegan ávinning af samningnum segir Halldór: „Jú, það eru víst einhverjir peningar í þessu hjá þeim en mér skilst að við fáum bara borgað í Rolex-úrum til byrja með!"**

- áp / sjá síðu 58

Endurtekning milli skólastiga:

## Sjálfræði nemenda minnkar

**MENNTUN** „Nokkuð er um að nemendur á nýju skólastigi byrji að vinna aftur að einhverju sem þeir voru að læra á skólastiginu á undan," segir Gerður G. Óskarsdóttir menntunarstjóri sem hefur unnið að rannsókn á skilum skólastiga.



GERÐUR G. ÓSKARSDÓTTIR

Gerður segir til dæmis fyrsta stig lestrarnáms fara fram í leikskólanum en í 1. bekk grunnskóla sé látið eins og þau þekki ekki stafina. Sjálfræði nemenda í námi minnkar er þeir færast upp um stig því val á viðfangsefnum er minna í 1. bekk grunnskóla en á síðasta ári leikskóla.

- gun / sjá síðu 36








Við kaupum gull og silfur.
Radisson Blu 1919 Hotel
Posthusstraeti 2, Reykjavik
Þri. 30/10 kl 11-18
mið. 31/10 kl 11-18
fim. 1/11 kl 11-18
föst. 2/11 kl 11-18

komdu á GullAdam og þú færð ókeypis mat á gömlu skartgripunum þínum. Einungis þarf að koma með skilríki til að geta fengið borgað í reiðufé.



**SPURNING DAGSINS**



*Lilja, er sýningargestum óhætt?*

„Ef fyllstu varúðar er gætt.“

Systurnar Lilja og Ingibjörg Birgisdætur sýna myndlistarverk á sýningunni Varúð sem var opnuð í Listamenn gallerí á Skúlagötu 32 í gærkvöld.

Útlit fyrir slæma færð á vegum vegna ofankomu og hvassviðris næstu daga:

# Spá illviðri fram á laugardag

**VEÐUR** Norðanillviðri verður á landinu fram á laugardagskvöld, að því er fram kemur á vef Veðurstofunnar.

Búist er við stormi víða um land í dag. Norðanátt og snjókoma verður um norðanvert land með vindhraða á bilinu 18 til 25 metrar á sekúndu, en úrkomulítið verður sunnanlands. Frost verður allt niður í fimm stig.

Ekki er búist við að veður fari að ganga niður fyrr en seint á laugardag og sunnudag. Frost gæti farið allt niður í tíu stig, en spár gera ráð fyrir að hlýna taki á mánudag og þriðjudag.

Á vef Vegagerðarinnar segir að útlit sé fyrir mjög slæmt ferðaveður og að færð spillist, sérstaklega norðaustanlands, vegna ofankomu, skafrennings og vinds.

Annars staðar má búast við snörpum vindhviðum við fjöll, til dæmis á Kjalarnesi og í Hamarsfirði. Undir Eyjafjöllum og Vatnajökli má svo búast við meðalvindi jafnvel um 20-25 metra á sekúndu og vindhviðum upp undir 40 metra á sekúndu. **- þj**



**ÓFÆRÐ** Útlit er fyrir vonskuveður á norðanverðu landinu næstu daga og er líklegt að illfært verði víða. FRÉTTABLAÐIÐ /HAG

Stakk hann og tók myndir:

# 15 ár fyrir að myrða kærasta

**SVÍÞJÓÐ** 42 ára kona hefur verið dæmd í 15 ára fangelsi fyrir að myrða kærastann sinn. Hún stakk hann margsinnis og tók myndir af sárunum.

Konan sagðist hafa stungið manninn í sjálfsvörn en sýnt var fram á að hann lá fyrir þegar hún réðst á hann. Þá segja vitni að konan hafi talað eins og verknaðurinn hafi verið skipulagður. Þá minntist hún á það við fyrrum vinnufélaga að hnífur, sem starfsmenn fengu að gjöf, hafi loksins komið að góðum notum. **- þeb**

Hótanir vegna Dalsbrautar:

# Bæjarfulltrúa hótað af lækni

**AKUREYRI** Oddi Helga Helgasyni, bæjarfulltrúa L-listans á Akureyri, hafa borist hótanir frá lækni í bænum vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Dalsbraut.

Greint er frá þessu í Akureyri vikublaði, en þar kemur fram að málið sé litið alvarlegum augum, sér í lagi vegna stöðu mannsins sem hótar bæjarfulltrúanum. Tölvupóstar vegna málsins hafi farið milli bæjarfulltrúa og til bæjarstjóra.

Framkvæmdir við Dalsbraut á Akureyri hafa verið fyrirhugaðar í fjölda ára og eru mjög skiptar skoðanir meðal íbúa um þær áætlanir. Oddur vildi ekki tjá sig um málið við blaðið. **- sv**

# Báðu móður fíkils að leyna samkomulagi

**Smálánafyrirtækið Kredia lokaði á viðskipti manns að beiðni móður hans og bað hana að halda því leyndu fyrir syni sínum. Konan vildi fá niðurfellingu fyrir son sinn, sem er alkóhólisti. Réttindum fíkla ábótavant, segir yfirlæknir.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Smálánafyrirtækið Kredia lokaði lánareikningi 21 árs manns að tilstuðlan móður hans. Þjónustufulltrúi Kredia bað þó móður mannsins, Dagbjörtu Steindórsdóttur, að láta hann ekki vita af fyrirkomulaginu.

Hún bað fyrirtækið um að fella niður skuldir sonar síns í ljósi ákvörðunar fyrirtækjanna um að fella niður skuldir geðfatlaðra einstaklinga, en sonur hennar dvelur nú á Vogi í áfengis- og fíkniefnameðferð. Kredia varð ekki við bón konunnar, en bauðst til að loka á viðskipti mannsins eins og áður sagði.



**ÞÓRARINN TYRFINGSSON**

„Hins vegar, ef þú vilt, getum við lokað á reikningsviðskipti [sonar þíns] þannig að hann eigi ekki kost á lántöku hjá okkur. Best er þá að þú greinir [honum] ekki frá því fyrirkomulagi því annars getum við ekki staðið á með lokunina,“ segir í tölvupósti frá Krediu til Dagbjartar. Í öðrum tölvupósti segir svo að beiðni hennar hafi verið afgreidd.

Í svari Kredia kom einnig fram að niðurfellingarnar séu einungis bundnar við þá sem séu skilgreindir geðfatlaðir af geðlæknum og geti sýnt fram á vottorð þar um. Hún hafði einnig samband við Hraðpeninga, sem gáfu sér fjórar vikur til að svara. Sonur hennar skuldar um hálfa milljón króna hjá fyrirtækjunum tveimur.

„Alkóhólismi er geðsjúkdómur. Hvers vegna er þá ekki hægt að senda vottorð frá Vogi til að fá skuldir þeirra sjúklinga felldar niður?“ spyr Dagbjört. „Það er eitthvað bogið við að þegar ungt fólk borgar ekki skuldir sínar lendi það í snörunni hjá þessum fyrirtækjum.“

Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, segir réttindi alkóhólista illa tryggð í samfélaginu.

„Réttur þeirra er að engu tryggður og það hefur lengi verið þannig,“ segir hann. „Menn hafa skrifað undir skuldbindingar undir áhrifum sem þeir geta ekki staðið undir. Þegar þær upplýsingar liggja fyrir ætti ráðgjafinn að tryggja rétt þess fólks og smálánafyrirtækin ættu að fella niður þessar skuldbindingar séu útgefin vottorð frá fagaðilum.“

Haukur Örn Birgisson, lögmaður Útlána, samtaka smálánafyrirtækja, svaraði ekki spurningum Fréttablaðsins í gær.

sunna@frettabladid.is




**SMÁLÁN** Samtök smálánafyrirtækja hafa ákveðið að fella niður skuldir geðfatlaðra einstaklinga hjá fyrirtækjunum.

> Best er þá að þú greinir [honum] ekki frá því fyrirkomulagi því annars getum við ekki staðið á með lokunina.
>
> ÞJÓNUSTUFULLTRÚI KREDIA



**KAFFIHÚS Í KAÍRÓ** Íbúar Kaíró vilja fá að ráða svefnvenjum sínum. NORDICPHOTOS/AFP

Egyptar ósáttir við stjórnsemi:

# Stjórnvöld vilja minna næturlíf

**EGYPTALAND, AP Stjórnin í Egyptalandi vill gera breytingar á svefnvenjum íbúa Kaíró, sem til þessa hafa stært sig af því að búa í borg sem aldrei sefur.**

**Alla nóttina er straumur fólks í kaffihús og verslanir, sem eru opnar allan sólarhringinn. Nú stendur til að setja með lögum strangar skorður við afgreiðslutíma þeirra, í óþökk þeirra sem starfa og stússast á nóttunni. „Egyptaland á ekki að vera næturríki, heldur morgunríki eins og öll önnur lönd,“ segir Mohammed Mahsoub, dómsmálaráðherra. - gb**

Versnandi efnahagsástand:

# Mansal hefur aukist í Noregi

**NOREGUR** Mansal í Noregi fer vaxandi vegna versnandi efnahags í stórum hluta Evrópu. Í Noregi hafa verið kveðnir upp 27 dómar vegna mansals.

Um helmingur þeirra var kveðinn upp í Hörðalandi þar sem lögreglan hefur sett á laggirnar sérstakan hóp sem vinnur gegn mansali, að því er kemur fram í frétt Aftenposten um mansalsráðstefnu. Ekki þykir nóg að vinna að því að fyrirbyggja mansal, vernda fórnarlömbin og refsa gerendum. Nauðsynlegt þykir að hafa samband við yfirvöld í löndum þaðan sem fjöldi þolenda kemur. Evrópusambandið hefur meðal annars þrýst á yfirvöld í Nígeríu. **- ibs**

Aukið atvinnuleysi innan ESB:

# Tæpar 26 milljónir án vinnu

**VINNUMARKAÐUR Atvinnuleysi innan Evrópusambandsins heldur enn áfram að aukast og hefur aldrei verið meira.**

**169 þúsundum fleiri voru án atvinnu í september en í ágúst. Nú eru rúmlega 25,7 milljónir manna atvinnulausar, þar af 18,5 milljónir í evruríkjunum sautján. Þetta gerir 10,6 prósenta atvinnuleysi innan ESB og 11,6 innan evruríkjanna. Áfram er rúmur fjórðungur fólks á Spáni og í Grikklandi án vinnu. Rúmur helmingur fólks undir 25 ára í þessum ríkjum er án vinnu. - þeb**

**SAMGÖNGUR**

**Slasaðist í rútuslysi**

Rúta fór út af veginum í Langadal í gær með þeim afleiðingum að einn farþeganna átta sem um borð voru slasaðist. Hann var fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, en hinir voru fluttir á Heilsugæsluna á Blönduósi til aðhlynningar. Vonskuveður var þegar slysið átti sér stað.





MATARMYNDIR MEÐ SNJALLSÍMA

Fáðu góðar hugmyndir á matarbloggi Kára á gottimatinn.is


Ríkisendurskoðun um innleiðingu Orra, fjárhags- og mannauðskerfis ríkisins:

# Langþráðri skýrslu loks skilað

**STJÓRNSÝSLA** Áætlanagerð vegna kaupa ríkisins á nýju fjárhags- og mannauðskerfi fyrir ríkið var ábótavant þar sem innleiðingartími og stofnkostnaður voru vanáætlaðir og heildarkostnaður ekki metinn. Þetta er niðurstaðan í skýrslu Ríkisendurskoðunar um kaup og innleiðingu á kerfinu Orra, sem var kynnt í gær.

Mikið hefur verið fjallað um málið eftir að Kastljós birti fyrr í haust umfjöllun um tafir á gerð skýrslunnar sem unnin var upp úr skýrsludrögum Ríkisendurskoðunar frá árinu 2009. Í frétt á vef Ríkisendurskoðunar segir að þessi skýrsla hafi verið unnin frá grunni og sé mjög frábrugðin fyrri drögum.

Í nýju skýrslunni kemur fram að árið 2001, þegar samningur um kaupin var undirritaður, var gert ráð fyrir að innleiðingu kerfisins yrði lokið innan 20 mánaða. Nú, ellefu árum síðar, en henni ekki enn lokið að fullu. Dráttinn má rekja til reynsluleysis starfsmanna Skýrr, sem áttu að sjá um innleiðinguna.

Heildarkostnaður ríkisins af kerfinu nam um 5,9 milljörðum króna á árinum 2001 til 2011. Útgjöld vegna kerfisins voru innan fjárheimilda að undanskildum árunum 2001 til 2004.

Ríkisendurskoðun gagnrýnir að ekki hafi verið gerð heildaráætlun um kostnað og beinir þeim tilmælum til efnahags- og fjármálaráðuneytis að vinnubrögð verði bætt að því leyti.

Átta ár eru síðan Ríkisendurskoðun fékk málið til skoðunar og lá stofnunin undir ámæli vegna seinagangsins. Var jafnvel talað um að trúnaðarbrestur hafi orðið á milli Ríkisendurskoðunar og einstakra þingmanna. **- þj**




**RÍKISENDURSKOÐANDI** Nokkuð hefur gustað um Svein Arason ríkisendurskoðanda vegna tafa við gerð skýrslunnar um Orra sem gefin var út í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Kringlan 25
Jóla
Miðnætur
SPRENGJA
Verslanir opnar til miðnættis.
Glæsileg tilboð og frábær skemmtiatriði.
17-24 Mættu í sparifötunum og taktu myndina fyrir jólakortið í ár í Kringlunni
17-22 DJ JONFRÍ spilar ljúfa tóna
17-19 Kaffi frá Kaffitári og konfekt frá Nóa Síríus
18-22 Margrét Arnardóttir með ljúfa Harmónikkutóna hér og þar í Kringlunni
20-22 Jólaglögg og smákökur á barnum
20.00 Þórunn Antonía á Blómatorgi
20.30 Sverrir Bergmann á Blómatorgi
21.00 Tískusýning, vetrartískan og jólafötin í ár *Kynnir Sigga Lund*
21-24 DJ Frigore á Bíógangi í beinni á FM957
21.30 Salsa Iceland sýnir og kennir gestum grunnsporin í Salsa á Blómatorgi
21.30-23 Jónsi úr Svörtum fötum heldur uppi stuði á Kaffitári
22.00 Raggi Bjarna á Blómatorgi - Dúett með Blaz Roca og Jóni Jónssyni
22.30 Jón Jónsson á Blómatorgi
23.00 Miðnætursýningar í Kringlubíói (2 fyrir 1) *House at the End of the Street*
Aðeins þennan eina dag
10–50% afsláttur
Kynntu þér frábær tilboð frá yfir 100 verslunum
*Skráðu þig á póstlistann okkar á facebook*
***facebook.com/kringlan.is***
www.kringlan.is

## GENGIÐ 31.10.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,69 | 127,29 |
| Sterlingspund | 204,25 | 205,25 |
| Evra | 164,75 | 165,67 |
| Dönsk króna | 22,08 | 22,21 |
| Norsk króna | 22,277 | 22,409 |
| Sænsk króna | 19,185 | 19,297 |
| Japanskt jen | 1,5859 | 1,5951 |
| SDR | 195,09 | 196,25 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
227,5538

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Nýtt einkarekið búsetuúrræði Sinnum heimaþjónustu opnar í Garðabæ í dag:

# Mæta mikilli þörf á vistrými

**SAMFÉLAGSMÁL** Sinnum heimaþjónusta kynnir í dag Heimilið, nýtt búsetuúrræði fyrir bæði eldri borgara og yngra fólk sem þarf á umönnun að halda.

Heimilið er í Klaustrinu í Garðabæ, fyrrum hvíldarheimili St. Jósefssystra við Holtsbúð.

„Við höfum starfrækt heimaþjónustu í rúm fjögur ár og þjónustum nú um tvö hundruð heimili á höfuðborgarsvæðinu. Á þessum tíma höfum við fundið mikla þörf fyrir svona úrræði,“ segir Ásta Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri Sinnum, í samtali við Fréttablaðið.



**HEIMILIÐ Í KLAUSTRINU** Ásta Þórarinsdóttir framkvæmdastjóri og Edda Dröfn Daníelsdóttir deildarstjóri sjást hér í nýja húsnæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ásta segir ættingja skjólstæðinga Sinnum hafa spurt út í möguleika á meiri vöktun, en niðurstaðan hafi verið að opna Heimilið þar sem sextán herbergi eru í boði fyrir einstaklinga og hjón eða pör.

„Biðlistar fyrir eldri borgara eftir plássi á hjúkrunarheimilum eru mjög langir, og við miðum þjónustuna við þann hóp, en ekki síður við yngra fólk sem, vegna persónulegra aðstæðna, þarf á slíku úrræði að halda.“ Stærstu viðskiptavinir Sinnum eru opinberir aðilar, til dæmis sveitarfélög, sem kaupa þjónustu fyrir skjólstæðinga sína og Ásta býst við því að bæði sveitarfélög og einstaklingar muni nýta sér þjónustu þeirra. - þj

8. nóvember næstkomandi:

# Alþjóðadagur gegn einelti

**SAMFÉLAGSMÁL** Dagur gegn einelti verður haldinn á ný 8. nóvember.

Hvatt er til þess að leik-, grunn- og framhaldsskólar, félagsmiðstöðvar, vinnustaðir og stofnanir taki höndum saman og helgi þennan dag baráttu gegn einelti. Þá er hvatt til þess að unnin verði ýmis verkefni sem kveikja umræður og auka vitund um að enginn skuli sitja hjá í góðum hópi.

Dagurinn er haldinn að frumkvæði verkefnisstjórnar um aðgerðir gegn einelti í íslensku samfélagi. - þeb

Dómari vann álitsgerð:

# Vanhæfur í Glitnismáli

**DÓMSMÁL** Héraðsdómarinn Þórður S. Gunnarsson lýsti sig í gær vanhæfan til að dæma í 6,5 milljarða skaðabótamáli slitastjórnar Glitnis gegn Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, Lárusi Welding, fyrrverandi bankastjóra, og allri stjórn bankans sem sat í desember 2007.

Þórður vann álitsgerð fyrir slitastjórnina þegar hún höfðaði mál gegn sjö manns í New York árið 2010 og taldi sig því vanhæfan. Skaðabótamálið nú snýst um 15 milljarða króna lán sem Glitnir veitti Baugi til að taka þátt í hlutafjárútboði FL Group. Ásamt Jóni Ásgeiri og Lárusi er sjö stefnt: Þorsteini M. Jónssyni, Skarphéðni Berg Steinarssyni, Pétri Guðmundssyni, Birni Inga Sveinssyni, Hauki Guðjónssyni og Katrínu Pétursdóttur. - sh

Samstarf Norðurlandanna:

# Sameiginlegt sendiráð í Reykjavík

**UTANRÍKISMÁL Finnar, Svíar, Danir og Norðmenn hafa ákveðið að flytja sendiráð sín á Íslandi í sameiginlega sendiráðsbyggingu með sama hætti og Norðurlöndin hafa gert í Berlín. Þetta kom fram á blaðamannafundi utanríkisráðherra Norðurlanda á Norðurlandaráðsþingi í Helsinki í gær.**

**Embættismönnum hefur verið falið að undirbúa flutning sendiráðanna í sameiginlega byggingu og kynna tillögur um það á næsta fundi utanríkisráðherranna sem verður haldinn vorið 2013. Sameiginleg sendiráðsbygging Norðurlanda í Berlín var opnuð árið 1999. Nú eru uppi áform um sams konar samstarf í ýmsum löndum.** - kh

# Lagt til að Norðurlöndin verði tóbakslaus árið 2040

**Norrænir þingmenn vilja að Norðurlöndin verði tóbakslaus árið 2040. Þing Norðurlandaráðs fjallar í dag um tillögur velferðarnefndar í áfengis- og tóbaksmálum. Siv Friðleifsdóttir segir tillögurnar framsýnar.**

**LÝÐHEILSA** „Þessar tillögur eru mjög framsýnar og í raun átti ég ekki von á því að nefndin gengi svona langt,“ segir Siv Friðleifsdóttir þingmaður og formaður velferðarnefndar Norðurlandaráðs. Þing ráðsins stendur nú yfir í Helsinki og í dag verður fjallað um víðtækar tillögur nefndarinnar í lýðheilsustefnu í áfengis- og fíkniefnamálum. Meðal þess sem nefndin leggur til er að Norðurlöndin verði tóbakslaus árið 2040, áfengisauglýsingar sem beinast sérstaklega að ungu fólki verði bannaðar og settir verði áfengislásar í bíla sem komi í veg fyrir það að bílstjórar undir áhrifum áfengis geti ekið af stað.

„Við höfðum lýðheilsusjónarmið í huga og undirbjuggum tillögurnar með því að ræða við fremstu sérfræðinga í heiminum um hvað virkar í þessum málum og hvað ekki og við komumst að því að það sem virkar einna best til að takmarka notkun áfengis og fíkniefna er að hafa takmarkað aðgengi og lítinn sýnileika á þessum vörum. Það þýðir til dæmis að einkasala á áfengi eins og tíðkast á Norðurlöndum utan Danmerkur dregur úr misnotkun áfengis, skattlagning vöru virkar líka vel og aldurstakmörk á áfengiskaupum. Það sem virkar hins vegar ekki eru upplýsinga- og áróðursherferðir stjórnvalda, fyrir utan það að fræða nemendur skóla almennt um skaðsemi tóbaks- og áfengis.“

Tillögur velferðarnefndarinnar fela að sögn Sivjar ekki í sér að sígarettur verði bannaðar árið 2040. Nefndin vilji hins vegar að

> Ég hef nú viljað stíga það skref að tóbak verði tekið úr almennri sölu, sett í ÁTVR eða apótek til þess að vernda börn og fullorðna.
>
> **SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR**
> FORMAÐUR VELFERÐARNEFNDAR

svo mörg skref verði stigin í forvarnarmálum áður en árið 2040 rennur upp að þær verði horfnar af sjónarsviðinu. „Ég hef nú viljað stíga það skref að tóbak verði tekið úr almennri sölu, sett inn í ÁTVR eða apótek til þess að vernda börn og fullorðna.“

Siv segir að nefndin hafi komist að þeirri niðurstöðu að norræn áfengispólitík virki. „Evrópusambandið setti sig nú upp á móti því á sínum tíma að Svíar seldu áfengi í ríkisreknum búðum, Systembolaget. Og það mál endaði fyrir dómstólum. En Svíar unnu það málaferli á grundvelli lýðheilsusjónarmiða og nú er það svo að suðrænn ríki, sem hafa haft fáar reglur í þessum málum, eru frekar farin að horfa til Norðurlanda í þessum efnum. Þess má geta að Svíar hafa reiknað út að ef þeir myndu breyta fyrirkomulaginu á áfengissölunni myndi hún aukast um 38%, með tilheyrandi kostnaði fyrir heilbrigðiskerfið. Einn grunnþráður í þessum tillögum er að þjáning og skaði af neyslu tóbaks- og áfengis verði sem minnstur, sem best verður gert með takmörkuðu aðgengi að áfengi og tóbaki.“ sigridur@frettabladid.is



**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR** Takmarkað aðgengi að áfengi og tóbaki er besta forvörnin segir Siv Friðleifsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/X

## Áfengislása í bíla



■ Meðal þess sem velferðarnefnd Norðurlandaráðs leggur til í áfengis- og tóbaksmálum er að áfengislásar verði settir í bifreiðar atvinnubílstjóra á Norðurlöndum, þar á meðal Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi, og í bíla einstaklinga sem dæmdir hafa verið fyrir ölvun við akstur. Sömuleiðis verði gerð forkönnun á innleiðingu notkunar áfengislása í öllum tegundum farartækja. Þess má geta að slíkar reglur hafa tekið gildi í Frakklandi.

■ Áfengislásar virka þannig að bílstjórar verða að blása í þá áður en ekið er af stað. Mælist þeir með of hátt áfengi í blóðinu geta þeir ekki gangsett bíl sinn. Velferðarnefndin leggur til að leyfilegt áfengismagn í blóðinu verði takmarkað við 0,2 prómill, eins og raunin er í Noregi og Svíþjóð nú þegar en á Íslandi til dæmis er leyfilegt magn 0,5 prómill, sem gæti breyst á næstunni verði tillaga Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra um að lækka þau viðmið í 0,2 prómill samþykkt.






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**SNARPAR HVIÐUR**
Við megum búast við vonskuveðri víða um land næstu daga og lítur ekki út fyrir að það gangi niður fyrr en seint á laugardag. Stórhríð og skafrenningur fyrir norðan og austan með mjög snörpum hviðum við fjöll víða.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 13° |
| Berlín | 7° |
| Billund | 8° |
| Frankfurt | 10° |
| Friedrichshafen | 12° |
| Gautaborg | 8° |
| Kaupmannahöfn | 8° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 11° |
| Mallorca | 22° |
| New York | 13° |
| Orlando | 26° |
| Ósló | 5° |
| París | 12° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 7° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# FRUMSÝNUM JÓLIN Í DAG

## 25% afsláttur*

## í Skútuvogi í allan dag

**AÐEINS Í DAG**

# OPIÐ TIL KL: 21:00

**25% AFSLÁTTUR**

***AF ÖLLUM VÖRUM Í BLÓMAVALI SKÚTUVOGI**
**OG ÖLLUM JÓLAVÖRUM, SMÁRAFTÆKJUM, BÚSÁHÖLDUM OG ÚTIVISTARFATNAÐI Í HÚSASMIÐJUNNI SKÚTUVOGI**



**25% afsláttur af ÖLLUM vörum í Blómavali í allan dag***



**HELGI BJÖRNS tekur lagið í Blómavali kl. 19:15**



**JÓLASTEIK aðeins 990 kr.**
Ekta dönsk jólasvínasteik með puru, kartöflum, rauðkáli, salati og brúnni sósu.
**kl. 11:30-14:00 og 18:00 - 20:00**

**KVÖLD SPRENGJA**



**HEFST KL. 19:00**

Quality Street askja.
**aðeins 499 kr**
fullt verð 1.599 kr

Orkidea
**aðeins 999 kr**
fullt verð 1.990 kr

Jólastjarna
**aðeins 799 kr**
fullt verð 1.490 kr

**Erika að gjöf**
Allar konur sem versla fá 1. stk. Eriku að gjöf.
eftir kl. 19:00
meðan birgðir endast

## Uppákomur, kynningar og tilboð í allan dag
**kl. 14:00-21:00**

- Heilsutorgið í Blómavali kynnir lífrænar vörur og heilsuvörur.
- Remington kynnir hársnyrtivörur.
- Amé sósíaldrykkurinn
- Snyrtivörukynningar frá: Noel, Avon, Volare, Crabtree & Evelyn, Veleda og fleirum
- Kátir krakkar kynna barnafatnað
- True North kynnir útivistarfatnað
- Íslensk hönnun skartgripir og fatnaður.
- Helgi Björns tekur lagið kl. 19:15
- Jólasteik aðeins 990 kr.

... og margt fleira!



**25% afsláttur af smáraftækjum, búsáhöldum og útivistarfatnaði í Húsasmiðjunni**

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

*Afsláttur gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar"

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hversu miklum afgangi á rekstur Reykjavíkurborgar að skila 2013?*
2. *Hversu margar kindur voru á Íslandi í fyrra?*
3. *Hvaða bandaríska kvikmyndafyrirtæki keypti Disney-kvikmyndafyrirtækið á dögunum?*

**SVÖR:**

*1. Um 7,6 milljörðum 2. Um 475 þúsund 3. Lucasfilm*

Íbúasamtök miðborgar segja helgargesti með fáheyrða ósiði miðað við erlendis:

# Stinga upp á skiltum gegn háreysti

**UMHVERFISMÁL** „Hinn almenni helgargestur veitingahúsanna í miðborginni kemur seint og hefur þá gjarna setið nokkurn tíma að drykkju. Hann er hávær og fer með hrópum og köllum um torg og stræti og ef hann bregður sér út af krá til að fá sér smók keppist hann við að yfirgnæfa alla hina,“ segir Magnús Skúlason, formaður Íbúasamtaka miðborgarinnar.

Bendir Magnús á að samkvæmt lögreglusamþykkt Reykjavíkur sé bannað að hafast nokkuð að sem veldur ónæði eða raskar næturró manna. Sá sem rekur veitinga- eða gististað, kvikmyndahús, leikhús eða annað samkomuhús eigi að sjá til þess að starfsemin valdi ekki nágrönnum eða vegfarendum ónæði.

„Þetta er leiður ósiður sem er fáheyrður í þeim menningarborgum sem við viljum helst bera okkur saman við,“ heldur Magnús áfram um háreystina. Hann leggur til lausn að erlendri fyrirmynd. „Eftir að reykingabann varð almenn regla í evrópskum borgum hafa margir veitingamenn farið þá leið að festa upp skilti við útganga eða fyrir utan staði sína þar sem þeir hvetja gesti til að taka tillit til nágrannanna og raska ekki næturró þeirra með háreysti fyrir utan.“

Stjórn íbúasamtakanna segir að uppsetning slíkra skilta gæti bætt ástandið verulega og fer því fram á samstarf við Félag kráareigenda og Hverfisráð Miðborgar um að koma því í framkvæmd. „Það gæti orðið gott fyrsta skref til að færa þessi mál til betri vegar,“ segir í yfirlýsingu frá íbúasamtökunum. **- gar**



**GLAUMUR OG GLEÐI** Næturlífið í Reykjavík er fjörugt en umdeilt. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Dregur sig í hlé vegna upptöku af brasktali

**Framkvæmdastjóri Landsbjargar heyrist tala um stórfellda fjármagnsflutninga til landsins á myndskeiði sem birt hefur verið á netinu. Neitar að tjá sig um viðskiptin og er farinn í leyfi. Málið ótengt Landsbjörgu, segir stjórnarformaður.**

**LÖGREGLUMÁL** Guðmundur Örn Jóhannsson óskaði í fyrrakvöld eftir leyfi frá störfum sem framkvæmdastjóri Slysavarnafélagsins Landsbjargar vegna ásakana á hendur honum sem birtast í myndbandi á vefnum Youtube. Þar er honum gefið að sök hundraða milljóna gjaldeyrisbrask og peningaþvætti og að hafa misnotað aðstöðu sína hjá Landsbjörgu til verkanna.



**GUÐMUNDUR ÖRN JÓHANNSSON**

„Við fengum sendan tengil á þetta myndband á mánudag og við skoðuðum það, ræddum við okkar fólk og í kjölfarið var ákveðið að okkar leiðir þyrfti að skilja,“ segir Hörður Már Harðarson, stjórnarformaður Landsbjargar. „Við komumst að samkomulagi um að það væri eina leiðin í stöðunni.“

Samtalið sem heyrist á myndskeiðinu er tekið upp árið 2010. Guðmundur kom ekki til starfa fyrir Landsbjörgu fyrr en í vor en vann áður nokkrum sinnum fyrir félagið í verktöku sem sjálfstæður ráðgjafi í kringum sölu Neyðarkallsins. Hörður segir að þar hafi Guðmundur ekki verið í neinni aðstöðu sem hann gat misnotað og ekkert bendi til þess að félagið tengist málinu á nokkurn hátt.

„Gjaldkeri og endurskoðandi félagsins eru að skoða málið og það hefur ekkert misjafnt komið fram. Við munum fá alla þá aðila sem til þarf til að lýsa í öll horn og munum hreinsa okkur af þessu öllu saman. Ég óttast það ekki neitt.“

Fjölmiðlum barst í gær yfirlýsing vegna málsins frá manni sem heitir Sigurður Kolbeinsson. Hann kvað myndbandið hafa verið útbúið af athafnamanninum Bóasi Ragnari Bóassyni, sem þeir Guðmundur hefðu kært fyrir stórfellt skjalafals og fjársvik. Myndbandið hefði verið hefnd fyrir það að þeir hefðu ekki fallið frá kærunni.

Ekki náðist í Guðmund og Sigurð í gær. Guðmundur hefur ekkert viljað tjá sig um þau viðskipti sem hann heyrist ræða við Bóas á myndskeiðinu og sagði í yfirlýsingu í gær að ummælin væru slitin úr samhengi og myndbandið væri tilbúningur. Þar er talað um háar fjárhæðir sem séu væntanlegar til landsins í áföngum, og mögulegan gróða Bóasar ef hann taki að sér að vera milligöngumaður í þeim fjármagnsflutningum. Guðmundur hefur kært Bóas fyrir gerð myndbandsins.

Meint skjalafals og fjársvik Bóasar er nú til rannsóknar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og sérstakur saksóknari segir jafnframt að það sem heyrist á upptökunni gefi tilefni til athugunar.

Bóas sagði við Vísi í gær að á upptökunni væri verið að ræða gjaldeyrisbrask og að lögreglan vaktaði nú heimili hans vegna hótana um handrukkanir.

**stigur@frettabladid.is**

### Vildu ekki stefna Neyðarkallinum í hættu



Landsbjörg brást hart við þegar málið kom upp, ekki síst vegna þess að um helgina hefst sala félagsins á Neyðarkallinum – annarri stærstu fjáröflun þess á hverju ári. Ekki þótti verjandi að stefna henni í hættu með því að taka málið vettlingatökum. Rúmlega 2.000 sjálfboðaliðar munu selja Neyðarkallinn við allar helstu verslanir landsins um helgina og auk þess ganga í hús. Þetta er í sjöunda sinn sem Neyðarkallinn er seldur og í þetta sinn er hann í gervi björgunarkafara.

Héraðsbúar sammála SÁÁ:

## Vilja líka hluta áfengisgjaldsins

**HEILBRIGÐISMÁL „Bæjarráð lýsir sig fylgjandi hugmyndum um að hluti af áfengisgjaldi renni til sveitarfélaga til að standa straum af kostnaði við þjónustu við áfengis- og vímuefnasjúklinga,“ segir bæjarráð Fljótsdalshéraðs. Tilefnið er beiðni SÁÁ um „stuðningsyfirlýsingu bæjarstjórnar við að 10 prósent af áfengisgjaldi, sem ríkið leggur á selt áfengi, renni til aðstoðar fólki í áfengis- og vímuefnavanda“.**

**Einnig var óskað eftir því að lagst væri á sveif með SÁÁ um að safna undirskriftum almennings til stuðnings „málstaðnum“. Bæjarráð heimilaði að undirskriftalisti vegna málsins fengi að liggja frammi í afgreiðslu sveitarfélagsins. - gar**

Lægri tölur en í fyrra:

## Vöruskiptin hagstæð um 48 milljarða króna

**VIÐSKIPTI** Vöruskipti við útlönd voru hagstæð um 48,7 milljarða króna fyrstu níu mánuði ársins.

Þessa níu mánuði voru fluttar út vörur fyrir 462,4 milljarða króna. Flutt var inn fyrir 413,7 milljarða. Afgangur af vöruskiptunum nam því 48,7 milljörðum króna. Á sama tímabili í fyrra voru þau hagstæð um 82,3 milljarða á sama gengi. Verðmæti vöruútflutnings var 5,5 milljörðum minna þessa níu mánuði en sömu mánuði í fyrra. **- þeb**

**BRUNI**

**Kviknaði í bíl við Kaplakrika**

Eldur kviknaði í bíl á hringtorginu við Kaplakrika í Hafnarfirði í gærmorgun. Slökkvilið Hafnarfjarðar kom á vettvang og slökkti fljótlega í bílnum. Engin slys urðu en bíllinn er nokkuð skemmdur.



**ÞINGVELLIR** Fjórar stjörnur af fimm á Tripadvisor.

Hrifnir af Þingvöllum:

## Toppeinkunn frá ferðafólki

**FERÐAÞJÓNUSTA** Notendur heimasíðunnar Tripadvisor.com gefa Þingvöllum hæstu einkunn sem áfangastað eða fjóra og hálfa stjörnu af fimm mögulegum.

Þetta kemur fram á vefsetri þjóðgarðsins. Þar segir jafnframt að Tripadvisor.com sé vinsæl síða til að meta ferðamannastaði og gefa þeim einkunnir. Þar sé til dæmis litið til einstakra veitingastaða og hótela og svo til heilla borga og landa. „Þingvellir eru einn fjölsóttasti áfangastaður ferðamanna á Íslandi og má á vefnum lesa um skoðanir og upplifanir ferðamanna á Þingvöllum,“ segir á Thingvellir.is. **- gar**

Slökkviliðið kallað út í bakarí:

## Eldur kviknaði í bökunarofni

**BRUNI Eldur kviknaði í bökunarofni brauðgerðarinnar Myllunnar í Skeifunni í fyrrakvöld og var fjölmennt slökkvilið sent á vettvang.**

**Starfsfólk brást hins vegar skjótt við og hafði slökkt eldinn þegar liðið kom á vettvang, en það gekk úr skugga um að hvergi logaði í glæðum. Við fyrstu skoðun var tjónið ekki talið umtalsvert.**



# 30% AFSLÁTTUR

## AF VÖLDUM JÓLABÓKUM




**4.549KR.**
KYNNINGARVERÐ




30% afsláttur

**3.849KR.**
~~5.499KR.~~




30% afsláttur

**3.849KR.**
~~5.499KR.~~




**4.549KR.**
KYNNINGARVERÐ




30% afsláttur

**4.549KR.**
~~6.499KR.~~




**4.409KR.**
KYNNINGARVERÐ




30% afsláttur

**4.409KR.**
~~6.299KR.~~




30% afsláttur

**4.549KR.**
~~6.499KR.~~




**2.799KR.**
KYNNINGARVERÐ




30% afsláttur

**2.799KR.**
~~3.999KR.~~




**2.799KR.**
KYNNINGARVERÐ




30% afsláttur

**2.799KR.**
~~3.999KR.~~

24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

Allir titlar fást í Smáralind,Kringlunni, Holtagörðum,Skeifunni og Garðabæ. Minna úrval í öðrum verslunum.
Gildir til 4. nóvember á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## Ættleiðingar einhleypra hafnar á ný

# Dásamleg stund að fá barnið í fangið

**Ásta Bjarney Elíasdóttir varð fyrsta einhleypa manneskjan í fimm ár til þess að ættleiða barn erlendis frá þegar hún fékk Árna Zdenék son sinn frá Tékklandi í byrjun ársins.**

„Nú er lífið bara eins og hjá öllum öðrum fjölskyldum, við erum í vinnu og leikskóla á daginn og svo förum við saman heim og dúllum okkur fram að kvöldmat og háttatíma," segir Ásta Bjarney Elíasdóttir, sem ættleiddi dreng frá Tékklandi í byrjun ársins. Hún var fyrsta einhleypa manneskjan í nokkur ár til þess að ættleiða barn til landsins.

„Mér finnst þetta bara alveg rosalega ánægjulegt ferli allt saman. Maður þarf svolítið að hlúa vel að sjálfum sér og nýta fjölskylduna í kring, sérstaklega fyrstu mánuðina, af því að maður er einhleypur. Maður er ekki að skiptast á, svo það er gott að vera búinn að undirbúa baklandið. Enda finn ég það að ég var ekkert ein að ættleiða barn, öll fjölskyldan mín var að ættleiða barn og það hefur gengið dásamlega. Bæði fjölskylda og vinir hafa staðið eins og klettur við bakið á mér," segir Ásta.

Ásta sendi inn umsókn og hóf pappírsvinnu vegna ættleiðingar í apríl 2010. Í lok janúar 2011 hafði hún fengið forsamþykki og umsóknin hennar var send til Tékklands í febrúar.

„Svo var tekin ákvörðun um hvort ég væri talin sérstaklega hæf, því þess er krafist af einhleypum til að fá að taka á móti barni. Ég ákvað að biðja um barn á aldrinum tveggja til fimm ára, en flestir óska eftir núll til tveggja ára barni. Ég hafði einhvern veginn köllun til að taka eldra barn, en það eru færri sem vilja það."

Ásta fékk svar þann 28. júní í fyrra um að ákveðið hefði verið að hún fengi barn. „Ég var náttúrulega agalega glöð, en ég þorði ekki að trúa þessu almennilega. Svo bjóst ég við að tveggja til þriggja ára bið tæki við. Rétt eftir að ég fékk já-ið fékk fjölskylda héðan barn eftir tveggja mánaða bið. Þá fékk ég kitl í magann og gerði mér grein fyrir því að þetta gæti gerst hvenær sem væri." Símtalið kom svo frá Íslenskri ættleiðingu þann níunda desember. „Ég skalf í hnjánum og rauk niður eftir alveg hrikalega glöð og hrærð. Ég las skýrsluna hans og sá myndirnar af honum og ákvað þetta strax.

Við förum út 19. janúar. Mér fannst mjög mikilvægt að foreldrar mínir kæmu með, þetta er ekki eins manns verk. Þótt maður sé einhleypur og mjög sjálfstæður þá þarf maður að fá einhvern til að styðja sig. Ég fékk Árna svo í fangið 24. janúar og það var dásamleg stund. Hann var spurður hvort hann vissi hver þetta væri og hann sagði á tékknesku „þetta er mamma mín". Svo var hann spurður hvort hann vildi fara til mín og hann sagði já og stökk í fangið á mér."

Næstu daga á eftir tók við aðlögun, þar sem Ásta var með Árna yfir daginn. Hún þurfti þó að fara með hann á barnaheimilið í hádegis- og kvöldmat til þess að hægt væri að sjá hvernig honum liði. „Það var orðið mjög erfitt undir lokin, því að í hvert skipti sem ég fór með hann aftur þá hélt hann að ég ætlaði að skila sér. Hann átti mjög erfitt með að fara til baka, og ég líka." Sálfræðingur skoðaði samskipti mæðginanna og ákvað að Árni væri tilbúinn til þess að fara til Ástu. „Við vorum í tengslum við barnaheimilið þangað til við fórum heim." Fjölskyldan flaug til Kaupmannahafnar þar sem þau gistu hjá vinafólki. „Það var fyrsta heimilið sem Árni kom inn á. Svo fórum við heim og þá byrjaði aðlögunarferlið fyrir alvöru. Hann var orðinn altalandi á íslensku í maí."

Spurð um aðlögunarferlið segir Ásta það hafa gengið mjög vel. Árni er nú kominn á leikskóla og verður í eitt ár í viðbót. „Þetta var svolítið erfitt fyrir hann fyrst, þegar hann var tungumálalaus." Hefðbundnar áhyggjur foreldra sem ættleiða börn eru tengslamyndun við barnið, „en hann var alltaf ofsalega ákveðinn í því að ég væri mamma hans og hann var greinilega búinn að bíða eftir mér. Hann kunni ekkert að eiga mömmu fyrst og þurfti að læra það svolítið. Það gekk bara vel og hann er ofsalega montinn af mér. Ef við erum í sundi eða einhvers staðar þá segir hann öllum: „Þetta er mamma mín, ég á þessa mömmu, átt þú líka mömmu?" Hann var alltaf með þetta á hreinu."



**MÆÐGININ Í DIMMUBORGUM** Aðlögunin hjá Árna hefur gengið mjög vel að sögn Ástu og hann var orðinn altalandi á íslensku í maí.

### Tók ástfóstri við buxur

Þótt fólk sem ættleiði börn sé afskaplega vel undirbúið er ekki hægt að vita allt, og öll börn eru ólík. „Það verður að skilja þau. Árni hefur tekið ástfóstri við buxur til dæmis. Hann var alltaf á einhverjum bangsanáttbuxum á barnaheimilinu, þannig að honum finnst hann rosalega flottur þegar hann er kominn í íþróttabuxur eða gallabuxur, en það er ekki sama hvaða buxur. Hann hefur gríðarlega mikla skoðun á þessu og vill ekki fara í hvað sem er. Margir foreldrar myndu kannski segja að þau klæði bara barnið og það ráði þessu ekki, en það er svo miklu dýpri hugsun á bak við það hvers vegna hann vill ekki vera í ákveðnum buxum. Ef þær eru ekki nógu fínar þá minnir það hann bara á náttbuxur. Svona veit maður ekkert fyrir fram," segir Ásta Bjarney.

**Þórunn Elísabet Bogadóttir**
thorunn@frettabladid.is







**20 TIL 70% AFSLÁTTUR**

**AF ÖLLUM VÖRUM Á KONUKVÖLDI**

## HIÐ EINA SANNA
# KÓSÍ KONUKVÖLD
## Í GARÐHEIMUM

**FIMMTUDAGINN 1. NÓVEMBER FRÁ 19.00 TIL 22.00**

**FRÍTT INN!**



KYNNIR KVÖLDSINS
**Anna Svava**

## LUKKUPOTTUR
*dæmi um vinninga*

*Superior class gisting fyrir 2 með morgunmat og 3ja rétta máltíð á Brassirie Grand*

*Joseph Joseph brettasett, Karafla og glös frá Rosendahl og sjálfvökvandi kryddjurtapottur frá Eva Solo*

*Glæsileg jóla/aðventuskreyting hönnuð af blóma-skreytum Garðheima og amerískt jólatré*

*10 manna dekurpakkar, nudd og fótsnyrting*

***auk annarra óvæntra vinninga frá Garðheimum og samstarfsaðilum***

## DAGSKRÁ KVÖLDSINS

**Fordrykkur**
*í boði Ölgerðarinnar*

**Bjarni Ara kynnir**
*Grand jólahlaðborðið og áritar nýja diskinn „Elvis Gospel" og tekur nokkur lög*



**Nýjar hugmyndir**
*í jóla- og aðventuskreytingum sýnikennsla*



**Ívar Guðmunds og Arnar Grant**
*kynna íslenska proteindrykkinn „Hámark" og bregða á leik*

**Vörukynningar**
*áhersla á íslenska hönnun og framleiðslu*

**Tískusýning íslensk hönnun**
*Spiral design og Leynibúðin sýna.*

**Hekla kynnir tvo nýja borgarbíla**
*VW UP og frumsýnir Skoda Citigo – sérstakur lukkupottur*



**Hinrik matreiðslumeistari**
*kynnir Grillskóla Garðheima og Weber*

**Lukkuleikur**
*fjöldi veglegra vinninga*

***Vertu velkomin – við tökum vel á móti þér!***



***Ljúffeng sætuhnúðasúpa með engifer og kokosmjólk***
**í boði Spírunnar bistró**
*á efri hæð* **frá kl. 18.00 til 19.00**

## Spíran bistro
*er opin á konukvöldi*
*ljúffeng salöt, svalandi drykkir, úrvals kaffidrykkir, tertur, brauð og sætmeti.*

GARÐHEIMAR
FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI Í 21 ÁR

**SAMSTARFSAÐILAR KONUKVÖLDSINS ERU:**

SAGAMEDICA · Leynibúðin · HEKLA · heilsa – hafðu það gott · hj · FREYJA · HEILSA OG FEGURÐ · SPIRAL · HÁMARK PRÓTEINDRYKKUR

## Eyðilegging eftir fellibylinn Sandy

# New York illa löskuð eftir Sandy

**Lífið í New York er smám saman að færast í fastar skorður eftir hamfarirnar sem gengu yfir í byrjun vikunnar. Enn eru þó heilu hverfin án rafmagns og almenningssamgöngur úr skorðum. Þeir sem þurftu að yfirgefa heimili sín eru að snúa aftur og kanna skemmdir.**

Íbúar í New York þurftu margir hverjir að fara óvenjulegar leiðir til að komast í vinnuna í gær – þeir sem komust á annað borð.

Lestarsamgöngur liggja niðri, og munu liggja niðri að hluta nokkra daga í viðbót þótt nokkrar lestir fari af stað í dag. Strætisvagnakerfið er að hluta komið í gang, og það er ókeypis í strætó. Einnig hafa leigubílstjórar fengið undanþágu og mega taka fleiri en einn farþega í einu og láta út á mismunandi stöðum.

Sumir geta því notfært sér strætisvagna eða leigubíla, aðrir hjóla eða jafnvel ganga langar vegalengdir. Sumir eru svo heppnir að geta unnið heima hjá sér.

Nokkur hverfi í miðborginni eru þó enn rafmagnslaus, og þar eru hvorki götuljós né umferðarljós virk. Íbúar þar óttast skemmdarverk og rán, en lögreglan sendi fjölmennt lið á stúfana til að keyra um göturnar og standa á götuhornum.

Alls urðu rúmar átta milljónir manna án rafmagns þegar fellibylurinn Sandy skall á síðastliðinn mánudag. Í gær voru enn 6,5 milljónir heimila og fyrirtækja án rafmagns, og allt leit út fyrir að víða kæmist ekkert rafmagn á fyrr en í fyrsta lagi um helgina.

Rafmagnsleysið er á mjög stóru svæði, allt frá Wisconsin í vestri til Suður-Karólínu í suðri, en þó engan veginn á öllu svæðinu heldur á köflum innan um svæði þar sem rafmagnið heldur sér.

Víða skapaði rafmagnsleysið töluverða hættu, til dæmis í ríkinu New Jersey, þar sem rafmagnið fór af 29 sjúkrahúsum.

Miklar skemmdir urðu víða á húsnæði af völdum flóða og ofsaroks. Þeir sem þurftu að yfirgefa heimili sín áður en stormurinn skall á hafa verið að snúa heim og skoða skemmdirnar.

„Þetta er sárt eftir að hafa verið hérna í 37 ár,“ hafði fréttastofan AP eftir Barry Prezioso, íbúa í Point Pleasant í New Jersey, einn þeirra sem komu að húsi sínu töluvert skemmdu. „Að sjá heimili sitt eyðilagt svona, það er erfitt. En enginn meiddist og enn er hægt að hafast við á efri hæðinni, þannig að við getum búið uppi og hreinsað þetta út. Ég er viss um að sumir urðu verr úti. Mér finnst ég frekar heppinn.“

Tala þeirra sem létu lífið af völdum hamfaranna var síðdegis í gær komin upp í 59 og var óttast að hún ætti enn eftir að hækka, enda margir illa slasaðir og margra enn saknað.


Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



**EYÐILEGGING Í NEW JERSEY** Á Long Beach í New Jersey urðu miklar skemmdir, þar á meðal á þessu húsi og bílnum sem er grafinn í sand eftir flóðin. NORDICPHOTOS/AFP

## Obama flaug yfir flóðasvæðin

Chris Christie, ríkisstjóri í New Jersey, fór í gær með Barack Obama Bandaríkjaforseta í flugferð yfir svæðin þar sem skemmdir af völdum fellibyls og flóða urðu hvað mestar.

Christie er repúblikani, en hefur hrósað forsetanum fyrir að láta til sín taka og aðstoðað stjórnvöld á hamfarasvæðunum við að takast á við afleiðingarnar.

Stuðningsmönnum Mitts Romney tókst þó að minna forsetann á forsetakosningarnar, sem verða á þriðjudaginn í næstu viku, með því að skrifa nafn mótframbjóðandans stórum stöfum í sandinn þar sem það blasti við úr flugvél forsetans.

Úrslit kosninganna gætu hæglega ráðist af því hvernig kjósendum þykir Obama standa sig í þessari raun.



**OBAMA OG CHRISTIE** Demókrati og repúblikani takast saman á við afleiðingar hamfaranna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Sjötíu manns látnir í Karíbahafinu

Fellibylurinn Sandy kostaði að minnsta kosti sjötíu manns lífið á eyjum Karíbahafsins, en þar gerði hann mikinn usla áður en hann hélt til Bandaríkjanna snemma í þessari viku.

Flestir létu lífið á Haítí, þótt fellibylurinn sjálfur hafi ekki náð þangað, en honum fylgdi mikið úrhelli og flóð sem kostuðu yfir fimmtíu manns lífið og eyðilögðu uppskeru á stórum svæðum.

Á Kúbu kostaði Sandy að minnsta kosti ellefu manns lífið og lagði að minnsta kosti fimmtán þúsund heimili í rúst, en yfir 200 þúsund heimili urðu fyrir skemmdum.

Á Jamaíku lést einn aldraður maður, meira en sjötíu heimili eyðilögðust alveg og nokkur hundruð heimili skemmdust illa.

Þá létu tveir menn lífið á Bahamaeyjum og tveir í Dóminíska lýðveldinu.



**BÚA Í TJALDI** Fjöldi fólks á Haítí býr nú í tjaldbúðum sem settar voru upp eftir hamfarirnar. NORDICPHOTOS/AFP

www.volkswagen.is




Volkswagen Polo
- fyrir okkur öll

Meðaleyðsla aðeins
3,8 lítrar á hverja 100 km*

Polo kostar aðeins frá
2.350.000 kr.
Polo Trendline 1.2 bensín, 70 hestafla, beinskiptur

Das Auto.

* Miðað við blandaðan akstur á beinskiptum Volkswagen Polo Trendline 1.2 TDI

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Polo

Reynslan er góð!
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!

# JÓLALJÓSIN

**Þú færð öll jólaljósin hjá okkur. Mikið úrval af inniseríum, jóla-ljósum og útiseríum sem henta íslenskum aðstæðum.**



Aðventuljós
VERÐ 16.900 NÚ 8.000 KR.
SPARAÐU 53%



Aðventuljós
VERÐ 10.900 NÚ 6.900 KR.
SPARAÐU 37%



LED Hringur
VERÐ 8.500 NÚ 6.800 KR.
SPARAÐU 20%



LED Hringur
VERÐ 15.500 NÚ 10.900 KR.
SPARAÐU 30%



Retro star
VERÐ 2.900 KR.



Stjarna 60cm
VERÐ 2.390 KR.



MIDJA AÐVENTULJÓS 5 LITIR!

Midja aðventuljós
VERÐ 15.900 NÚ 9.900 KR.
SPARAÐU 29%



Rosetta Bird
VERÐ 14.900 KR.



ANTARCTICA ÚTI OG INNI!

Antarctica úti og inni
VERÐ 5.900 KR.

DYNAMO REYKJAVIK



Englar LED ljós
VERÐ 9.900 NÚ 7.900 KR.
SPARAÐU 20%



System Expo

## JÓLASERÍUR SEM ÞOLA ÍSLENSKA VEÐRÁTTU

Einföld uppsetning
20.000 klst. líftími á peru
Enginn spennubreytir

kíktu inn á **www.pfaff.is**

Pfaff // Grensásvegi 13 // Sími 414 0400

PFAFF

# neytendur
*hagur heimilanna*

**3,9%** **ER VERÐHÆKKUN** dagvöru síðastliðna tólf mánuði.

■ **Snyrting**

## Varað við efni sem á að lengja augnhárin



Sænska lyfjastofnunin hefur varað neytendur við að nota vörur sem sagðar eru lengja augnhárin. Margar vörutegundanna innihalda prostaglandín sem geta orsakað aukaverkanir að því er segir í frétt á vef Dagens Nyheter. Prostaglandín geta valdið kláða, roða í augnhvítu, verkjum og breyttum lit á augnlokunum. Efnin geta jafnvel breytt lit augnanna.

■ **Samgöngur**

## Flugfarþegar fái bætur vegna þriggja tíma seinkunar



Flugfélög verða að greiða farþegum bætur verði þriggja klukkustunda seinkun á flugi eða meira ef ekki er um alveg sérstakar aðstæður að ræða. Þetta hefur Evrópudómstóllinn, æðsta dómstig Evrópusambandsins, úrskurðað. Í frétt á vef Affärsvärlden, sem vitnar í Bloomberg News, segir að þar með hafi úrskurður lægra dómstigs verið staðfestur.

■ **Heilbrigði**

## Ný íslensk vara verndar tannglerunginn

Nýtt sprotafyrirtæki, Ice Medico, hefur sett á markaðinn nýja, sykurlausa vöru sem eykur munnvatnsframleiðslu hjá fólki. Um er að ræða mola af hæfilegri stærð sem líta út eins og brjóstsykur. Molarnir, sem sagðir eru hollir tönnum, nefnast HAp+. Sérstaða þeirra er sú að þeir eru munnvatnsörvandi án þess að hafa glerungseyðandi áhrif. Aðrar vörur með svipað sýrustig eru undir öllum kringumstæðum glerungseyðandi, að því er segir í fréttatilkynningu frá fyrirtækinu. Bent er á að molinn sé heppilegur eftir máltíðir fyrir alla, ekki einungis þá sem eru með munnþurrk. Eigandi fyrirtækisins er dr. Þorbjörg Jensdóttir sem þróaði molana.

# Gæta þarf varúðar við haustverkin í garðinum

**Snöggslegið gras er mun viðkvæmara fyrir frostskemmdum og samkeppni við illgresi, meðal annars mosa, en gras sem fær að fara hæfilega loðið inn í veturinn. Haustklippingar og laufhreinsun garða eru einnig varasamar, að sögn Magnúsar Bjarklind skrúðgarðyrkjumeistara.**

„Einhverjir virðast telja að mosi þrífist vel í hávöxnu grasi og því beri að slá grasið snöggt fyrir veturinn. Þetta er alrangt. Það er betra fyrir grasið að fara hæfilega loðið inn í veturinn þar sem snöggslegið gras er mun viðkvæmara fyrir frostskemmdum og samkeppni við mosa og annað illgresi,“ segir Magnús Bjarklind skrúðgarðyrkjumeistari.

Hann segir áburðargjöf fyrir veturinn, sem vörn gegn mosa, einnig byggða á misskilningi. „Almenn áburðargjöf þar sem blönduðum áburði, meðal annars með köfnunarefni, er dreift á grassvæði getur hleypt af stað vexti og veikt grasið fyrir veturinn með slæmum afleiðingum. Áburðargjöf á haustin er yfirleitt aðeins notuð á golf- og knattspyrnuvöllum. Í þeim tilfellum er um kalíáburð að ræða sem notaður er til að styrkja grasið yfir veturinn en hefur ekkert með mosa að gera.“

Tré eru viðkvæm fyrir sveppasjúkdómum á haustin þegar mikið er um sveppagró í loftinu. „Sár eftir klippingar ná ekki að lokast. Einnig má gera ráð fyrir að vetrarskemmdir, eins og til dæmis kal í greinum, komi verst niður á trjám sem klippt eru á haustin.“

Magnús segir að fara eigi varlega í laufhreinsun á haustin. „Það á að leyfa laufinu að liggja. Það hlífir jarðvegi, rótum og jarðvegsdýrum. Stór hluti laufblaðanna brotnar niður yfir vetrartímann og eykur lífrænt innihald jarðvegsins.“

ibs@frettabladid.is

## Aspir og önnur hávaxin tré veita skjól



Sögusagnir um að rætur aspa valdi skemmdum á lögnum og mannvirkjum eru stórlega ýktar. Þetta er mat Magnúsar Bjarklind skrúðgarðyrkjumeistara.

Hann segir allar trjárætur geta vaxið í lagnir og í jöfnu hlutfalli við vaxtarhraða og stærð. Hins vegar þurfi að vega og meta kosti og ókosti trjáa með tilliti til útsýnis, rýmis og sólarljóss.

Magnús tekur það fram að stórvaxnar tegundir eins og aspir og greni setji svip á borgarmyndina, skýli fyrir veðri og vindum, bindi ryk, hækki meðalhita og skapi betri skilyrði til útivistar.

Skrúðgarðyrkjumeistarinn segir garðeigendur þurfa að vara sig á auglýsingum um grisjunarátök og herferð gegn mosa frá aðilum sem ekki hafi faglega reynslu.



HR
HELENA RUBINSTEIN

POWER BEAUTY
SINCE 1902



# LASH QUEEN CELEBRATION

SANNKALLAÐUR SKARTGRIPUR FYRIR AUGNHÁRIN.
GOÐSAGNARKENND AUGU, EINSTAKT ÚTLIT.



KLÆÐSKERASNIÐIN ÞÉTTING.

EINSTÖK NÁKVÆMNI.

DJÚPUR SVARTUR LITUR
SEM GRÍPUR LJÓSIÐ.

NÝR MASKARI Í TILEFNI AF
110 ÁRA AFMÆLI HR.

110 YEARS

www.helenarubinstein.com

# HELENA RUBINSTEIN KYNNING
## Í HAGKAUP KRINGLUNNI, SMÁRA, GARÐABÆ OG HOLTAGÖRÐUM 1.–7. NÓVEMBER

**Kaupaukinn þinn* þegar þú kaupir 2 HR vörur:**

~ HR taska

~ Prodigy Powercell krem 15 ml

~ Prodigy Powercell augnkrem 3 ml

~ Lash Queen Celebration maskari ferðastærð - nýtt

~ Augnfarðablýantur

~ All Mascaras 50 ml

**Verðmæti kaupaukans 18.200 kr.**



* Gildir ekki með blýöntum eða Nudit. Gildir meðan birgðir endast.
Einn kaupauki á viðskiptavin.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

- **HUGO BOSS** — 20% afsláttur af öllum vörum.
- **KAREN MILLEN** — 20% afsláttur af öllum vörum.
- **herra GARÐURINN** –klæðir þig vel — 20% afsláttur af öllum vörum.
- **galleri sautján** — 20% afsláttur af öllum vörum.
- **WAREHOUSE** — 20% afsláttur af öllum vörum.
- **DAY BIRGER ET MIKKELSEN** — 20% afsláttur af öllum vörum.
- **UNITED COLORS OF BENETTON.** — 25% afsláttur af öllum vörum.
- **TUZZI** FASHION IS PERSONAL — 20% afsláttur af öllum vörum.
- **HAGKAUP** Ein ferð betra verð — 20% afsláttur af öllum fatnaði, skóm og leikföngum.
- **SIX** — 20% afsláttur af öllum klútum.
- **ZIKZAK** — 20% afsláttur af öllum vörum.
- **Timberland** — 20% afsláttur af öllum vörum.
- **Accessorize** — 25% afsláttur af völdum vörum.
- **ecco** — 20% afsláttur af öllum skóm.
- **ZO-ON ICELAND** — 20–30% afsláttur af völdum vörum.
- **Levi's** — 30% afsláttur af völdum vörum.
- **next** — 25% afsláttur af öllum vörum.
- **TOPSHOP** — 25% afsláttur af öllum yfirhöfnum og skóm.
- **FRIIS & COMPANY** — 20% afsláttur af öllum vörum.
- **Grand Collection** — 20% afsláttur af öllum vörum.
- **JOE BOXER** — 20% afsláttur af öllum vörum.
- **L'OCCITANE EN PROVENCE** — 20% afsláttur af allri sturtusápu.
- **Casa** — 20% afsláttur af öllum vörum.
- **Kultur menn** — 20% afsláttur af öllum vörum.
- **MÝRIN** — 15% afsláttur af völdum vörum.
- **byggtogbúið** — 20% afsláttur af flestum vörum.
- **ÚTILÍF** — 20% afsláttur af öllum útivistarfatnaði, úlpum og skóm.
- **Marc O'Polo** — 20% afsláttur af völdum vörum.
- **ISLANDIA** TOURIST SHOP — 20% afsláttur af öllum vörum.
- **Ice in a bucket** — 20% afsláttur af öllum vörum.

Birt með fyrirvara um prent- og myndvillur. Tilboð gilda meðan birgðir endast.


Kringlan 25
Jóla
Miðnætur
SPRENGJA
Verslanir opnar til miðnættis.
Glæsileg tilboð og frábær skemmtiatriði.
17-24 Mættu í sparifötunum og taktu myndina fyrir jólakortið í ár í Kringlunni
17-22 DJ JONFRÍ spilar ljúfa tóna
17-19 Kaffi frá Kaffitári og konfekt frá Nóa Síríus
18-22 Margrét Arnardóttir með ljúfa Harmónikkutóna hér og þar í Kringlunni
20-22 Jólaglögg og smákökur á barnum
20.00 Þórunn Antonía á Blómatorgi
20.30 Sverrir Bergmann á Blómatorgi
21.00 Tískusýning, vetrartískan og jólafötin í ár
Kynnir Sigga Lund
21-24 DJ Frigore á Bíógangi í beinni á FM957
21.30 Salsa Iceland sýnir og kennir gestum grunnsporin í Salsa á Blómatorgi
21.30-23 Jónsi úr Svörtum fötum heldur uppi stuði á Kaffitári
22.00 Raggi Bjarna á Blómatorgi
- Dúett með Blaz Roca og Jóni Jónssyni
22.30 Jón Jónsson á Blómatorgi
23.00 Miðnætursýningar í Kringlubíói
(2 fyrir 1)
House at the End of the Street
Skráðu þig á póstlistann okkar á facebook
facebook.com/kringlan.is
Aðeins þennan eina dag
10–50% afsláttur
Kynntu þér frábær tilboð frá yfir 100 verslunum
www.kringlan.is

# *Jóla* MIÐNÆTUR

Verslanir opnar til miðnættis.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| ENGLABÖRNIN<br>20 % afsláttur af öllum vörum. | Deres<br>20% afsláttur af öllum vörum. | Dressmann<br>20% afsláttur af öllum vörum. | Cintamani<br>25% afsláttur af völdum vörum. | Sokkabúðin Cobra<br>20% afsláttur af öllum vörum. | COMPANYS<br>20% afsláttur af öllum vörum. |
| meba<br>20% afsláttur af öllum silfur skartgripum. | SELECTED<br>20-50% afsláttur af völdum vörum. | Eymundsson<br>20% afsláttur til Vildarklúbbsins. *Komdu í klúbbinn og fáðu afsláttinn um leið.* | I am<br>20% afsláttur af öllum töskum. | skór.is<br>20% afsláttur af öllum skóm. | kello<br>20% afsláttur af öllum vörum. |
| TEKK COMPANY<br>20% afsláttur af öllum vörum. | heilsuhúsið<br>20% afsláttur af allri matvöru. | Kaupfélagið<br>20% afsláttur af öllum skóm. | COSMO Kringlunni<br>20% afsláttur af öllum vörum. | S·K·Í·F·A·N<br>20% afsláttur af allri íslenskri tónlist. | VERO MODA<br>15% afsláttur af öllum vörum. |
| Boux AVENUE<br>Spennandi tilboð. | SMASH<br>20% afsláttur af öllum vörum. | DÚKA<br>20% afsláttur af öllum vörum. | gs skór<br>20% afsláttur af öllum vörum. | DÝRABÆR<br>20% afsláttur af öllum vörum. | Tal<br>20% afsláttur af öllum fylgihlutum.<br>10 gb á mánuði í 1 ár með keyptum símum. |
| HAPPAHÚSIÐ<br>Ein frí röð fylgir 10 raða lottómiða. | JACK & JONES<br>20-50% afsláttur á yfir 30 vörutegundum. | Markaðstorgið<br>25% afsláttur af öllum vörum. | rhodium<br>20% afsláttur af öllum silfur skartgripum. | extra<br>20% afsláttur af öllum Official höttum. | All Over the World<br>20% afsláttur af öllum myndlistarvörum. |

Birt með fyrirvara um prent- og myndvillur. Tilboð gilda meðan birgðir endast.

Kringlan 25

# SPRENGJA

Glæsileg tilboð og frábær skemmtiatriði.

**Steinar Waage Skóverslun**
20% afsláttur af öllum skóm.

**Kaffitár**
20% af öllum Ancap ítölskum kaffibollum.

**Polarn O. Pyret**
20% afsláttur af öllum vörum.

**Iglo**
20% afsláttur af völdum vörum.

**name it**
20% afsláttur af öllum vörum.
*Afsláttur gildir ekki af tilboðsvörum.*

**Leonard**
20% afsláttur af öllum vörum.

**Dúkkuhúsið**
20% afsláttur af öllum vörum.

**evans**
20% afsláttur af öllum vörum.

**Jón & Óskar**
20% afsláttur af öllum úrum.

**Lyf & heilsa Kringlunni**
20% afsláttur af öllum vörum.
15% afsláttur af öllum lausasölulyfjum.

**Síminn**
10% afsláttur af öllum farsímum.
25% afsláttur af aukahlutum.

**URBAN**
20% afsláttur af öllum vörum.

**prooptik gleraugu**
Allt að 90% afsláttur af umgjörðum.

**Jens**
25% afsláttur af öllum gull skartgripum.
20% afsláttur af öllum silfur skartgripum.
*Gildir ekki af giftingarhringjum.*

**Kúnígúnd**
20% afsláttur af öllum vörum.

**SHARE**
25% afsláttur af öllum vörum.

**The Body Shop**
20% afsláttur af öllum vörum.

**VILA clothes**
15% afsláttur af öllum vörum.

**focus**
20% afsláttur af öllum vörum.

**Kultur**
20% afsláttur af öllum vörum.

**KISS**
20% afsláttur af öllum vörum.

**oasis London**
25% afsláttur af öllum vörum.

**BIANCO Footwear**
20% afsláttur af öllum vörum.

**Te & Kaffi**
20% afsláttur af öllum vetrardrykkjum.

**66° Norður**
20% afsláttur af öllum 66° Norður vörum.

**Outfitters Nation**
20% afsláttur af stelpuvörum.
10% afsláttur af strákavörum.
*Afsláttur gildir ekki af tilboðsvörum.*

**Mohawks**
20% afsláttur af öllum vörum.

**augað**
25% afsláttur af öllum vörum.

**Sparkz**
20% afsláttur af öllum vörum.

**ZayZay**
20% afsláttur af öllum vörum.

**iStore**
20% afsláttur af öllum hulstrum og töskum.

**Hygea**
20% afsláttur af öllum vörum.

**NOLAND**
20% afsláttur af öllum vörum.

**Blend**
Allt að 80% afsláttur.






**8,6** **MILLJARÐAR KRÓNA** var nettó fjárfesting erlendra aðila í innlendum verðbréfum í september.

# Sæstrengshópur mun ljúka við skýrslu í maí

**Alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækið McKinsey telur raforkusölu til Evrópu um sæstreng stórt tækifæri fyrir íslenskan þjóðarbúskap. Ráðgjafarhópur á vegum stjórnvalda hefur kosti og galla lagningar verkefnisins til skoðunar.**

Ráðgjafarhópur stjórnvalda, sem ætlað er að kanna möguleikann á raforkusölu til Evrópu um sæstreng, mun skila áfangaskýrslu um málið 15. maí næstkomandi. Áður stóð til að skýrslunni yrði skilað fyrir árslok en í millitíðinni var verkefni hópsins útvíkkað.

Gunnar Tryggvason, aðstoðarmaður fjármálaráðherra og formaður ráðgjafarhópsins, segir vinnu hans miða vel áfram. „Við erum enn að safna saman gögnum og það hefur komið í ljós að það er til mun meira af upplýsingum um málið en við héldum. Bæði hefur þetta mál verið skoðað mikið hér heima og einnig í Noregi, en Norðmenn hafa þegar lagt einn sæstreng til Hollands og eru alvarlega að skoða lagningu annars til Bretlands,“ segir Gunnar.

Alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækið McKinsey kynnti á þriðjudag skýrslu um hvernig auka má hagvöxt hér á landi á næstu árum og áratugum. Skýrslan er víðtæk en hluti hennar fjallar um afmörkuð sóknarfæri fyrir íslenskt efnahagslíf. Er í því samhengi fjallað um raforkusölu til Evrópu um sæstreng sem McKinsey telur mjög áhugavert viðskiptatækifæri sem geti skapað íslensku þjóðarbúi mikil verðmæti.



**BÚRFELLSVIRKJUN** Alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækið McKinsey telur mögulegt að auka til muna verðmætasköpun í íslenska orkugeiranum, meðal annars með sölu á raforku til Evrópu um sæstreng. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gunnar segir flesta þá sem nefndin hefur rætt við sammála um að mikill ávinningur geti orðið af lagningu sæstrengs. Hægt verði að fá hærra verð fyrir raforku og nýta betur þær fjárfestingar sem þegar hefur verið lagst í. Þá aukist raforkuöryggi hér á landi verði raforkukerfið tengt við Evrópu.

„Það eru hins vegar þrjú álitaefni sem nefndin hyggst skoða sérstaklega. Það er í fyrsta lagi spurningin hvort betra er að nýta þessu orku í að skapa störf en beint fjármagn. Í öðru lagi eru það áhrifin á raforkuverð til iðnaðar, heimila og fyrirtækja. Og í þriðja lagi varðandi umhverfisáhrif. Nefndin sem slík hefur reyndar ekki bolmagn til að skoða umhverfisáhrifin sem slík en við ætlum að reifa hvað það er sem þarf að hafa í huga,“ segir Gunnar.

Í skýrslu McKinsey kemur fram að mörg Evrópuríki stefna að því að auka hlutfall grænnar orku í orkubúskap sínum á næstu árum og áratugum. Þar sem hægt er að framleiða græna orku hlutfallslega mjög ódýrt á Íslandi ætti því að vera tækifæri fyrir Ísland til að selja orku til Evrópu á mun hærra verði en ella fengist fyrir hana.

Telur McKinsey að ábatinn af slíkri sölu yrði mjög mikill jafnvel þótt tekið sé tillit til kostnaðar við lagningu sæstrengs. Þannig gæti auðlindarentan í orkugeiranum orðið svipuð og rentan af olíuiðnaði Norðmanna.

Landsvirkjun hefur undanfarin misseri rannsakað hvort fýsilegt er að selja raforku til Evrópu um sæstreng. Á ársfundi fyrirtækisins í apríl fjallaði Hörður Arnarson, forstjóri þess, um hugmyndina og tók svo til orða að lagning sæstrengs, samhliða öflugri iðnaðaruppbyggingu á Íslandi, væri líklega eitt stærsta viðskiptatækifæri sem Íslendingar hefðu staðið frammi fyrir.

Þá lagði Hörður einnig á það áherslu í erindi sínu á ársfundinum að nauðsynlegt væri að skapa breiða sátt um verkefnið í íslensku samfélagi.

Í kjölfar ársfundarins samþykkti ríkisstjórnin að skipa ráðgjafarhópinn sem Gunnar veitir formennsku. Í honum eiga sæti fulltrúar allra þingflokka, aðila vinnumarkaðarins og helstu hagsmunaaðila, alls fimmtán manns.

magnusl@frettabladid.is

## Færeyingar vilja tengjast Íslandi

Steingrímur J. Sigfússon, atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, og Johan Dahl, viðskipta- og iðnaðarráðherra Færeyja, undirrituðu í gær viljayfirlýsingu þess efnis að möguleiki þess að lagður verði sæstrengur frá Íslandi til Færeyja yrði kannaður. Undirritunin fór fram á fundi Norðurlandaráðs í Helsinki. Um 60% af allri raforkuframleiðslu, og nánast öll húshitun, í Færeyjum byggja á olíu en Færeyingar hafa sett sér það markmið að öll raforka komi frá endurnýjanlegum orkugjöfum árið 2050. Líta Færeyingar í því samhengi til vind- og vatnsorku og beinnar húshitunar en vilja þar að auki skoða möguleikann á að tengja eyjarnar með sæstreng við Ísland eða Skotland. Árið 2007 var gerð úttekt á hagkvæmni þess að tengja Ísland og Færeyjar með sæstreng og var niðurstaða úttektarinnar að slík framkvæmd gæti ekki staðið undir sér fjárhagslega. Í ljósi ýmissar þróunar sem orðið hefur á síðustu árum hefur verið ákveðið að endurmeta stöðuna.

Vodafone á enn í viðræðum um fastan aðgang að sæstrengjum Farice:

# Engin truflun á þjónustu Vodafone

Engin truflun verður á netþjónustu Vodafone þótt ekki hafi enn tekist samningar milli fyrirtækisins og Farice um fjarskiptasamband við útlönd. Farice sagði upp samningum sínum við íslensku símafyrirtækin í sumar.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að samningar hefðu tekist milli Farice og Símans en Farice hefur átt í viðræðum við bæði símafyrirtæki frá því í janúar. Farice rekur tvo af þremur sæstrengjum sem tengja Ísland við umheiminn. Íslensku símafyrirtækin kaupa aðgang að strengjunum sem er þeim nauðsynlegur til að þau geti boðið upp á Internetþjónustu.



**HRANNAR PÉTURSSON**

Fram kom í máli Sævars Freys Þráinssonar, forstjóra Símans, í Fréttablaðinu í gær að nýi samningurinn fæli í sér umtalsverða hækkun á því verði sem Síminn greiðir fyrir þjónustu Farice. Hann sagði hins vegar engar ákvarðanir hafa verið teknar varðandi mögulegar verðhækkanir á netþjónustu hjá Símanum.

Hrannar Pétursson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Vodafone, segir viðræður við Farice um nýjan samning enn standa yfir. „Það eru enn einhver mál sem standa út af borðinu og við erum einfaldlega að reyna að ná lendingu í þau,“ segir Hrannar og bætir við: „Aðalatriðið í þessu er hins vegar það að báðir aðilar eru sammála um að sú þjónusta sem Farice veitir verður veitt áfram þótt ekki sé búið að ganga frá nýjum samningi. Það verður því engin truflun á okkar þjónustu.“

- mþl

LANDSSÖFNUN BJÖRGUNARSVEITANNA 2012

# Neyðarkall til þín



Dagana 1.-3. nóvember fer fram fjáröflunarátakið **Neyðarkall björgunarsveitanna.** Líkt og áður er um að ræða sölu á litlum neyðarkalli á lyklakippu en sjálfboðaliðar björgunarsveitanna bjóða hann til sölu um allt land á 1.500 krónur.

Aukinn kostnaður við rekstur björgunarsveita m.a. vegna hækkunar á eldsneyti, varahlutum og björgunartækjum kalla á meira fé til starfseminnar. Á sama tíma hefur verkefnum okkar fjölgar mikið. Almenningur er því hvattur til þess að stuðla að eigin öryggi með því að styðja þetta átak og taka vel á móti okkar fólki.

**Þetta er Neyðarkall til þín!**



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

Aðalstyrktaraðilar Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru: SJÓVÁ, vodafone, olís, Íslandsbanki

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Íslenskt efnahagslíf er óhagkvæm eining:

## Þjóðarsáttarskuld

Skýrsla ráðgjafafyrirtækisins McKinsey&Company um leið Íslands til aukins hagvaxtar kemur á gríðarlega góðum tíma inn í íslenska þjóðfélagsumræðu. Menn geta endalaust deilt um gæði þeirra greininga sem fyrirtækið setur fram í skýrslunni en ekki um þann farveg sem höfundar hennar eru að reyna að beina íslenskum stjórnmálamönnum, aðilum vinnumarkaðarins og öðrum hagsmunaaðilum í. Skýrslan leggur nefnilega til nýja þjóðarsátt um hvernig íslenskt efnahagslíf eigi að skapa velsæld til framtíðar fyrir þá sem í því búa.

SKOÐUN

**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is



Í henni kemur skýrt fram að íslenskt efnahagslíf er óhagkvæm eining. Allt of lítil framleiðni er í smásölu á Íslandi, búðirnar okkar eru allt of stórar, mikillar hagræðingar er þörf í bankageiranum og allt of margir vinna við að framleiða of dýrar íslenskar vörur fyrir innanlandsmarkað sem mun ódýrara væri að flytja inn. McKinsey kemst enda að þeirri niðurstöðu að rúmlega 13 þúsundum of margir vinni í íslenska þjónustugeiranum. Vinnuafl sem gæti nýst mun betur í annars konar störfum.

Vaxtarmöguleikar Íslands liggja í því að selja orkuna sína á vitrænu verði og til fjölbreyttari hóps kaupenda. Þeir liggja í því að reyna að auka virði ferðamannaiðnaðarins í stað þess að einblína á fjölda þeirra sem heimsækja landið. Þeir snúast um að fjölga þeim íslensku fyrirtækjum sem framleiða og selja alþjóðlegar vörur. Þar er átt við fyrirtæki á borð við Marel, Össur, Actavis og CCP. Það þarf að innleiða hvata til að fyrirtækin flýi ekki land þegar þau eru loks orðin almennilega arðbær, líkt og flest ofangreind hafa gert. Það þarf að skapa stöðugra rekstrarumhverfi og auka erlenda fjárfestingu, sem þýðir að Íslendingar verða að leggja þá þjóðaríþrótt að breyta reglum eftir á og stunda tilviljunarkenndar eignaupptökur á hilluna. Svo þarf að sjálfsögðu að afnema galna verndartolla, vörugjöld og opinberar niðurgreiðslur á ósjálfbærum atvinnugreinum.

Í grunninn er þetta allt saman nokkuð einfalt og rökrétt. Við þurfum að laga viðskiptahallann með því að flytja meira út en við flytjum inn. Við þurfum að nýta vinnuaflið betur með því að taka til í menntakerfinu þannig að það skili okkur ekki mun fleiri einstaklingum með enga sérhæfingu en gerist í nágrannalöndum okkar líkt og það gerir núna. Um ofangreindar aðgerðir ætti að ríkja tiltölulega góð sátt. En af einhverjum óskiljanlegum ástæðum er þó ekki ráðist í þær.

Stjórnmálaleiðtogar, sama hvaða flokki þeir tilheyra, skulda okkur að nýta tækifærið til að setjast niður og mynda vitræna langtímaáætlun fyrir íslenskt efnahagslíf. Hún þarf að byggja á raunhæfum en metnaðarfullum markmiðum um markvissa og víðtæka uppbyggingu haghvata. Hún yrði líka algjörlega óháð framtíðarskipulagi peningamála. Núningur vegna þess er því ekki hindrun.

Stjórnmálaleiðtogarnir skulda okkur þetta eftir þau fjögur ár sem við höfum þurft að ganga í gegnum. Fjögur ár af óþolandi skotgrafahernaði, uppnefningum, sérhagsmunagæslu og almennu innihaldsleysi. Íslenskt efnahagslíf lenti á skurðarborðinu eftir hrunið og sjúklingnum var bjargað með bráðaaðgerð sem tók langan tíma í framkvæmd. Ef íslensku stjórnmálamennirnir bregðast við af ábyrgð og stíga saman skref inn í framtíðina þá getum við loks sagt að bati hans sé hafinn. Þá geta þeir loks gert sér vonir um að þjóðin fari að treysta þeim aðeins aftur.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Einar Már Jónsson

**ÖRLAGABORGIN**



**Fæst líka sem rafbók**

Brotabrot úr afrekasögu frjálshyggjunnar

ORMSTUNGA

„Ein mikilvægasta bók undanfarandi ára!“
Gauti Kristmannsson, *RÚV*

„Bókin er fádæma frumleg og skrifuð af mikilli íþrótt.“
Stefán Snævarr, *pressan.is*

„Þessi bók er algjört bíó.“
Guðmundur Andri Thorsson, *Fréttablaðið*

„… aðdáanleg framsetning á mjög mikilsverðu efni …“
Örn Ólafsson, *smugan.is*

„Hugmyndaauðgin í framsetningunni er mikil og þekkingin víðfeðm og djúp. Frábær bók.“
Þorgeir Tryggvason, *facebook.com*

★★★★★
„… mikið verk, stútfullt af leiftrandi ritsnilld …“
Páll Baldvin Baldvinsson, *Fréttatíminn*

„Bókin er skrifuð af lærdómi og list og hún er skemmtileg aflestrar …“
Atli Harðarson, *Þjóðmál*

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Lokuð svæði

Seðlabankinn gerði rassíu hjá Samherja í vor. Þeir höfðu dómsúrskurð upp á vasann og með í för voru starfsmenn sérstaks saksóknara. Síðan hafa meint brot Samherja á gjaldeyrisviðskiptum verið til rannsóknar. Það nýjasta í þeirri sápu er að Þorsteinn Már Baldvinsson og aðrir Samherjamenn voru ægilega ósáttir við að starfsmenn Seðlabankans hefðu „brotist inn“ á „lokuð svæði“ í tölvum sem lagt var hald á í rassíunni. Svo ósáttir reyndar að þeir kvörtuðu yfir því til dómstóla.



### Lögregluríki

Nú hefur Hæstiréttur kveðið upp þann dóm að þetta sé allt í lagi og eðlilegur liður í rannsókninni. Þetta sætir tíðindum. Ber að skilja Hæstarétt þannig að yfirvöld megi leggja hald á gögn á grundvelli dómsúrskurðar og skoða þau svo? Öll? Líka þau sem reynt hafði verið að girða af og rannsakendurnir áttu alls ekki að sjá?

### Réttarstaðan

Guðmundur Örn Jóhannsson hætti í fyrradag – að minnsta kosti um sinn – sem framkvæmdastjóri Landsbjargar eftir að einkennilegt myndband barst á vefinn. Málið er raunar allt hið torskiljanlegasta og virðist hverfast um illsakir sem þrír lítt þekktir bisnessmenn troða hver við annan. Guðmundur ber af sér sakir í yfirlýsingu til fjölmiðla, segist fórnarlamb í málinu – sem kann vel að vera rétt – og bætir því við að hann kanni nú réttarstöðu sína gagnvart fjölmiðlum sem fjallað hafa um það. Þetta er furðuleg afstaða. Guðmundur var hættur út af þessum farsa áður en nokkur frétt birtist. Átti að þegja um það?



stigur@frettabladid.is

HALLDÓR




## Bætt réttarstaða skuldara

Fjármál



**Eygló Þóra Harðardóttir**
alþingismaður

Faðir ábyrgist gengistryggt lán dóttur sinnar. Þegar dóttirin getur ekki lengur borgað af láninu, fellur ábyrgðin á föðurinn. Faðirinn ákveður að greiða lánið upp. Ung hjón kaupa bíl á gengistryggðu láni. Lánið er til fimm ára, og er hálft ár eftir þegar lánið er endurútreiknað. Ungu hjónin greiða samviskusamlega og hafa greitt lánið upp. Miðaldra kona skilur ekki hvernig hægt er að breyta vöxtum einhliða á láni sem hún tók, þrátt fyrir evrópskar reglur um neytendalán.

Hver er staða þeirra þegar fjármálafyrirtæki neitar að viðurkenna rétt þeirra til endurútreiknings?

Fullkomin óvissa hefur verið uppi um úrlausn ágreiningi um gengistryggð lán. Allir verða að hafa hagsmuni af því að ljúka málinu og fá niðurstöðu um endurútreikning gengistryggðra lána. Þann hvata hefur vantað og ferlið dregist von úr viti, jafnvel þannig að hagsmunir fjármálafyrirtækjanna hafa legið í að draga málin á langinn og þreyta lántakendur.

Ekki virðist nóg að hvetja til endurútreiknings líkt og stjórnarliðar hafa gert á grunni skýrra leiðbeininga frá Hæstarétti Íslands. Stundum er sagt að „money talks“. Því hyggst ég leggja fram lagafrumvarp þess efnis að lántakar hafi rétt til að greiða af lánum sínum með föstum greiðslum sem nema 5.000 kr. af hverri upprunalegri milljón lánsins og teljist því í skilum uns niðurstaða liggur fyrir í Hæstarétti um hin ýmsu ágreiningsefni. Jafnframt er ítrekaður sá skilningur að lántaki getur aldrei hafa verið í vanskilum með lán eða lánasamninga, sem þessi lög taka til, þar sem þau hafi verið með ólögmæta skilmála. Inni lántaki af hendi að lágmarki þá greiðslu sem hér er lagt til, telst hann vera í fullum skilum með afborganir af láninu.

Tryggja þarf að lántakar fái ofgreiðslur sínar endurgreiddar með tryggingum og handveðum í ljósi reynslunnar af Avant.

Jafnframt er lagt til að dráttarvextir reiknist af ofgreiddum kröfum 30 dögum eftir gildistöku laganna. Lántakar munu ekki þurfa að senda sérstakt kröfubréf þess efnis.

Að lokum er lagt til að fjármálafyrirtæki verði skyldug til að láta viðskiptavini sína fá upplýsingar um greiðslusögu lána og forsendur endurútreiknings ef viðskiptavinurinn þess óskar.

Stjórnvöld verða að fara að setja fjármálafyrirtækjunum stólinn fyrir dyrnar, ef þau spýta ekki í lófana við endurútreikninginn.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hæstaréttardómur yfir vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar

Fjármál

Guðlaugur Þór Þórðarson
alþingismaður



Nýfallinn dómur hæstaréttar í máli Borgarbyggðar gegn Arion banka er áfellisdómur yfir ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur og eftirlitsstofnunum á fjármálamarkaði. Dómurinn er sigur fyrir lántakendur en jafnframt mikill álitshnekkir fyrir ríkisstjórnina sem brást heimilum og fyrirtækjum alvarlega í þessu máli og kaus að gæta hagsmuna fjármálafyrirtækja.

### Flumbrugangur í lagasetningu

Niðurstaða hæstaréttar er í samræmi við þá gagnrýni sem ég, samtök lánþega og margir fleiri hafa sett fram vegna endurútreikninga bankanna í kjölfar laga nr. 151/2010 sem ríkisstjórnin keyrði í gegnum þingið í miklum flýti í desember 2010. Gagnrýnin beindist að því að ekki væri í lögunum tekið tillit til þess að skuldari hefði þegar greitt inn á höfuðstól lánsins, beitingu vaxtavaxta og hvenær byrja ætti að reikna vexti Seðlabankans á lánin, afturvirkni vaxta o.s.frv.

Ég benti á ófullkomleika frumvarpsins sem Árni Páll Árnason, þáverandi efnahags- og viðskiptaráðherra, flutti með þessum lögum. Ég sagði að ekki hefði verið vandað til verka við lagasetninguna á þinginu og að þeir sem myndu hagnast á þessum flumbrugangi væru eigendur bankanna, erlendir kröfuhafar og ríkið í tilfelli Landsbankans.

Í ársbyrjun 2011 setti ég jafnframt á heimasíðu mína reiknivél sem ég kallaði Lánareikni (http://gudlaugurthor.is/2011/05/lanareiknir/) til að vekja athygli á því óréttlæti sem í lögunum fólst. Ég hvatti fólk þá og hvet enn til að setja forsendur lána sinna inn í Lánareikninn. Þar getur fólk sett inn sínar eigin lánaforsendur og metið hvaða áhrif það hefur að nota reikniaðferð ríkisstjórnarinnar í samanburði við reikniaðferðir sem Gunnlaugur Kristinsson endurskoðandi og Veritas lögmenn kynntu.

Ég hvet það fólk sem er með erlend lán að setja forsendurnar sínar í Lánareikninn. Niðurstaða Hæstaréttar er í samræmi við Veritas lögmenn.

### Varnaðarorð voru viðhöfð

Varnaðarorð komu úr mörgum áttum en ríkisstjórnin gerði ekkert í málinu. Frumvarpi um flýtimeðferð gengislána var hafnað. Frumvarpi um að tekið yrði tillit til greiðslu inn á höfuðstól sömuleiðis. Við setningu Árna Páls-laganna var því haldið fram að lögin myndu eyða óvissu! Það gerðist ekki, óvissan jókst. Frumvörpum okkar sjálfstæðismanna um flýtimeðferð gengislána var ítrekað hafnað. Sigurður Kári flutti frumvarpið fyrst 24.06.2010 og þrátt fyrir ítrekaða framlagningu fór það aldrei í gegn.

### Hverjir tapa?

Hvaða afleiðingar hafa rangir útreikningar bankanna haft fyrir fólk og fyrirtæki í landinu? Enginn veit það, en við vitum að afleiðingarnar eru alvarlegar. Við vitum ekki hversu alvarlegar. Hversu margir hafa misst eignir, atvinnutæki og fyrirtæki vegna þessa? Ég hef spurt um stöðu þessara aðila á fundum efnahags- og viðskiptanefndar en það er, kannski skiljanlega, lítið um svör.

Það eina sem við vitum er að ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur og eftirlitsstofnanir tóku hagsmuni fjármálafyrirtækjanna fram yfir hagsmuni lántakenda.

### Ríkisendurskoðun komi upp reiknivél

Því miður er óvissunni ekki eytt. Það á eftir að fá úr ýmsum álitamálum skorið. Almenna reglan er að fjármálafyrirtækin fara með öll álitamál fyrir dómstóla. Yfirlýsingar stjórnvalda um að lok fáist í þau fyrir áramót munu ekki ganga eftir. Mikilvægt er að fólk geti treyst að endurútreikningar bankanna standist. Aðstöðumunur á milli lántakenda og fjármálafyrirtækjanna er mjög mikill.

Ég tel því að þingið eigi að beita sér fyrir því að fólki verði gert kleift að sækja sér ráðgjöf til óháðra aðila án verulegra fjárútláta. Að fólk hafi aðgang að reiknivél svipaðri þeirri sem er á heimasíðunni minni Gudlaugurthor.is. Eftirlitsaðilar hefðu átt að koma slíkri vél upp fyrir löngu síðan. Þeir hefðu átt að gæta hagsmuna lántakenda en þeir gerðu það ekki. Þess vegna legg ég til að Ríkisendurskoðun verði falið þetta verkefni. Það er það minnsta sem hægt er að gera fyrir fólk og smáatvinnurekendur.

# Mannaveiðar

Atvinnumál

Tryggvi Pálsson
hagfræðingur



Fyrir mánuði síðan var þrjátíu manna sendinefnd frá Sunndal í Noregi með kynningu í Hörpunni. Erindið var að ná í gott starfsfólk, nánar tiltekið kennara, verkfræðinga, tannlækni, tæknifræðinga, framkvæmdastjóra, hjúkrunarfræðinga, vinnuvélastjórnendur, iðnaðarmenn og verkafólk. Sérstaklega var sóst eftir ungu, menntuðu fólki; ekki síst barnafjölskyldum. Áður hafa önnur norsk sveitarfélög sent kynningarhópa hingað til lands. Einnig hafa norskir atvinnurekendur auglýst í íslenskum fjölmiðlum eftir Íslendingum. Norsk stjórnvöld eru með sérstakan vef www.norge.is sem auðveldar Íslendingum að sækja um vinnu, nám og ríkisborgararétt í Noregi. Frændur okkar vita hvað þeir vilja og standa vel að verki.

En Norðmenn eru ekki einu aðilarnir sem standa að slíkum mannaveiðum í íslenskri lögsögu. Íslenska Vinnumálastofnunin og EURES, þ.e. vinnumiðlun Evrópusambandsins, hafa níu sinnum staðið fyrir kynningu á störfum erlendis. Nú síðast var það um helgina þegar atvinnutækifæri í Noregi, Svíþjóð, Hollandi og Litháen voru kynnt, þ.m.t. af átta norskum fyrirtækjum sem tóku á móti umsóknum, í sjálfu Ráðhúsi Reykjavíkur.

Mannauður er drifkraftur samfélagsins. Við hreykjum okkur af því að hér búi ung og vel menntuð þjóð. Þar stöndum við flestum þjóðum betur. Í alþjóðlegum samanburði kemur í ljós að á Íslandi býr tiltölulega ungt fólk líkt og í Bandaríkjunum. Á hinn bóginn horfa mörg Evrópulönd, svo ekki sé minnst á Japan, fram á uggvænlega aldurssamsetningu. Í þróuðum ríkjum þarf hlutfallslega að sjá fyrir stöðugt fleira fólki á eftirlaunaaldri af sífellt færra fólk á vinnualdri. Þessi lönd hungrar eftir ungu hæfileikaríku fólki.

Frá hruni íslensku bankanna hefur brottflutningur fólks frá Íslandi verið með því mesta sem gerist í Evrópu. Frá árinu 2008 hafa tæplega sjö þúsund fleiri íslenskir ríkisborgarar flutt frá landinu en til þess og af þeim eru um átta af hverjum tíu á vinnualdri. Fyrir íslenskt samfélag er áhyggjuefnið ekki eingöngu þessi brottflutningur heldur einnig spurningin hvaða fólk við erum að fá í staðinn fyrir það fólk sem við missum.

Erum við að byggja upp atvinnulífið með þeim hætti að það haldi í efnilegt ungt fólk? Er verið að kynna Íslendingum nægilega vel þá möguleika sem hér eru? Hafa Íslendingar sent sendinefndir til útlanda til að laða að fólk sem auðgað getur samfélag okkar? Erum við að leita að fólki sem getur drifið okkur áfram efnahagslega og menningarlega? Nei, við tökum því sem að höndum ber.

Við þurfum að gæta að mannauði Íslands og einnig gæta þess að búa ekki til samfélagsleg vandamál sem nágrannaþjóðirnar hafa brennt sig á. Þessi viðkvæmu en mikilvægu mál þurfa fordómalausa umræðu og stefnumótun sem grundvallast á hagsmunum Íslands.




Fimm stjörnu viðurkenning

ISAL hlaut nýverið fimm stjörnu viðurkenningu frá Evrópsku gæðastjórnunarsamtökunum (EFQM), fyrst íslenskra fyrirtækja.

Viðurkenningin er veitt fyrir góðan rekstur og er til marks um þann mikla metnað sem starfsfólk ISAL hefur fyrir að innleiða og viðhalda öflugum stjórnkerfum í gæða-, heilbrigðis-, öryggis- og umhverfismálum.

ISAL hefur um árabil verið með vottað stjórnkerfi sem byggir á kröfum ISO 9001, ISO 14001 og OSHAS 18001.

EFQM
Recognised for excellence
5 star - 2012

MANAGEMENT SYSTEM CERTIFICATION
ISO 9001 ISO 14001 OHSAS 18001
DNV

www.riotintoalcan.is

RioTinto Alcan

# Orkuveitan og almenningur

Fjármál



Guðmundur Ólafsson
hagfræðingur

Á dögunum kom út skýrsla um stöðu Orkuveitunnar, en tvær af helstu mjólkurkúm Reykvíkinga hafa verið sameinaðar í henni. Kom í ljós að fjárhagsleg staða hennar er afleit og er helsta orsök talin að gjöld og tekjur eru ekki í sama gjaldmiðli, en sérstaklega á þetta við um afborganir lána sem eru yfirleitt erlend en tekjur í íslenskum krónum.

Nú vill svo til að hverri skýrslunni af annarri og sérfræðingaálitum snjóar yfir oss þar sem því er haldið blákalt fram að þetta verði að vera svona hjá almenningi, hann verði að borga í öðrum gjaldmiðli en tekjur hans eru. Kerfi sem talið er fábjánaháttur hjá Orkuveitunni er talið óhjákvæmilegt fyrir almenning og því sé ekki hægt að breyta nema með áratuga línudansi ofvita.

Samt er það svo að einföld lög sem leyfðu notkun til dæmis evru og/eða dollars (Kanada og/eða US) sem lögeyri, að menn mættu eiga og leggja í banka erlenda mynt eins og útgerðarmenn og heildsalar gera gjarnan erlendis, myndu

> Kerfi sem talið er fábjánaháttur hjá Orkuveitunni er talið óhjákvæmilegt fyrir almenning…

leysa að mestu það mikla óréttlæti sem felst í þeirri gjaldeyrisnauðung sem við búum við. Ríkið þyrfti engu að kosta til, menn mynduðu sinn eigin gjaldeyrisforða. Þó væri líklega sanngjarnt að skylda starfsmenn Seðlabankans til þess að nota íslenska krónur, þar sem þeir vilja skylda alla aðra til þess.

# Opið bréf til eigenda smálánafyrirtækja

Samfélagsmál



Ingibjörg Rósa Björnsdóttir
blaðamaður

Ég og elsta systir mín komum fram í Kastljósi 18. september og skýrðum frá þeim vítahring smálána sem fárveik systir okkar var þá komin í. Fengum við sterk viðbrögð og mikið hrós fyrir hugrekki. Ég þakka hólið en velti því samt fyrir mér hvort það sé virkilega hugrekki að neita að vera meðvirkur í þessu þjóðfélagi, stíga fram og segja frá því þegar gráðugir, siðlausir menn notfæra sér ástvini manns?

Á það í alvöru að vera regla fremur en undantekning að hylma yfir með níðingunum? Áttum við að skammast okkar fyrir þá stöðu sem systir mín var komin í? Hafði hún eitthvað til að skammast sín fyrir? Nei. Það var ekki henni að kenna að hún veiktist alvarlega svo að dómgreind hennar skertist, hún missti stjórn á hvötum sínum og tapaði skammtímaminninu. Það var ekki henni að kenna að hún reyndi í örvæntingu að fela vandræði sín, með því að steypa sér í enn meiri skuldir.

Sennilega skildi hún ekki hvert peningarnir fóru, gerði sér ekki grein fyrir að smálánafyrirtækin fóru inn á reikninginn hennar eða hvers vegna innistæðan þar hvarf eins og dögg fyrir sólu um leið og búið væri að greiða út örorkubæturnar. Hún var veik, þreytt og vissi að eitthvað skrítið væri að gerast í höfðinu á sér, löngu á undan okkur hinum. Tilhugsunin um að smálánafyrirtækin hafi aukið á vanlíðan systur minnar síðustu mánuðina; ruglað hana í ríminu með alls konar áreiti og valdið henni áhyggjum ofan á óttann um hvað væri að gerast, er svo óbærileg að ég þarf daglega að banda henni frá mér með krepptum hnefa. Því ég reyni að sleppa takinu og sætta mig við það sem ég fæ ekki breytt. En ég get kannski stuðlað að breytingum og það var ástæða þess að við stigum fram og sögðum sögu systur okkar, ekki til að fá meðaumkun eða hrós, heldur til að reyna að koma öðrum til aðstoðar og bæta samfélagið okkar.

Ég get ekki sagt að það hafi hreyft nokkuð við mér að horfa á lögfræðinginn ykkar bera sig aumlega í Kastljósi nýlega. Þar taldi hann upp þær úrbætur sem smálánafyrirtækin hafa gert eftir að í ljós kom hversu langt er gengið í frumvarpinu sem bíður samþykkis Alþingis. Jújú, það er allt gott og blessað en ber því einungis vitni hversu hræddir aðstandendur smálánafyrirtækjanna eru orðnir um að nú fari að tæmast speninn sem þeir hafa notað til að blóðmjólka þá sem minnst mega við. Því það vita allir hver markhópur smálánafyrirtækja er; fyrirmyndin er til erlendis, þið voruð ekkert að finna upp hjólið þegar þið hófuð þessa starfsemi og vissuð alveg í hvernig aðstæðum flestir viðskiptavinir ykkar yrðu. Ekki tala til okkar eins og við séum fífl. Og einhver hlýtur gróðinn að vera fyrst fyrirtækin geta fellt niður kröfur á ákveðinn samfélagshóp. Mér skilst að við gætum nú – ef við bærum okkur eftir því – fengið felldar niður skuldir systur okkar við fyrirtækin ykkar. Skuldir sem voru orðnar mörg hundruð þúsund krónur með vöxtum og áföllnum kostnaði og fóru síhækkandi.

> Hvaða tilvistarrétt hafa smálánafyrirtækin? Hvaða gagn gera þau þjóðfélaginu?

Það kemur þó ekki til þess þar sem systir mín lést 9. október. Þið ætlið kannski að endurgreiða okkur peningana sem þið sópuðuð út af reikningnum hennar meðan hún lá inni á sjúkrahúsi í lok ágúst? Það kæmi sér ekkert illa að fá þann pening upp í útfararkostnaðinn, því sem öryrki var systir mín jafnframt öreigi eins og því miður er algengt á Íslandi.

Lögfræðingurinn ykkar kvartaði mikið undan því að í frumvarpinu ætti að setja þak á árlegan, hlutfallslegan kostnað. Ég gat ekki betur skilið en að með því skilyrði væri smálánafyrirtækjunum gert ókleift að starfa, það væri ósanngjarnt og að í samanburði við þær reglur sem giltu um bankana væri það óréttlátt; menn ættu bara að koma hreint fram og setja lög sem banna svona starfsemi frekar en að sníða smálánafyrirtækjunum svo þröngan stakk. Ég er eiginlega alveg sammála, ég skil nefnilega ekki hvers vegna svona starfsemi er yfir höfuð leyfð og sé ekkert athugavert við að stöðva hana alveg með lagasetningu. Hvaða tilvistarrétt hafa smálánafyrirtækin? Hvaða gagn gera þau þjóðfélaginu? Hversu mikilvæg eru þau þjóðarbúinu, atvinnulífinu, þjóðfélagsþegnunum? Ég skil að í vestrænu nútímaþjóðfélagi er nauðsynlegt að hafa banka en ég skil ekki mikilvægi smálánafyrirtækja eða hvers vegna þau ættu að sitja við sama borð og bankarnir.

Þið vonið eflaust að einhverjir vinir ykkar á Alþingi sjái aumur á ykkur og knýi fram þær breytingar á frumvarpinu sem þið vonist eftir, svo þið getið áfram notfært ykkur bágindi meðbræðra ykkar til að fæða og klæða ykkar eigin börn meðan börn þeirra líða e.t.v. skort. Það má með vissu segja að menn sem geta óhikað litið í spegil þótt þeir hagnist á neyð samborgara sinni þjást ekki af meðvirkni, en þeir eru hvorki hugrakkir né eiga þeir skilið hrós fyrir vikið. Þetta er siðlaus okurlánastarfsemi með slaufu á, ekkert annað. Og ef þingmennirnir okkar hafa kjark til að útrýma þessu þjóðfélagsmeini þá mun enginn vorkenna ykkur, og enginn sakna smálánafyrirtækjanna. Enginn.

# Þannig útrýmdi Reykjanesbær kynbundnum launamun!

Hjá Reykjanesbæ sem vinnuveitanda er enginn kynbundinn launamunur. Þetta er auðvelt að fullyrða þar sem farið er í launabókhald stofnana bæjarins og heildarlaun vegna sömu eða sambærilegra starfa eru borin saman.

Nú þegar ríkisstjórnin hefur blásið til nýrrar sóknar með nýrri aðgerðaáætlun um launajafnrétti, ætti að vera áhugavert fyrir ríkisstjórnina að kanna hvernig tekist hefur að útrýma kynbundnum launamun og halda í horfinu á síðustu fimm árum, af forystu og stjórnendum Reykjanesbæjar.

Í nýlegri könnun á vegum BSRB kom fram að óútskýrður kynbundinn launamunur hjá hinu opinbera nemur í dag 13,1% og hefur aukist frá síðustu könnun. Aðferðin sem notuð var byggði á spurningakönnun til úrtaks félagsmanna. Aðferðin sem beitt er hjá Reykjanesbæ byggir ekki á spurningakönnun til starfsmanna um laun og launakjör heldur er farið beint í launabókhald og launaseðla og þannig unnt að fá nákvæmari niðurstöðu á mögulegum launamun.

Öllum má vera ljóst að svokallaður óútskýrður kynbundinn launamunur kemur til af því að körlum er í sumum tilvikum úthlutað hærri launum með því að greiða þeim óútskýrða fleiri yfirvinnutíma, hærri bílapeninga eða hærri aukagreiðslur en gert er til kvenna við sambærilegar aðstæður.

Á hverju byggir vinna okkar? Reykjanesbær hefur sett fram jafnréttisáætlun. Þar segir m.a. að „konur og karlar skulu njóta sambærilegra kjara og réttinda. Greiða skal konum og körlum jöfn laun fyrir jafnverðmæt eða sambærileg störf. Hæfnis- og árangurslaun og aðrar ákvarðanir sem hafa áhrif á kjör skulu byggjast á málefnalegum forsendum óháð kyni“. Jafnframt segir að „leiðrétta skuli laun ef óútskýranlegur mismunur komi fram“. Þetta er nákvæmlega það sem gert hefur verið. Orðum fylgja athafnir.

Þegar stefna gegn óútskýrðum launamun er skýrt sett fram, er einfalt að útrýma honum. Allar ríkisstofnanir, öll ráðuneyti og öll sveitarfélög hafa upplýsingar um laun og launakjör starfsmanna sinna. Alls staðar er unnt að kalla fram upplýsingar um laun, yfirvinnugreiðslur og aukagreiðslur. Alls staðar bera stjórnendur ábyrgð á að leyfa slíkar greiðslur sem eru umfram kjarasamninga. Með því að bera saman allar greiðslur og skoða hvað liggur að baki þeim er auðvelt að finna þann launamun sem getur gefið til kynna að kynin njóti ekki jafnra launa fyrir jafnverðmæt eða sambærileg störf. Þar sem þessi mismunun liggur fyrir ber að segja slíkum samningum upp. Þeir þurfa eðlilegan uppsagnartíma. En sá tími þarf ekki að taka fjögur ár. Það á því ekki að taka mörg ár að útrýma kynbundnum launamun.

Forystumenn Reykjanesbæjar hafa lagt áherslu á að vel sé fylgst með því að viðhalda þeim árangri sem náðst hefur með því að hafna áfram kynbundnum launamun. Við erum karlar og konur, feður og mæður bæði drengja og stúlkna. Við þolum einfaldlega ekki slíka mismunun á launum fyrir sömu störf, bara af því að sá sem vinnur starfið sé karlkyns.

Niðurstaða okkar er að með ákveðnu, einföldu vinnuferli, sem fylgir fast eftir skýrri stefnu og mælir árangur, er unnt að jafna launamun á skömmum tíma.

Þetta kallar á að allir forsvarsmenn stofnana og sveitarfélaga taki ábyrgð á að fylgja pólitískri stefnu eftir. Komi fram ábendingar um misræmi, verði strax tekið á því. Forystumenn verða að hafa hugann við efnið og krefjast upplýsinga, lesa niðurstöður og krefjast aðgerða í kjölfar þeirra.

*Í stjórnunarteymi Reykjanesbæjar: Árni Sigfússon, Bjarni Þór Karlsson, Björn Samúelsson, Guðfinna Eyjólfsdóttir, Guðlaug María Lewis, Guðlaugur H. Sigurjónsson, Guðrún Þorsteinsdóttir, Gyða Margrét Arnmundsdóttir, Gylfi Jón Gylfason, Hera Ósk Einarsdóttir, Hjördís Árnadóttir, Hjörtur Zakaríasson, Pétur Jóhannsson, Ragnar Örn Pétursson, Stefán Bjarkason, Valgerður Guðmundsdóttir, Þórey I. Guðmundsdóttir.*

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.
Austurbrún 39 - Efri sérhæð með tvennum svölum




OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00
152,3 fm. efri sérhæð með tvennum svölum auk tveggja sér geymslna í kjallara og 25,6 fm. bílskúrs, samtals 185,7 fermetrar. Þrjú svefnherbergi auk húsbóndaherbergis við stofur. Aukin lofthæð er í stofum og útgangur á svalir til suðurs. Einnig útgangur á svalir úr hjónaherbergi til austurs með fallegu útsýni yfir austurborgina. Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð á sl. árum. Meðal þess sem hefur verið endurnýjað eru gólfefni, innihurðir, innrétting og tæki í eldhúsi, baðherbergi, raflagnir og tafla, svalahurðir o.fl. Parket er olíuborin eik. Innkeyrsla nýlega hellulögð. **Eignin verður til sýnis í dag. Verið velkomin.**

Nestlé PROFESSIONAL
Hvernig kaffi vilt þú?




Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is
1982 Rekstrarvörur 2012 30 ára vinna með þér
RV 10/12


ÚTILÍF
OPIÐ TIL MIÐNÆTTIS
ÞAÐ VERÐUR NÓG UM AÐ VERA Í ÚTILÍF Í KRINGLUNNI FRAM AÐ MIÐNÆTTI
COMPRESSPORT KYNNING KL. 20:00 – 22:00
20% af öllum útivistarfatnaði
20% af öllum úlpum
20% af öllum skóm
20% afsláttur af CamelBak hlaupapokum
20% afsláttur af Compressport
Sérfræðingar frá Compressport kynna hina frábæru íþróttasokka og þrýsti-kálfahlífar.
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

# Fær barnið þitt hollan og góðan skólamat?


Skólamáltíðir



**Bryndís Jónsdóttir**
framkvæmdastjóri SAMFOK, samtaka foreldra grunnskólabarna í Reykjavík



**Rósa Steingrímsdóttir**
viðskiptafræðingur og formaður Barnanna okkar, samtaka foreldra leikskólabarna í Reykjavík


Á fundi skóla- og frístundaráðs miðvikudaginn 24. október síðastliðinn var kynnt skýrsla starfshóps sem skoðaði meðal annars rekstur mötuneyta í grunnskólum og leikskólum Reykjavíkurborgar. Margt er gott í þessari skýrslu. Til dæmis má nefna nokkuð nákvæma greiningu á matarkostnaði og samanburð á ýmsum valkostum í rekstri mötuneyta. Auk þess var útbúinn þjónustustaðall þar sem meðal annars kemur fram hvernig ber að fara eftir ráðleggingum Landlæknisembættis um máltíðir í skólum og leikskólum.

### Fjármagnið dugar ekki fyrir rétt samsettum skólamáltíðum

Nokkrar áhugaverðar upplýsingar koma fram í skýrslunni sem ástæða er til að skoða nánar. Í skýrslu starfshópsins er tekinn saman matseðill sem uppfyllir manneldismarkmið og hráefniskostnaður reiknaður út frá honum. Kostnaður við máltíð á hvert barn á dag er þar áætlaður á verðbilinu 315–388 krónur. Hins vegar gerði fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2012 ráð fyrir mun lægri upphæð eða kr. 221 á dag fyrir grunnskólabarn og kr. 274 á dag fyrir leikskólabarn. Í leikskólum þarf upphæðin að duga fyrir þremur máltíðum á dag auk ávaxtastundar en einni máltíð í grunnskólum. Það er verulegt áhyggjuefni hve miklu munar á úthlutuðu fjármagni til matarkaupa og útreiknuðum hráefniskostnaði samkvæmt viðmiðunarmatseðli sem uppfyllir ráðleggingar Landlæknisembættis. Sé tekið tillit til að ekki hefur verið veitt sérstaklega fjármagn til hráefniskaupa fyrir leikskólastarfsfólk, sem matast með börnunum, og að mögulega á eftir að verðbæta áætlaðan kostnað frá þeim tölum sem fram koma í skýrslunni, þá vantar jafnvel enn meira upp á að fjárhagsúthlutun dugi fyrir rétt samsettum matseðli á báðum skólastigum.

### Lögin tryggja réttindi barna

Í grunnskólalögum er kveðið á um að matur í skólum skuli vera í samræmi við manneldismarkmið. Landlæknisembættið, fyrrum Lýðheilsustöð, hefur tekið saman ráðleggingar um mataræði með það að markmiði að koma í veg fyrir skort á næringarefnum, stuðla að jafnvægi á milli næringarefna, heilbrigðri líkamsþyngd og heilsusamlegu líferni.

### Úrræði skólanna eru takmörkuð

Þessi munur á kostnaði vegna rétt samsettra máltíða og raunverulegu framlagi til hráefniskaupa býður upp á vangaveltur um það hvort börn séu annaðhvort ekki að fá nóg að borða eða verið sé að bjóða þeim í of miklum mæli upp á máltíðir sem innihalda til dæmis ódýr kolvetni (pasta, spaghettí og hrísgrjón), fisk- og kjötbollur sem innihalda að mestu mjöl, innmat og svo framvegis á kostnað dýrari valkosta á borð við kjöt, fisk, grænmeti og ávexti. Sé það ekki raunin, er þá það sem upp á vantar tekið af öðrum rekstrarliðum? Er þá verið að rýra þjónustu við börn á öðrum sviðum? Eða fara skólar fram úr fjárhagsáætlun til að fjármagna matarinnkaup? Ljóst er að þetta reikningsdæmi gengur að minnsta kosti ekki upp.

### Tryggja þarf fé fyrir rétt samsettum skólamáltíðum

Í ljósi þess að flest leikskólabörn og yngstu grunnskólabörnin eru a.m.k. 8 tíma á dag í skólanum, þá þurfa þau að fá 70% af orku- og næringarefnaþörf líkamans í gegnum máltíðir sem skólinn veitir samkvæmt ráðleggingum Landlæknisembættisins. Sömu ráðleggingar kveða á um að skólamáltíð í grunnskóla ásamt morgunbita á nestistíma ætti að veita um þriðjung orku- og næringarefnaþarfar barna og unglinga. Það er sérstaklega mikilvægt að skólum og leikskólum sé tryggt nægt fjármagn til þess að geta boðið upp á heilsusamlegar og rétt samsettar máltíðir sem uppfylla næringarþarfir barna og unglinga. Við hvetjum Reykjavíkurborg til að tryggja næga fjármuni til hráefniskaupa og foreldra til að fylgjast með hvort þeirra leik- eða grunnskóli hafi nægt fjármagn til að bjóða upp á rétt samsettar máltíðir. Umrædda skýrslu má finna á heimasíðum samtaka leik- og grunnskólaforeldra, www.borninokkar.is og www.samfok.is.

# Hungurlúsin


Kjaramál



**Guðjón Ragnar Jónasson**
framhaldsskólakennari


Á dögunum gerði Félag framhaldsskólakennara samning við ríkisvaldið sem byggir á kjarasamningi frá árinu 2011. Í honum var ákvæði um endurskoðun á starfskjörum framhaldsskólakennara haustið 2012 til að bregðast við óheppilegri launaþróun.

Í febrúar 2006, þegar hið svokallaða tíu punkta samkomulag um sókn í skólamálum var undirritað, voru meðaldagvinnulaun félaga í BHM þau sömu og framhaldsskólakennara. Um mitt ár 2006 voru meðallaun þeirra um 280.000 kr. en félagsmenn BHM höfðu skriðið yfir 300.000 króna múrinn. Í dag eru meðaldagvinnulaun framhaldsskólakennara 379.197 kr. en meðallaun félaga BHM um 438.856 kr. á mánuði. Munurinn jókst þegar hjúkrunarfræðingar yfirgáfu BHM árið 2009; sú stétt á það sammerkt með kennurum að bera lítið úr býtum. Hjúkrunarfræðingar hafa þó verið óþreytandi við að klifa á bágum kjörum sínum á meðan þögnin er aðalsmerki málsvara íslenskra kennara.

Markmið nýja samningsins er að sporna við óæskilegri launaþróun og hafa til hliðsjónar aðrar stéttir háskólamanna. Í staðinn tækju kennarar þátt í innleiðingu nýrra framhaldsskólalaga. Skoða á vinnutímann en framhaldsskólakennarar hafa búið við traust og unnið fjarri stimpilklukku og án ægivalds skólastjórnenda, ólíkt grunnskólakennurum sem lúta síauknu forræði skólastjóra og víða glymur þeim klukkan. Fyrir þetta hækki útborgunin um rúmar 4.000 kr. og svo aftur fyrir jólin 2013 um 2.000 krónur. Kennarar sem vinna við námskrárgerð geta eygt von um nokkrar krónur en menntamálaráðuneytið úthlutar sérstöku fé til skólameistara. Mér er til efs að peningar skili sér til kennara.

Fyrirætlanir kjarasamningsins frá 2011 um viðbrögð við óæskilegri launaþróun hafa ekki gengið eftir. Sett voru ný og rándýr framhaldsskólalög sem verða ekki að veruleika án atbeina kennara. Það er óábyrgt af kennurum að samþykkja að hefja formlega innleiðingu laganna án nægjanlegs fjármagns.

Kennarar verða að vera staðfastir, hafna samningstilboðinu og láta ekki glepjast af hræðsluáróðri. Ríkið verður að bæta kjör kennara svo að þau verði áþekk því sem þau voru eftir verkfallið 2001 en þá stóðu kennarar saman og uppskáru kjarabætur. Stjórnvöld munu ræða við kennara enda okkar ágæti menntamálaráðherra þekktur fyrir samræðustjórnmál.

Breytingaferli framhaldsskólans hefur rýrt kjör kennara. Nýi samningurinn færir kennurum einungis dúsu í munn, ekki bita sem tönn á festir. Við þurfum að eiga til stolt og hugrekki og neita að glefsa í agn sem er ekkert nema hungurlús.





**Leyfðu okkur að telja**

**Komdu með dósir og flöskur í tæknivæddar móttökustöðvar Endurvinnslunnar**






Velkomin(n) í nýja móttökustöð okkar að Dalvegi 28 Kópavogi

**Þú getur komið með heilar drykkjarumbúðir í tæknivæddar móttökustöðvar Endurvinnslunnar að Dalvegi 28 og í Knarrarvogi 4 án þess að þurfa að telja eða flokka umbúðirnar. Þannig sparar þú þér tíma og fyrirhöfn. Beyglaðar drykkjarmbúðir þarf að telja og flokka áður.**

Þann 1. nóvember lokar móttaka skilagjaldskyldra drykkjarumbúða hjá Sorpu Sævarhöfða og Dalvegi.

Opnum nýja tæknivædda móttökustöð í Hraunbæ í desember í samstarfi við Skátana

Endurvinnslan
skilum hreinu landi

PIPAR\TBWA • SÍA • 122364

# KONUKVÖLD

## FIMMTUDAGINN 1. NÓVEMBER
## Frá 18:30-21:00

**ÓTRÚLEG TILBOÐ**
**30%** af öllum
CHRISTMAS jólavörum
MARSEILLE sápum,
kertum og púðum

**KYNNINGAR**
Karl K. Karlsson
Hafliði súkkulaðimeistari
MARSEILLE sápur
Kaffitár
Búrið

**DAGSKRÁ**
Lifandi tónlist
Frostrósir
Friðrik Ómar
Happdrætti






BÚRIÐ
ICELANDIC HANDMADE CHOCOLATE
TORRES
Kaffitár

ILVA Korputorgi, s: 522 4500
laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18
mánudaga - föstudaga 11-18:30 www.ILVA.is




# Áhyggjufulli unglingurinn

Samfélagsmál



**Atli Viðar Bragason**
sálfræðingur hjá Kvíðameðferðarstöðinni

Kristín er 14 ára gömul stúlka. Hún hefur áhyggjur af flestu sem hún þarf að gera. Aðallega finnur hún fyrir óöryggi í nýjum aðstæðum og þolir illa óvissu í daglegu lífi. Hún hefur fyrir fram áhyggjur af atburðum sem eru í vændum. Áður en Kristín fer í skólann kvartar hún reglulega undan magaverk. Í skólanum hefur hún áhyggjur af því að gera mistök, vera sein eða lenda í vandræðum. Hegðun hennar er til fyrirmyndar í skólanum og lætur hún lítið fara fyrir sér. Öll verkefni í skólanum þurfa að vera fullkomin og vinnur hún hörðum höndum að þeim. Hún sækist stöðugt eftir hughreystingu frá foreldrum sínum og spyr endurtekið eins og: Hvað gerist ef ég kem of seint? eða hvað ef ég svara spurningum í tíma vitlaust?

Flestir unglingar finna af og til fyrir kvíða eða áhyggjum í sínu daglega lífi. Kvíðinn getur komið fram í mismunandi aðstæðum. Til dæmis þegar á að fara í próf, hitta aðra, mæta í félagsmiðstöðina, keppa í íþróttum, lesa upp verkefni í tímum, mæta á fyrsta degi í skólann eða bara þegar legið er uppi í sófa. Hóflegur kvíði er eðlileg tilfinning sem getur í mörgum tilvikum hjálpað fólki að takast á við aðstæður og ýtt undir að það nái árangri. Til dæmis getur hóflegur kvíði reynst gagnlegur til þess að leggja nægilega mikið á sig í undirbúningi fyrir próf. Flestir takast á við kvíða og leysa úr honum án sérstakrar aðstoðar. Þetta á við jafnt um unglinga sem fullorðna.

> Rannsóknir sýna að árangur hugrænnar atferlismeðferðar við kvíða barna og unglinga er góður.

Sumir unglingar, eins og Kristín, glíma hins vegar við of mikinn kvíða sem hamlar þeim í daglegu lífi. Talið er að um 10-13% barna glími við hamlandi kvíða. Það þýðir að í hverjum bekk eru u.þ.b. tveir unglingar sem glíma við kvíðavanda. Hamlandi kvíði getur birst í stöðugum áhyggjum af öllu og engu. Áhyggjur geta haft veruleg áhrif á hegðun og líðan og skert lífsgæði til lengri tíma. Þegar um er að ræða of mikinn kvíða þá óttast unglingurinn að eitthvað fari úrskeiðis eða hætta steðji að. Það er einkennandi fyrir einstaklinga sem glíma við kvíða að þeir telja sig ekki hafa færni eða bjargráð til að takast á við það sem þeir óttast. Þegar unglingurinn forðast æ oftar aðstæður sem vekja kvíða þá er kvíðinn orðinn hamlandi.

Það sem býr að baki hamlandi kvíða er samspil nokkurra þátta. Þar á meðal eru hugsanir, hegðun og líkamleg einkenni. Hugsunin einkennist oft af áhyggjum af einhverju sem gæti mögulega gerst eða endað illa. Það gæti til dæmis tengst því að standa sig illa á prófi, mismæla sig fyrir framan aðra, gera mistök, taka ranga ákvörðun eða það að eitthvað slæmt komi fyrir fjölskyldumeðlim. Sumir verða mjög áhyggjufullir þegar foreldrar eru fjarri þeim (t.d. í ferðalagi) og ímynda sér jafnvel að þeir séu í hættu. Það getur leitt til þess að unglingurinn hringi stöðugt í foreldra sína til að athuga með þá og leiti eftir hughreystingu um að allt sé í lagi. Þessu geta fylgt líkamleg einkenni á borð við magaverk og öran hjartslátt. Sumir bregðast við með því að verða pirraðir eða reiðir ef foreldrarnir svara ekki símanum eða láta ekki vita af sér.

Fyrir foreldra er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að ef unglingurinn þeirra glímir við of mikinn kvíða sem er ómeðhöndlaður til lengri tíma þá getur það leitt til verulegrar vanlíðunar, bæði á unglingsárum og síðar meir. Kvíðinn getur truflað myndun vináttutengsla, frammistöðu í námi, dregið úr almennri gleði og sjálfstrausti unglingsins. Margir þeirra sem eru haldnir kvíðaröskun á fullorðinsárum greina frá því að hafa verið kvíðnir sem unglingar. Þegar gripið er snemma inn í vandann má oft snúa þessari þróun við. Rannsóknir sýna að árangur hugrænnar atferlismeðferðar við kvíða barna og unglinga er góður. Í hugrænni atferlismeðferð fær viðkomandi fræðslu um kvíða og hjálp til að takast á við áhyggjur og ótta skref fyrir skref. Fræðsla til foreldra og þátttaka þeirra í meðferð skiptir einnig máli þar sem þeir standa unglingunum næst. Mikilvægt er fyrir foreldra að hvetja unglinginn sinn til að takast á við kvíðann og hjálpa honum að leita leiða til þess. Fyrsta skrefið er að spyrja hann út í kvíðann. Þannig fást fram hverjar eru hugsanirnar á bak við kvíðann. Gott er að spyrja spurninga á borð við: Hvað er það sem þú óttast að geti gerst? Þegar það liggur fyrir er hægt að skoða óttann nánar og takast á við hann. Í hvert sinn sem unglingurinn tekst á við ótta sinn öðlast hann um leið aukinn styrk, hugrekki og sjálfsöryggi.

# Þegar ég dey

Samfélagsmál



**Davíð Ingi Magnússon**
hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Þegar ég kveð þennan heim hætta ákveðin ensím og taugaboð að myndast í heilanum. Hugsanir, hreyfingar og tilfinningar mínar verða að engu. Líkami minn verður að öllum líkindum grafinn, enda hugnast mér líkbruni illa. Áður en að greftrinum kemur fer líkami minn í ákveðið ferli hjá næstu heilbrigðisstofnun við dánarstað minn.

Á bak við þetta ferli stendur vel menntað fólk á borð við lækna og hjúkrunarfræðinga. Það er gott að hugsa til þess að hæft fólk muni annast jarðneskar leifar mínar eftir minn dag. Það eru þó blikur á lofti hvað varðar hæfi þessara heilbrigðisstarfsmanna. Ástæðan er ekki sú að heilbrigðisstarfsmenn á Íslandi séu vanhæfir til þess að sinna störfum sínum en vegna niðurskurðar til Háskóla Íslands, gæti svo farið.

Niðurskurðurinn bitnar með beinum hætti á verðandi heilbrigðisstarfsmönnum og nú þegar hefur Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, sökum fjárskorts, þurft að fella niður hluta af námskeiði um meðhöndlun líka.

Hvernig eiga þessir starfsmenn að geta sinnt skyldum sínum ef þekkingin er ekki til staðar? Mun líkami okkar fá þá virðingu að vera meðhöndlaður af hæfu starfsfólki eftir okkar dag?

Ég beini þessum einföldu spurningum til ráðamanna í íslensku samfélagi og óska eftir því að þeir íhugi vandlega í hvað fjármagnið fer þegar fjárlög til Háskóla Íslands verða tekin til skoðunar á næstu vikum.

Ég tel að svarið sé einfalt. Fyrsta flokks háskólar, fyrsta flokks samfélag. Annars flokks háskólar, annars flokks samfélag.

# Nýtt!

*Smakkaðu nýtt Lífskorn, brauðið í græna pokanum. Það inniheldur sólblómafræ og hörfræ. Leyfðu öðrum að smakka líka.*







*Kynntu þér gæði og hollustu Lífskorns frá Myllunni á **myllan.is***

# Prófaðu nýtt Lífskorn frá Myllunni

## Smakkaðu Lífskornið í græna pokanum í dag

Báðar tegundir Lífskorns eru trefjarík heilkornabrauð og innihalda hýði, mjölva og kím kornsins sem eru rík af andoxunar- og jurtaefnum og líkamanum því heilnæm. Kauptu Lífskorn í dag. Mundu að umbúðirnar á nýja brauðinu eru grænar.

*Báðar tegundirnar af Lífskorni uppfylla skilyrði Skráargatsins fyrir hollustu vörur í sínum flokki. Lífskornið inniheldur prótein, flókin kolvetni og heilnæm plöntuefni. Gerðu eitthvað nýtt í dag. Smakkaðu nýja Lífskornið.*

*Taktu þátt í umræðunni á* ***facebook.com/Myllubraud***




**Lífskorn**
**Sólblómafræ & hörfræ**

**Lífskorn**
**Heil hveitikorn & rúgur**

*Lífskorn Myllunnar uppfyllir öll skilyrði Skráargatsins sem einungis hlotnast hollustu vörunum í sínum flokki.*



## Myllan á netinu

Kíktu á vefsíðuna okkar www.myllan.is. Þar eru upplýsingar um vörurnar okkar. Þar má líka finna heilsustefnuna okkar auk fróðleiks, greina og uppskrifta. Einnig má finna þar greinargóðar upplýsingar um orku- og næringarefni. Myllan er líka á Facebook - láttu þér líka við okkur!

www.myllan.is

MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ

# tímamót

timamot@frettabladid.is



47 **HRAFN JÖKULSSON** rithöfundur á afmæli í dag
*„Sumar nætur eru best gleymdar.“*

JÓN SIGURBJÖRNSSON LEIKARI: ER NÍRÆÐUR Í DAG

# Elda stundum pasta og líka fisk



**LEIKARINN** „Ég er orðinn svo valtur að ég get ekki látið sjá mig uppi á sviði,“ segir Jón sem býr einn á Helgastöðum, þrátt fyrir háan aldur. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

„Afmælisviðtal? ja, farðu í logandi. Hvað sagðist þú heita? Ég heyri ekki nógu vel en það er kannski eðlilegt miðað við hvað er að ganga í garð,“ Einhvern veginn svona byrjar símtalið við Jón leikara Sigurbjörnsson sem er níræður í dag og bráðhress.

Jón býr á Helgastöðum 1 á Skeiðum þar sem hann hefur átt heimili í tuttugu ár undir hinu dulúðuga Vörðufelli – og hann býr einn. „Ég sé um matinn og það sem þarf. Kaupi reyndar mikið tilbúið og hita það í örbylgjuofninum en ég elda stundum pasta og líka fisk. Ég geri það,“ segir hann spurður hvort hann sjái alfarið um sig sjálfur. „En dætur mínar hugsa vel um mig. Ég á tvær, önnur er í bænum og hin á Selfossi. Þær eru ómetanlegar og barnabörnin tvö eru yndisleg líka,“ bætir hann við hlýlega.

Sveitalífið á vel við Jón enda ólst hann upp í Borgarfirðinum. Hestar hafa lengi verið líf hans og yndi og eru enn. „Ég er með hesta hér sem fjölskyldan á, dætur mínar og dótturdóttir. Þeir eru uppi í fjalli í góðum haga og fara aldrei inn en ég á nóg hey og þeim er gefið úti þegar þörf er á. Ég er orðinn það svag í löppunum að ég á orðið svolítið erfitt með jafnvægið. Það er það eina sem er að hrella mig en það er nóg til þess að ég er hættur að hýsa hrossin og hættur að fara á bak, því miður. Það er nú svolítið leiðinlegt því ég fór á hestbak í fjörutíu ár.“

Hann kveðst líka hættur að leika. „Ég er orðinn svo valtur að ég get ekki látið sjá mig uppi á sviði,“ segir hann í gamansömum tón. „Svo þegar maður er á þessum aldri þá er minnið að fara smátt og smátt. En ég lék örlítið í kvikmynd fyrir nokkrum árum. Það er allt öðruvísi.“

Ekki hefur Jón hugmynd um fjölda hlutverka sem hann hefur skilað en þau eru orðin mörg. „Það eru 63 ár síðan ég fór fyrst á svið í Iðnó í ansi merkilegri sýningu, það var Hamlet. Ég lék að vísu ekki Hamlet heldur einkavin hans, Hóras. Það var mín frumraun vorið 1949. Leikferillinn fór vel af stað og entist líka vel. Ég byrjaði hjá Leikfélagi Reykjavíkur og endaði þar líka en var nokkuð mörg ár í Þjóðleikhúsinu á milli.“ Spurður hvort hann fari stundum í leikhús svarar Jón. „Ég fer mjög sjaldan í bæinn. Ég vil ekki keyra mikið og hef ekki farið í leikhús nokkuð lengi.“

gun@frettabladid.is

---

†



Systir okkar,

**HALLA EYJÓLFSDÓTTIR KOLBEINS**

lést á hjúkrunarheimilinu Grund 15. október sl. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Lilja E. Kolbeins** **Ásta E. Kolbeins**

---

†



Þökkum öllum þeim sem sýndu okkur samúð og styrk á erfiðum tíma og

**BIRGI HELGASYNI**

vináttu gegnum árin og hinstu virðingu. Starfsfólki Skógarbæjar þökkum við fyrir góða umönnun.

**Kristín Inga Birgisdóttir**
**Erik Ingemann Jensen**
**Birgir og Björg Hanna.**

---

†



Okkar ástkæri

**ÓLAFUR GUNNAR JÓNSSON**

lést í Mt. Dora, Flórída, föstudaginn 5. október. Bálför hans hefur farið fram. Þökkum auðsýnda samúð.

**Gerður Jóhannesdóttir Thorberg**
**Systa**
**og fjölskylda.**

---

†



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN KRISTJÁNSDÓTTIR**
**frá Fellshlíð,**

lést laugardaginn 27. október. Útför fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 6. nóvember kl. 13.30.

**Jón Kristjánsson**
**Kristján Jónsson**
**Jón Gunnar Jónsson** **Ingigerður Guðmundsdóttir**
**Soffía Jónsdóttir** **Halldór Brynjarsson**
**Rósa Guðrún Daníelsdóttir** **Guðmundur B. Þórðarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**INGÓLFUR GUÐJÓNSSON**
**frá Eyri, Ingólfsfirði,**
**Nýbýlavegi 80, Kópavogi,**

sem lést mánudaginn 22. október, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju föstudaginn 2. nóvember kl. 13.00.

**Ólafur Ingólfsson** **Svanhildur Guðmundsdóttir**
**Lára Ingólfsdóttir** **Jón Leifur Óskarsson**
**Sigurður Ingólfsson** **Ingunn Hinriksdóttir**
**Halldór Kr. Ingólfsson** **Hrönn Jónsdóttir**
**Guðjón Ingólfsson** **Harpa Snorradóttir**
**Þórhildur Hrönn Ingólfsdóttir** **Guðmundur Jóhann Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**AGNES JÓNSDÓTTIR**
**hárgreiðslumeistari,**
**Maríubaugi 103, Reykjavík,**

lést á krabbameinsdeild Landspítalans mánudaginn 29. október. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 6. nóvember kl. 11.

**Rúnar Jónsson**
**Birgitta Sveinbjörnsdóttir** **Eyþór Sigurðsson**
**Jón Ómar Sveinbjörnsson** **Hildur Hrund Sigurðardóttir**
**Hafsteinn Bergmann Sveinbjörnsson** **Soffía Árnadóttir**
**Ingibjörg Ásta Rúnarsdóttir** **Stefán Birnir Sverrisson**
**Hildur Björk Rúnarsdóttir** **Gísli E. Haraldsson**
**Guðný Hrund Rúnarsdóttir** **Þórður Guðmundsson**
**Jón Ari Rúnarsson** **María Björk Ólafsdóttir**
**og ömmubörn.**

---

†



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**KRISTÍNAR MAGNÚSDÓTTUR**
**Pósthússtræti 1, Keflavík.**

**Arnoddur Tyrfingsson**
**Arnheiður Magnúsdóttir** **Jóhann Þór Hopkins**
**Elísabet Arnoddsdóttir** **Magnús Ársælsson**
**Erla Arnoddsdóttir** **Vilhjálmur Ingvarsson**
**Jón Ármann Arnoddsson** **Svanhildur Leifsdóttir**
**Eva Lind Jóhannsdóttir** **Unnar Bjartmarsson**
**börn og barnabörn.**

---

†



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**KRISTÍN SIGHVATSDÓTTIR LYNCH**
**4741 N Wycliffe Dr,**
**Prescott Valley, AZ 86314,**

lést á heimili sínu föstudaginn 26. október. Útförin fer fram í Prescott Valley laugardaginn 10. nóvember.

**Charles Lynch**
**Michael T. Lynch**
**John D. Lynch** **Darleen Lynch**
**Steven J. Lynch** **Sheryl Lynch**
**Cynthia, Scott og Sidney**

---

†



Elskulegur sonur okkar, bróðir og faðir,

**HALLDÓR GUNNLAUGSSON**
**Hamravík 28,**

sem lést þriðjudaginn 23. október 2012, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 1. nóvember kl. 13.

**Rósa Emilía Óladóttir** **Gunnar Ársælsson**
**Sindri Gunnarsson** **Vala Ósk Gylfadóttir**
**Guðrún Björg Gunnarsdóttir**
**Ágúst Freyr Halldórsson**
**Elín Helga Halldórsdóttir**
**Sölvi Thor Halldórsson**
**Emilía Ósk Halldórsdóttir**

---

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HREFNA DANÍELSDÓTTIR**
**Lerkigrund 3, Akranesi,**

lést 29. október sl. Útförin fer fram frá Akraneskirkju mánudaginn 5. nóvember kl. 14.

**Þórður Elíasson** **Hrönn Ríkharðsdóttir**
**Sigrún Elíasdóttir** **Jón Atli Sigurðsson**
**Frímann Smári Elíasson**
**Hrafn Elvar Elíasson** **Ágústa H. Friðriksdóttir**
**Daníel Rúnar Elíasson** **Halla Ingólfsdóttir**
**Elías Rúnar Elíasson** **Kolbrún J. Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær eiginkona mín, dóttir mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**STEINUNN H. SIGURÐARDÓTTIR**
**Tröllateigi 47, Mosfellsbæ,**

sem lést laugardaginn 27. október, verður jarðsungin frá Fella- og Hólakirkju mánudaginn 5. nóvember kl. 15.00.

**Alfreð Alfreðsson**
**Margrét J. Jónasdóttir**
**Sigurður Ö. Alfreðsson** **Rósfríður F. Þorvaldsdóttir**
**Óskar M. Alfreðsson** **María Sturludóttir**
**Hanna M. Alfreðsdóttir** **Valdimar R. Arnarson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**ANNA HELGADÓTTIR**
**kennari,**
**Bogasíðu 6, Akureyri,**

varð bráðkvödd sunnudaginn 28. október. Útförin verður gerð frá Akureyrarkirkju, föstudaginn 9. nóvember kl. 13.30.

**Helga Barðadóttir** **Gunnar Örn Ingólfsson**
**Hákon og Kári**
**Þórný Barðadóttir**
**Aðalheiður Anna og Barði Þór**
**Þórhallur Barðason**
**Brynhildur Þorbjörg**

4BLS BÆKLINGUR

# ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

## STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM

**0% VEXTIR**
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI

Nú fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum til allt að 12 mánaða með 3,5% lántökugjald og 340kr greiðslugjald af hverjum gjalddaga.

33% AFSLÁTTUR

satzuma

**4GB MINNISLYKILL**
Glæsilegt úrval skemmtilegra minnislykla frá Satzuma nú á ótrúlegu tilboðsverði!
**1.990**
HENTUGT Í ALLA PAKKA

USB 3.0
10X HRAÐARA TENGI OG SAMHÆFT VIÐ ELDRI USB2 Á ENN MEIRI HRAÐA

SÁ MINNSTI AF SINNI TEGUND

LACIE

**1TB FLAKKARI**
Örsmái LaCie Rikiki USB 3.0 er minnsti USB3 flakkari í heimi og á ótrúlegu tilboðsverði!
**19.900**
500GB 14.900 • 1.5TB 27.900

7" Spjaldtölva með 5-punkta 800x480 fjölsnertiskjá 19.900

8" Spjaldtölva með 5-punkta 800x600 fjölsnertiskjá 24.900

10" Spjaldtölva með 5-punkta 1024x600 fjölsnertiskjá 32.900

POINT OF VIEW

NÝ KYNSLÓÐ
**ProTab**
Glæsilegar multimedia spjaldtölvur fyrir leiki, tónlist, kvikmyndir, internetið og tölvupóstinn með Google Android 4.0 stýrikerfi

LACIE

USB 3.0
VIRKAR EINNIG Á ELDRI USB2 Á ENN MEIRI HRAÐA

**2TB FLAKKARI**
LaCie Minimus er glæsilegur og hraðvirkur USB 3.0 flakkari í höggvörðu burstuðu álhúsi
**24.900**
3TB Á TILBOÐI 34.900

SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP








1. NÓVEMBER 2012 - BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL




# GIGABYTE
**DELUXE TÖLVUTILBOÐ 1**

- Thermaltake V3 BlacX Deluxe turn
- AMD A6-5400K Dual Core 3.8GHz Turbo
- 8GB DUAL DDR3 1600MHz minni
- 120GB SSD Chronos SATA3 diskur
- 1TB SATA3 7200RPM 64MB diskur
- 2GB Radeon HD7540D DX11 skjákjarni
- 20x DVD SuperMulti skrifari
- Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum

**119.900**
DELUXE VÉL Í LEIKI OG VINNSLU




# GIGABYTE
**3D MONSTER TILBOÐ 2**

- Thermaltake V9 BlacX leikjaturn
- Intel Core i5-3450 Quad 3.5GHz Turbo 6MB
- 8GB DUAL DDR3 1600MHz minni
- 2TB SATA3 7200RPM 64MB diskur
- 20x DVD SuperMulti skrifari
- 1GB ATI HD7770 OC DX11 skjákort
- 5.1 HD Home Theater hljóðstýring
- Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum

**169.900**
ÞESSI ER TILBÚIN Í ALLA LEIKI :-)




Wi-Fi ÞRÁÐLAUS

**20% AFSLÁTTUR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST**

# MG5350
## ALL IN ONE FRÁ CANON

Frábær ein með öllu græja frá Canon sem prentar, skannar og ljósritar, allt þráðlaust með WiFi netkorti, hagkvæmur rekstur með 5 hylkja kerfi, 7.5cm skjár sýnir allar aðgerðir og myndir

- Prentar, skannar og ljósritar
- 5 stök hylki fyrir hámarksnýtingu
- Prentar báðum megin með Auto Duplex
- ESAT hraði 12.5 bls á mín í svörtu / 9.3 í lit
- 100% jaðarprentun í allt að A4
- 2400x4800dpi hágæða A4 skanni
- 7.5cm litaskjár sýnir myndir og aðgerðir



300ÁRA CHROMALIFE+ LJÓSMYNDA ENDING

Canon

**19.900**
ÞRÁÐLAUST FJÖLNOTATÆKI




ENN BETRA VERÐ!

# 120GB SSD
**SATA3 SOLID STATE DISKUR**

- 120GB Mushkin Chronos SSD diskur
- Háhraða SATA3 SSD stýrikerfisdiskur
- Höggvarinn að 1500G álagi
- Read 550MB/sec, Write 515MB/sec
- SandForce SF2281 háhraða stýring
- TRIM fyrir meiri stýrikerfishraða
- 90000 IOPS einn hraðasti SSD í dag

**16.900**
60GB 11.900 • 240GB 32.900



# PC320 G4ME

- Ein bestu leikjaheyrnatól í heimi
- Opin hönnun tryggir hljómgæðin
- Stillanlegur Noise-Canceling MIC
- MIC sveiflað aftur til að slökkva
- Byggð úr sterku en fisléttu efni
- Fislétt og ótrúlega þægileg

**11.900**
SENNHEISER HEYRNARTÓL

Ertu í vandræðum með þráðlausa netið?



# NET YFIR RAFMAGN

Með 500Mbps HomePlug frá TRENDnet er hægt að tengjast heimaneti í gegnum rafmagnstengla í húsinu á auðveldan og öruggan máta :)

TRENDNET

**12.900**
VIÐBÓTAR EINING AÐEINS 6.990

MINNI Á BETRA VERÐI



# 8GB MUSHKIN MINNI

Hágæða Mushkin 1600MHz DDR3 vinnsluminni með Blackline kæliplötum og lífstíðarábyrgð.

**7.990**
4GB 3.990 • 16GB 16.900



ÁBRENNT ÍSLENSKT LETUR

# GIGABYTE FORCE K3

Glæsilegt leikjalyklaborð með sérstakri Matt Black áferð ásamt ábrenndu íslensku letri

**6.990**
GIGABYTE FORCE K3 LEIKJALYKLABORÐ



# LEVEL10 M
**THERMALTAKE LEIKJAMÚS**

- Gaming Gear Laser 8200dpi vél
- Framleidd úr M.G.R hágæða málmblöndu
- 128K minni fyrir leikjaprófíla og macros
- 3D Axis - Hægt að stilla á alla kanta
- Hönnuð með endingu og þægindi í huga
- Opin skel með kælibúnaði fyrir notanda
- Öflugur hugbúnaður til að stilla allt

Tt eSPORTS

**16.900**
FÆST Í 3 LITUM

TÖLV

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## GRÁIR SKUGGAR

**Augnskuggar haustsins eru í gráum tónum, sumir segja reyklitaðir. Grá litbrigði passa ágætlega við haustlitina, setjið fyrst bláan lit á augnlokin en síðan gráu litina þar fyrir ofan. Þessir litir eru frá Urban Decay og kallast Smoked. Erlend tískublöð mæla með þessu tíu lita boxi.**


Eirberg



Rodalon sótthreinsun
• Gegn myglusveppi
• Eyðir lykt úr fatnaði

Opið kl. 9 -18 • laugardaga kl. 11 -16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is






Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga

Vertu vinur





-20% af
hōgl

hjá Hafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18
laugardaga frá kl. 10-16


# FÓLK LIFNAÐI VIÐ

**HEILSUHÓTEL ÍSLANDS KYNNIR** *Textílkennarinn Kristbjörg Hermannsdóttir endurheimti aukin lífsgæði þegar eiginmaður hennar hvatti hana til betra lífs.*

Það var kominn tími til að snúa við blaðinu og koma sér á rétt ról," svarar Kristbjörg, spurð út í dvöl sína á Heilsuhóteli Íslands.

„Ég fór eftir hvatningu frá eiginmanni mínum með jákvæðni að vopni og opnum huga. Hann tók við börnum og búi á meðan ég tókst á við sjálfa mig og upplifunin var frábær. Starfsfólkið var yndislegt og allt utanumhald, stuðningur og hvatning til fyrirmyndar," segir Kristbjörg ánægð með dvölina.

Markmið Kristbjargar var að taka til í mataræðinu, auka hreyfingu og bæta andlega líðan. „Mér fannst gott að kúpla mig út úr daglegri rútínu til að vinna í sjálfri mér með öðrum þátttakendum sem stóðu í sömu sporum. Hópurinn var einstakur og ríkjandi samkennd."

Kristbjörg segir tvær vikur hæfilega langan tíma til að koma sér í gang á ný. „Ég var uppfull af orku og fannst ég geta sigrað heiminn eftir dvölina. Ég trúði því að hvítt hveiti og sykur færu aldrei framar inn fyrir mínar varir en sú varð ekki raunin. Er ekki líka flest gott í hófi? Mér tekst þokkalega að halda virkum dögum ásættanlegum en viðurkenni fúslega að helgarnar geta oft verið strembnar. Það er verðugt lífsverkefni að ná jafnvægi í þessu öllu saman."

Kristbjörg hefur nú misst tíu kíló og hleypur og syndir sér til heilsubótar. „Ég hafði aldrei hlaupið að ráði og fannst það satt að segja leiðinlegt. Í dag hef ég náð að hlaupa yfir tíu kílómetra í einu og hreyfi mig sex daga vikunnar."

Kristbjörg greindist nýverið með vefjagigt en hún leitaði til læknis eftir ábendingu nuddara Heilsuhótelsins. „Vefjagigtin er og verður til staðar en með bættu mataræði, slökun, góðum svefni og hæfilegri hreyfingu er hægt að lifa góðu lífi með sjúkdómnum. Ég greindist mjög snemma í ferlinu svo má segja að sé lán í óláni."

Kristbjörg segist vel geta hugsað sér að fara aftur til dvalar á Heilsuhóteli Íslands. „Þetta var rétta skrefið fyrir mig til að endurheimta orkuna og viljann til að láta mér líða betur."



**SETTI SJÁLFA SIG Í FYRSTA SÆTI**
Kristbjörg segist hafa eignast góða kunningja á Heilsuhótelinu sem eru henni ómetanlegt stuðningsnet. „Að sjá fólk blómstra veitti mér styrk og fólk lifnaði svo sannarlega við. Þá sannfærðist ég um að vera á réttum stað því Heilsuhótel Íslands gefur byr undir báða vængi."
MYND/STEFÁN

## Næstu námskeið

5.-16. nóvember 2012 **Heilsa II**
Spennandi framhaldsnámskeið (detox) Desember - allt fullt.

**Á nýju ári, 2013**
4. -18. janúar heilsunámskeið 2 vikur (detox) Enn laust 1. - 15. febrúar 2013 heilsunámskeið 2 vikur (detox) Gestafyrirlesarar og nýjungar.

**Helgarævintýri**
Bóndadagur, hjónahelgi :)
18. -20. janúar 2013

**Stelpuhelgar - saumaklúbbar 2013**
25.-27. janúar
15.-17. febrúar
22.-24. febrúar
Þema og spennandi fyrirlestrar



Upplýsingar í síma 512-8040
heilsa@heilsuhotel.is
www.heilsuhotel.is


Gerðu gæða- og verðsamanburð

12 mánaða vaxtalausar greiðslur*

ÝMIR, SAGA, FREYJA, ÞÓR OG ÓÐINN
Hágæða svæðisskiptar heilsudýnur



ÝMIR rúm 153x203 aðeins kr. 124.900



FINNDU MUNINN

Tilboðsverð
Valhöll heilsudýna
5 svæðaskipt gormakerfi
153x203 aðeins kr. 89.900

Svefn & heilsa
★★★★★

www.svefn.is

*3,5% lántökugjald

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00

**FÓLK** ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Jónína María Hafsteinsdóttir**
**jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson**
**sverrirbs@365.is,** s 512 5432
**Elsa Jensdóttir**
**elsaj@365.is** s. 512-5427

VETRARDAGAR
15% afsláttur af Basler vörum

BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770

## LEÐURKLÆDD Í MADRID

**SJÁLFSTÆÐ** Leikkonan Gwyneth Paltrow var stödd í Madrid á Spáni á mánudag til að kynna nýjan dömuilm frá Boss, Nuit Pout Femme. Þrátt fyrir að leður sé mikið í tísku um þessar mundir stóðu margar tískulöggur á öndinni yfir því að þessi fertuga tveggja barna móðir skyldi mæta í einföldum leðurkjól á kynninguna. Töluðu sumir um tískuslys en aðrir töldu hana bera vel þennan kjól. Kjóllinn, sem er einfaldur í sniði, er að sjálfsögðu frá Hugo Boss. Leikkonan tók vel í það að vera andlit nýja Boss-ilmsins, enda á hann að höfða til útivinnandi nútímamæðra, kvenna með ákveðinn stíl og metnað. Paltrow segist vera kona sem vinnur mikið en þó móðir sem elskar börnin sín. Ilmurinn verður kynntur í Þýskalandi og Bretlandi á næstu dögum.



# TAUBLEIUR VINSÆLAR

**TAUBLEIUTÍSKA** *Heidi Lupnaav hannar og selur taubleiur og hringasjöl undir vörumerkinu Káti fíllinn. Hún segir að mörgum finnist jafn gaman að versla taubleiur og skó.*

Taubleiur fylgja tískunni eins og föt og aðrir fylgihlutir. Heidi Lupnaav saumar fallegar taubleiur úr ólíkum efnum auk þess sem hún saumar burðarpoka. „Ég byrjaði að nota taubleiur fyrir dóttur mína sem er fædd árið 2003 af því að ég las að það væru notuð efni í pappírsbleiurnar sem gætu verið krabbameinsvaldandi," segir Heidi. „Ég hef notað taubleiur fyrir öll börnin mín, stelpuna og svo tvo stráka sem eru fæddir 2006 og 2010. Ég fór fljótlega að sauma bleiurnar sjálf og hef líka verið að sauma burðarpoka frá 2008. Fólk sem ég þekki og kannast við fór þá að spyrja hvort ég gæti saumað fyrir það líka og þannig vatt þetta upp á sig."

Heidi býður mikið úrval af taubleium og efni í þær sem hún kaupir að mestu leyti frá Bandaríkjunum. „Áhuginn á taubleiunotkun hefur aukist mikið undanfarið. Í febrúar var stofnaður spjallhópur á Facebook af nokkrum konum sem notuðu taubleiur fyrir börnin sín. Í dag eru 550 manns í þessum hópi sem spjallar um taubleiur. Þetta er mjög aðgengilegt á Facebook, þannig að það er auðveldara að fá hjálp og svör við spurningum. Áður fyrr var erfitt að fá hjálp þar sem það var enginn almennilegur vettvangur á netinu til. Pabbarnir eru líka að verða virkari í notkun á taubleium, en þeir hugsa dæmið aðallega út frá umhverfissjónarmiðum og kostnaði," segir Heidi. „Umhverfissjónarmið ráða ferðinni hjá mörgum sem velja að nota taubleiurnar auk þess sem þetta er hagkvæmari kostur en pappírsbleiurnar. Sparnaðurinn við að nota taubleiur í staðinn fyrir einnota bleiur getur verið upp í 250.000 krónur miðað við að barnið hætti á bleiu við tveggja og hálfs árs aldur. Margir sem nota taubleiurnar tala um að þetta sé minna mál en þeir bjuggust við, þetta er ekki eins og í gamla daga. Núna er úrvalið í þessu svo mikið að það er gaman að kaupa bleiurnar, næstum eins og að kaupa skó," segir Heidi og hlær.



**KÓSÍ Í BURÐARPOKA** Heidi Lupnaav saumar bæði taubleiur og burðarsjöl. Hér er hún með yngri son sinn, Bjarka Magnús, í hringsjali.

MYND/ANTON

Hún hefur einnig verið að sauma svokölluð hringasjöl. „Sum börn gráta mikið eða hafa mikla þörf fyrir nærveru. Þá eru hringasjölin góð lausn því þá er barnið þétt upp við mömmuna eða pabbann en hendurnar eru lausar og minna álag er á líkamann þegar haldið er þannig á börnunum. Sjölin eru mest notuð fyrir börn sem eru yngri en eins árs en það er líka gott að nota þetta fyrir eldri börn. Sérstaklega þegar farið er á staði þar sem vagnar eða kerrur komast ekki á. Ég sérsauma fyrir hvern og einn og er með mikið úrval af efnum sem fólk getur valið úr."

Nánari upplýsingar um hönnun Heidi má finna á heimasíðu hennar, Katifillinn.is og á Facebook.

■ lilja.bjork@365.is



**MARGLIT EFNI** Efnin sem Heidi notar í bleiurnar og sjölin koma flest frá Bandaríkjunum.



**SKRAUTLEGAR** Taubleiurnar sem Heidi saumar eru til í miklu úrvali.


Arne & Carlos kynna bókina sína á morgun frá kl. 15 og 17.
Kynningarverð kr. 3.790,-
Ármúla 18, 108 Reykjavík
Sími 511 3388
Opið mán - fös 9 - 18, lau 11-15
Amma mús handavinnuhús

NÝTT OG ENN BETRA
PRÓGASTRÓ
Góð melting er undirstaða að góðu dagsformi
UPPLIFÐU MUNINN!
PRÓGASTRÓ DDS PLÚS 3 -inniheldur m.a. hinn öfluga DDS1 asídófílus sem er bæði gall- og sýruþolin.
PRÓGASTRÓ DDS PLÚS 3 -er sannkölluð himnasending fyrir meltinguna, bætir og byggir meltingarflóruna og hefur reynst vel þeim sem þjást m.a. af meltingarkrampa, uppþembu, kandíta, lausri og tregri meltingu.
PRÓGASTRÓ kemur í 100 hylkja glerglösum með íslenskum leiðbeiningum

Þessi vara er laus við:
Mjólk
Glúten
Sykur
Soja
Rotvarnarefni
100% NÁTTÚRULEGT
Fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna
www.gengurvel.is

Arna verslun fagnar 2 ára afmæli!
20% afsláttur af öllum vörum dagana fyrsta, annan og þriðja nóvember!
Opið frá 11-18 þessa daga!
Verið velkomin
Frí heimsending út á land þessa 3 daga
ARNA
Grímsbær-Bústaðarvegi
Efstaland 27, 108 Rvk., Sími 527-1999

## SELJA FÖTIN SÍN

**FATAMARKAÐUR** Fatamarkaður verður haldinn í Hlíðarsmára 3 um helgina en að honum standa starfsstúlkur hjá Atlanta. Markaðurinn hefst í dag og stendur fram á laugardag en þar verður til sölu lítið notaður fatnaður fyrir konur og karla og einnig börn. Snyrtivörur og fylgihlutir verða einnig á boðstólum. Hópurinn hefur staðið fyrir fatamarkaði öðru hvoru í sumar og undanfarnar helgar í október en þetta verður í síðasta skipti sem þær tæma úr skápunum, í bili.



# SITUR VIÐ SAUMA

**SKÖPUNARÞÖRF** *Endurvinnsla hafði lengi verið Elínu Huldu Einarsdóttur hugleikin þegar hún dreif sig á námskeið hjá Nýsköpunarmiðstöð.*

Ég hef frá því ég man eftir mér verið að skapa allt mögulegt úr alls konar efni," segir Elín Hulda Einarsdóttir, en hún saumar barnaföt upp úr gömlum fötum undir merkinu Recycled by elinhulda.

Elín Hulda komst í gömul föt og efnisbúta hjá mömmu sinni og ömmu þegar hún var lítil og saumaði þá gjarnan barbíföt, töskur eða annað sem henni datt í hug. „Ég notaði eldgamla saumavél sem amma mín átti. Ég fékk svo nýja og góða saumavél í fermingargjöf og fór þá að sauma föt á mig upp úr gömlu og nýju efni," segir Elín Hulda. Henni þótti þó meira spennandi að vinna nýtt upp úr gömlu.

„Það er spennandi að hafa takmarkað efni í höndunum og skapa úr því nýja flík."

Elín Hulda er stúdent frá Mynd- og handmenntabraut Verkmenntaskólans á Akureyri og lærði þar fatasaum og bútasaum, tauþrykk, myndlist og fleira. Eftir stúdentspróf lá leiðin í Háskólann á Akureyri og útskrifaðist hún þaðan sem grunnskólakennari. Elín Hulda gat þó ekki hrist af sér sköpunarþörfina og var með hugann stöðugt við saumaskapinn. Hún fór á námskeið hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands um að þróa viðskiptahugmynd og markaðssetja og þá fór boltinn að rúlla. „Það má segja að sköpunarkrafturinn hafi magnast eftir að ég eignaðist son fyrir tveimur árum. Þá byrja ég að skissa hugmyndir að barnafötum og sauma á hann þægileg föt. Ég verð mér úti um flíkur hjá Rauða krossinum og vel hnökralaus og áferðarfalleg efni. Einnig gefa vinir og vandamenn mér föt sem þeir eru hættir að nota. Ég kaupi teygjur og tvinna en annars nota ég einungis gömul föt. Það fara tvær til þrjár gamlar flíkur í hverja nýja, það fer eftir stærð efnisins sem hægt er að nýta. Einnig raða ég saman einlitum og marglitum efnum, klippi til slaufur, bætur, vasa eða annað sem mér finnst hæfa hverri flík. Þannig verður hver einasta flík einstök."

■ heida@365.is



**ELÍN Á VINNUSTOFUNNI** Recycled by elinhulda er á Facebook en þar er hægt að kaupa flíkurnar í stærðum 80 til 98 en eftir 15. nóvember verða þau komin í sölu hjá Flóru Akureyri. MYND/HEIDA.IS












# DEKKJA-TILBOÐ

SVÖRUM SAMKEPPNI OG LÆKKUM VERÐ ENN MEIRA!

TOYO TIRES Harðskeljadekk | HERCULES | SAILUN High Performance Tires | IRONMAN TIRES

## HEILSÁRSDEKK

TILBOÐIÐ MIÐAST VIÐ FJÖGUR DEKK & UMFELGUN



| TILBOÐ NR. 1 | TILBOÐ NR. 2 | TILBOÐ NR. 3 | TILBOÐ NR. 4 |
|---|---|---|---|
| STÆRÐ 175/70 R 13 | STÆRÐ 175/65 R 14 | STÆRÐ 195/65 R 15 | STÆRÐ 205/55 R 16 |
| VERÐDÆMI: | VERÐDÆMI: | VERÐDÆMI: | VERÐDÆMI: |
| TILBOÐ: 41.720 KR. | TILBOÐ: 43.525 KR. | TILBOÐ: 52.717 KR. | TILBOÐ: 59.943 KR. |

Bjóðum einnig allar aðrar stærðir á frábæru verði

## JEPPASDEKK

TILBOÐIÐ MIÐAST VIÐ FJÖGUR DEKK & UMFELGUN



| TILBOÐ NR. 1 | TILBOÐ NR. 2 | TILBOÐ NR. 3 | TILBOÐ NR. 4 |
|---|---|---|---|
| STÆRÐ 215/60 R 16 | STÆRÐ 235/70 R 16 | STÆRÐ 235/65 R 17 | STÆRÐ 255/55 R 18 |
| VERÐDÆMI: | VERÐDÆMI: | VERÐDÆMI: | VERÐDÆMI: |
| TILBOÐ: 80.601 KR. | TILBOÐ: 93.078 KR. | TILBOÐ: 109.078 KR. | TILBOÐ: 156.441 KR. |

Bjóðum einnig allar aðrar stærðir á frábæru verði

## SMURSTÖÐ



20% AFSLÁTTUR AF VINNU

Einn aðal þáttur í reglulegu viðhaldi bíls er að passa að **vélin sé smurð á réttum tíma**. Láttu okkur um að smyrja bílinn, -notum aðeins hágæða olíu frá Olís. Tökum Olískort.

olís | Havoline | Castrol

Tökum Olískort.

TILBOÐ

## BREMSUKLOSSAR



20% AFSLÁTTUR AF VINNU

Bremsuklossaskipti á réttum tíma er gríðarlega mikilvægur þáttur í öryggismálum bifreiðar. Skipti á réttum tíma tryggja endingu bremsudiska og veita ökumanni og farþegum aukið öryggi í umferðinni og við notkun bifreiðar.

mintex

TILBOÐ



TOYO TIRES

driven to perform

OVERALL #1 IN CONSUMER AND MEDIUM TRUCK TIRES

## FRÁBÆRT VERÐ!

Bjóðum nú Toyo harðskeljadekkin á frábæru verði.

**Komdu núna og fáðu fría vetrarskoðun í leiðinni!**

Í vetrarskoðun pössum við að frostlögur sé í lagi, perur og rúðuþurrkur í toppstandi. Að auki álagsprófum við rafgeyma

FRÍTT

# BÍLKÓ

Þjónustumiðstöð bílsins

Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

# EININGAHÚS

FIMMTUDAGUR 1. NÓVEMBER 2012

Kynningarblað Sumarhús, einbýlishús, einingahús Eamas og Viðlagasjóðshúsin.

# Auðveldara að eignast sumarhús

**Rammahúsin frá BYKO eru hagkvæmur kostur fyrir einstaklinga og ferðaþjónustuaðila. Húsin eru að hluta til forsniðin og tilbúin í pakka. Öll framleiðsla húsanna miðast við ströngustu gæðakröfur sem gerðar eru til byggingu sumarhúsa á Íslandi.**

Rammahúsin frá BYKO eru framleidd í samræmi við íslenskar byggingarreglugerðir og er hönnuður þeirra, Magnús Ólafsson, arkitekt og margreyndur hönnuður á sviði einingа- og sumarhúsa. „Það hefur aldrei verið jafn auðvelt að eignast sumarhús og nú með þessum nýju rammahúsum frá BYKO. Rammahús eru hús sem byggð eru upp á römmum sem eru að hluta til forsniðnir og settir saman í verksmiðju BYKO í Lettlandi. Öll framleiðsla húsanna miðast við ströngustu gæðakröfur sem við gerum til byggingu sumarhúsa á Íslandi," segir Kjartan Long, verkefnastjóri hjá BYKO.



Kjartan Long, verkefnastjóri hjá BYKO, fyrir framan uppsett og innréttað rammahús sem er til sýnis hjá BYKO á Skemmuvegi í Kópavogi. MYND/GVA



Hægt er að kaupa rammahús með fullbúnu baðherbergi; með sturtuklefa, salerni og baðskáp með handlaug.

### Teikningar fylgja

„Rammarnir eru fluttir hingað til lands og reistir á þeim stað þar sem húsið á að standa. Eftir það tekur við hefðbundin vinna við klæðningar eins og um venjulegt timburhús væri að ræða. Burðarviður í húsin er tilsniðinn í réttum stærðum og lengdum ásamt festingum með greinargóðum leiðbeiningum. Sperrur og gólfbitar eru samsett. Allar byggingarnefndateikningar fylgja og margar gerðir teikninga eru í boði. Innifalin er gerð aðalteikninga, skráningartöflu og burðarþolsteikninga að því gefnu að fyrir liggi samþykkt deiliskipulag eða ígildi þess og afstöðumynd til notkunar við gerð aðalteikninga."

### Hagkvæmur kostur

BYKO hóf sölu á rammahúsunum í fyrra og hefur síðan selt fjölda húsa. Rammahúsin eru hagkvæmur valkostur fyrir ferðaþjónustuaðila og einstaklinga sem vilja byggja sér lítið einbýlishús eða sumarhús. „Það má velja rammahús í mörgum stærðum, allt frá 31,4 fermetrum upp í 63,4 fermetra. Þau byggja öll á sömu grindareiningunni og eru því öll jafn breið.



Rammahúsin frá BYKO eru góður kostur ef fólk vill eignast sumarhús á einfaldan og hagkvæman hátt.



Það er auðvelt að stækka við húsin sem geta því verið spennandi valkostur í ferðaþjónustu þar sem hægt er að hafa húsin sem lengju minni gistirýma með tveimur til tólf íbúðum."

### Allur pakkinn tilbúinn

„Rammahúsin okkar eru þægilegur og hagkvæmur kostur. Viðskiptavinir fá allan pakkann tilbúinn, það er að segja aðalhönnun, samþykktar byggingarnefndarteikningar og burðarþolsteikningar. Þannig að ófyrirséður kostnaður er lítill sem enginn. Það er óþarfi að leita að hönnuðum eða bíða eftir leyfum í hinum og þessum stofnunum, því fá má allt á sama stað hérna í BYKO," segir Kjartan.

Raflagnir og pípulagnaefni eru þó ekki innifalin í efnispökkum en að sjálfsögðu aðstoða sölumenn BYKO við efnistöku og verðáætlun á þeim þáttum verksins ef þess er óskað.

### Tvö mismunandi stig

Kjartan segir að auk þess sem hægt sé að fá húsin í fjölmörgum stærðum þá sé mögulegt að kaupa húsin á tveimur mismunandi stigum. „Þá ræðst umfang efnispakka fyrir hvert og eitt hús af því hversu langt er farið í byggingu hússins. Í öðrum efnispakkanum er miðað við allt efni til að gera húsið tilbúið að utan og fokhelt að innan auk einangrunar í gólf og gólfspónaplötur. Í hinum pakkanum er miðað við að gera húsið tilbúið að utan og innan með innihurðum og gólfefnum auk sturtuklefa, salernis og baðskáps með handlaug."

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu BYKO, byko.is, þar sem meðal annars er hægt að horfa á myndband af byggingu rammahúss. Einnig eru allar upplýsingar veittar í síma 515-4000.



Sperrur og gólfbitar í rammahúsin frá BYKO koma samsett.



Burðarviður í húsin kemur tilsniðinn í réttum stærðum og lengdum ásamt festingum með greinargóðum leiðbeiningum.



Rammahúsin frá BYKO henta bæði einstaklingum og fyrir aðila í ferðaþjónustu.


Eames-húsið er samsett úr stálrömmum og færanlegum veggjum og rennihurðum.

# Einingahús Eames

Bandarísku hönnuðirnir Charles og Ray Eames hönnuðu einingahús meðal annars. Eitt þekktasta dæmið er þeirra eigið heimili sem var byggt árið 1949.

Eames-húsið var hluti af verkefni sem stutt var af tímaritinu Arts & Architecture og snerist um hönnun ódýrra móderniskra híbýla árið 1949.

Húsið stendur í útjaðri Los Angeles og var samansett úr stálrömmum og færanlegum veggjum og rennihurðum. Það tók fimm menn einungis 16 klukkutíma að reisa stálrammann og einn mann þrjá daga að byggja þakið.

Húsið vakti strax athygli og þótti skera sig úr þar sem Eames-hjónin kynntu húsið sem heimili og athvarf fjölskyldu, yfirfullt af skrautmunum. Almennt voru heimili móderníska stílsins sneydd skrauti og báru lítil merki heimilislífsins og hlýleika.

Enda byggðu Charles og Ray hugmyndina að húsinu á sínu eigin heimilislífi og þörfum, ungt nýgift par sem vildi búa og vinna, allt í sama rýminu.

Af þeim 25 húsum verkefnisins sem reist voru þykir Eames-húsið bera af, bæði hvað varðar arkitektúr og sem þægilegt og nothæft íbúðarhús. Eames-hjónin bjuggu sjálf í húsinu til æviloka. Fjölskylda þeirra á húsið enn og barnabörn þeirra nota það. Þá er vinnustofa þeirra enn þá virk í húsinu.


Charles og Ray Eames hönnuðu einingahúsið eftir sínum eigin þörfum.


Það tók fimm menn einungis 16 tíma að reisa stálgrindina og einn mann þrjá daga að ljúka við þakið.


**AKURS*hús***

*– við allra hæfi –*

Einbýlishús
Frístundahús

**Íslensk hönnun og framleiðsla**

Einingahús sem gefa marga möguleika.
Kannaðu málið á **www.akur.is** og fáðu bækling þér að kostnaðarlausu.

Veljum íslenskt – allra hagur

Trésmiðjan AKUR ehf.
Smiðjuvöllum 9 • 300 Akranes • Sími: 430 6600 • Fax: 430 6601
Netfang: akur@akur.is • Veffang: www.akur.is





Viðlagasjóðshúsin ættu flestir að kannast við, enda staðsett víða um land.

# Úr eldgosi í einingahús

Nær allir íbúar Heimaeyjar yfirgáfu heimili sín í eldgosi 1973 og margir sneru aldrei til baka. Byggð voru 550 einingahús á einu ári til að anna húsnæðisþörfinni á meginlandinu.

Aðfaranótt 23. janúar 1973 hófst eldgos í Heimaey. Eldi og ösku rigndi yfir byggðina og tæplega tveggja kílómetra sprunga hafði myndast. Öskusáldur og eiturgufur lögðust yfir bæinn. Að morgni hins 23. janúar höfðu nær allir íbúar Heimaeyjar verið fluttir með skipum og bátum yfir á meginlandið. Á einni nóttu höfðu um 5.000 manns orðið heimilislausir.

## Skjót viðbrögð

Þremur vikum eftir að gosið hófst lögðu sjö alþingismenn úr öllum stjórnmálaflokkum fram frumvarp til laga um neyðarráðstafanir vegna eldgossins í Heimaey og stofnaður var Viðlagasjóður. Sjóðurinn átti meðal annars að leysa úr húsnæðisvandanum sem skapast hafði á einni nóttu.

## Hjálp frá Norðurlöndunum

Verkfræðingurinn Guðmundur G. Þórarinsson var einn þeirra sem kom að því að leysa úr húsnæðisvanda Eyjamanna. „Það var mikill hraði á öllu saman. Um 5000 manns voru heimilislausir og bjuggu í bráðabirgðahúsnæði. Enginn vissi í raun hversu lengi þetta ástand myndi vara. Þá réttu hinar Norðurlandaþjóðirnar okkur hjálparhönd og gáfu Íslendingum fjármuni til að kaupa hús frá þeim. Við vorum fjórir sem fengnir voru til að fara og skoða verkmiðjur á Norðurlöndum sem framleiddu einingahús. Þetta voru öðruvísi hús en við vorum vön að byggja. Við vönduðum okkur mikið við þetta og gerðum miklar kröfur til húsanna þar sem þau þyrftu að þola íslenskt veðurfar og samræmast sem best íslenskum byggingarreglugerðum,“ segir Guðmundur.

## Ótrúlega hröð vinnubrögð

Vinnuhraðinn var mikill, en um 550 hús voru byggð á yfir tuttugu stöðum víða um land á rúmu ári. „Á þessum skamma tíma voru húsin valin, breytingar gerðar á hönnun og teikningum, samningar gerðir við sveitarfélög um að skaffa lóðir, götur og hverfi skipulögð, verktakar fengnir til að byggja húsgrunnana. Að lokum komu svo aðilar frá framleiðendum húsanna og settu þau upp.“


Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur kom að byggingu Viðlagasjóðshúsanna sem byggð voru eftir gosið í Heimaey.

## Íslenskar aðstæður sérstakar

Þegar búið var að velja hús var hafist handa við að laga teikningarnar að íslenskum aðstæðum og var ýmislegt sem þurfti að taka til greina. „Hér er lítið skjól af trjágróðri líkt og til dæmis í Noregi og Svíþjóð. Húsin hér áttu mörg hver að standa áveðurs og því mikil hætta á leka í slagregni og fínu snjófoki sem smýgur alls staðar inn. Við þessar aðstæður skapast oft lekavandamál. Eins þurfti að fara yfir raflagnir og fleira.“

## Samheldni og jákvæðni

Ef verkfræðingur skrifar upp á teikningar ber hann vissa ábyrgð. Ekki var þó verið að láta slíkt aftra sér við að hjálpa fólki í neyð. „Ég held ég hafi skrifað upp á þrjátíu teikningar á einum klukkutíma, allt í tímakaupi. Svo ágóðinn var ekki mikill fyrir okkur. Í eðlilegu árferði kæmu slík vinnubrögð ekki til greina enda í engu samræmi við ábyrgðina. En allir voru svo jákvæðir og ákveðnir í að láta þetta ganga upp að ýmislegt var unnið á annan máta en ella. Ég held líka að þessi hús hafi komið ágætlega út, bæði fyrir fjörutíu árum og í dag.“

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Benedikt Freyr Jónsson, benediktj@365.is, s. 512-5411 Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.


kronotex
FLOORS FOR LIVING
PLANKA
HARÐPARKET
NÁTTÚRULEGT OG
ÓTRÚLEGA STERKT
8 mm, verð frá 1.990 kr. m²
10 mm, verð frá 3.364 kr. m²
30 ára ábyrgð
Birgisson
Ármúli 8 I 108 Reykjavík
Sími 516 0600 I www.birgisson.is

# Smellinn einingahúsin frá BM Vallá vekja víða athygli

Kostir Smellinn einingahúsa eru fjölmargir. Einn helsti kostuinn er sá að þau taka mun skemmri tíma í byggingu en hefðbundin hús. **BM Vallá** hefur í mörg ár selt einingahús undir merkjunum Smellinn og Smellinn+ sem vakið hafa mikla athygli.

BM Vallá selur og framleiðir einingahús undir vörumerkjunum Smellinn og Smellinn+. Smellinn eru forsteyptar einingalausnir sem eru traustur og fljótlegur kostur fyrir fólk í framkvæmdahug.

Pétur Hans Pétursson, forstöðumaður sölu- og markaðssviðs BM Vallár, segir helsta kost Smellinn einingahúsa vera þann hversu skamman tíma það tekur að reisa þau. „Einingahús rísa almennt mun hraðar en byggingar reistar á annan máta. Það þýðir lægri byggingarkostnað, minni óvissu og nákvæmari tímasetningar sem um leið felur í sér mikinn tímasparnað. Einingarnar eru líka steyptar við bestu aðstæður innandyra og því verður steypan þurrari fyrr en ella og nákvæmnin meiri.“ Pétur segir að einn útveggur innihaldi veðurkápu, einangrun og burðarvegg með öllum raflögnum og er hann tilbúinn til uppsetningar. „Fyrir stuttu vorum við til dæmis að reisa 240 fermetra einbýlishús sem samanstóð af 27 einingum. Allt húsið var reist á einum degi þannig að ljóst er að tímasparnaðurinn er mikill.“ Veðurkápuna er hægt að fá með endanlegri áferð sem þarf ekki að mála en viðskiptavinir geta einnig fengið hefðbundna steypta áferð sem þeir geta málað eða klætt að vild.

Þess má geta að á síðasta ári seldi BM Vallá fullbúið einingahús til Noregs sem vakið hefur mikla athygli og verður fróðlegt að fylgjast með framhaldinu þar.



Einingahús frá BM Vallá við Þrúðsali 2 í Kópavogi.
MYND/STEFÁN

## Lausnir fyrir ferðaþjónustuna

Smellinn+ eru forsteyptar einingalausnir sem byggðar eru á staðlaðri grunneiningu sem hægt er að raða saman eftir þörfum. „Smellinn+ eru hins vegar húseiningar sem við réðumst í að þróa vegna mikillar eftirspurnar eftir lausnum á byggingu ferðaþjónustuhótela úti á landi. Þar hefur lengi vantað staðlaðar lausnir þar sem hægt er að raða herbergjum saman án þess að steypa nokkuð á staðnum. Þannig er líka auðvelt að bæta við herbergjum eftir á. Svo er auðvelt að byggja við ýmiss konar þjónusturými. Þessar einingar henta ekki bara fyrir hótel heldur líka fyrir veiði- og gestahús.“ Pétur segir BM Vallá einnig vera að þróa sumarhús sem byggð eru upp á sambærilegan hátt. „Þetta eru staðlaðar einingar sem hægt er að breyta að ákveðnu marki en henta sérstaklega vel til byggingar sumarhúsa.“



„Einingahús rísa almennt mun hraðar en byggingar reistar á annan máta,“ segir Pétur Hans Pétursson, forstöðumaður sölu- og markaðssviðs BM Vallár.
MYND/STEFÁN

## Allt á einum stað

Pétur segir sífellt meiri eftirspurn hjá viðskiptavinum eftir þjónustu þar sem hægt er að koma á einn stað og kaupa sem mest tilbúinn pakka. „BM Vallá getur boðið fólki að koma með ómótaðar hugmyndir sem við getum útfært í hentugar húseiningar. Við getum þann hátt hannað hús eftir óskum viðskiptavina. Við leggjum áherslu á gott vöruúrval og viðskiptavinir okkar njóta góðra kjara varðandi ýmsa þætti húsbygginga. Má þar nefna glugga, múrefni, flotefni og hellur. Við getum boðið svo miklu fleiri þætti í heildarpakkann fyrir viðskiptavini okkar en aðrir.“

Að lokum má nefna að BM Vallá er fyrsti einingaframleiðandinn sem fær CE-vottun á alla þætti framleiðslunnar.

Söludeildir BM Vallá á Breiðhöfða í Reykjavík og Austursíðu á Akureyri veita allar nánari upplýsingar um einingahúsin.


Smellinn einingahús eru traustur og fljótlegur kostur fyrir fólk í framkvæmdahug. Húsin eru steypt við bestu mögulegu aðstæður, reist á stuttum tíma og hafa í för með sér lægri fjármagnskostnað. Hentugar einingar fyrir allar gerðir húsnæðis, jafnt fyrir íbúðar- og iðnaðarhúsnæði. Hannað eftir þínu höfði.



Smellinn+

Forsteyptar einingalausnir byggðar á staðlaðri grunneiningu. Henta vel í ferðaþjónustu og ýmsum iðnaði. Auðvelt að stækka, hús fyrir hús.

Smellinn

Einingalausnir fyrir íbúðar-, iðnaðar- og atvinnuhúsnæði







BM Vallá ehf
Breiðhöfða 3
110 Reykjavík

Sími: 412 5050
sala@bmvalla.is

BM Vallá ehf · Akureyri
Austursíðu 2
603 Akureyri

Sími: 412 5203
sala@bmvalla.is

Leitið til sölufulltrúa okkar fyrir frekari upplýsingar

bmvalla.is

BM·VALLÁ
forsteyptar einingar smellinn

PIPAR\TBWA · SÍA · 123139

# Starfsfólk

RE/MAX Lind

## lætur gott af sér leiða




Við hjá RE/MAX LIND ætlum að gefa fjölskylduhjálp **10.000 kr af hverri seldri fasteign** í nóvember og **skorum á önnur fyrirtæki** í landinu að gera slíkt hið sama.

**Markmið okkar er þátttaka 100 fyrirtækja - taktu þátt og láttu gott af þér leiða.**

# Þjónustuauglýsingar

**Sími 512 5407**

---

**TRÉ & MÁLUN**
Smiða- og málningaþjónusta
Kristján Már Arnarson
Málarameistari
Sími 692 5735
treogmalun@gmail.com

---

**Múlatorg Flóamarkaður**
Fellsmúla 28 við hliðina á Góða hirðinum.
Opið alla fimmtudaga og föstudaga
12 - 18 & laugardaga 12 - 17.
*Fullt af flottum gersemum • Tökum vel á móti ykkur*

---

**Art & Text**
Bjóðum upp á allskonar límmiða fyrir heimili og fyrirtæki. Skoðið úrvalið á vefsíðunni okkar. Einnig í boði að hanna sinn eigin límmiða. Hafið samband í s. 862 5564 & 665 2204 eða á: dgturner7@gmail.com
www.artogtext.is

---

**GlerPro ehf.**
Framrúðu og bílljósaviðgerðir
Allar viðgerðir á framrúðum eru bíleiganda að kostnaðarlausu.
Vinnum fyrir öll tryggingafélög.
GlerPró ehf. Kaplahrauni 8 220 Hafnarfjörður
848 7007 | 453 7075 | 776 8600
www.glerpro.is - glerpro@gmail.com

---

**MIRANDA'S SNYRTIVÖRUR**
Miranda´s hefur nú aukið þjónustu sína við viðskiptavini og hafið sölu vörunnar á netinu á heimasíðu okkar
www.skincare.is
Einnig er opið að Lækjargötu 34a í Hafnarfirði
frá kl. 14:00 - 18:00 þriðjudaga og fimmtudaga.

---

Nýjar vörur frá
**Vanity Fair**
og nýir litir
**Ynja** UNDIRFATAVERSLUN
Erum á Facebook
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

---

**Eftirlitsmyndavél fyrir sumarbústaði og heimili.**
- Tekur venjulegt GSM SIM kort.
- Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
- SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
- Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
- Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
- Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.

Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is

---

**LP VERK ehf.** BYGGINGAFÉLAG
Rafvirkjar - Smiðir
Flísalagnir - Múrarar
Málarar - Píparar
Allar almennar húsaviðgerðir!
698 6738
www.lp-verk.is
Leitaðu tilboða þér að kostnaðarlausu!

---

**AFMÆLISTILBOÐ**
12 Formtennur og 100 mm stálhaus saman í setti
18.000+VSK
í 30 ár
Smiðjuvegi 11 Kópavogi
Sími 564 2488
**Skerping**

---

**Viltu komast lengra.?**
Kíktu til okkar og við látum þig komast lengra.
**Fjórhjólalagerinn**
Stapahrauni 7 • 220 Haf • S. 588 3355 **www.4h.is**

---

**BRIMRÁS**
Ál tröppur / Ál stigar
Ál búkkar og ástönd
Sérsmíðum stiga og tröppur ef óskað er
**KVARNIR** Akralind 8
▸ www.kvarnir.is ▸ Sími: 564 6070

---

**PALLAR.IS**
Ál hjólapallar / veggjapallar
Veðurnet / Öryggisnet
Áltröppur / stigar
SALA LEIGA
altrex
**KVARNIR** Akralind 8
▸ www.kvarnir.is ▸ Sími: 564 6070

---

**Rafstilling ehf**
startarar-alternatorar-perur
viðgerðir-sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

---

**BRA**
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR
AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

---

**Allt á einum stað**

| | |
|---|---|
| BREMSUVIÐGERÐIR | HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA |
| BREMSUKLOSSAR | RAFGEYMAÞJÓNUSTA |
| SPINDILKÚLUR | OLÍS SMURSTÖÐ |
| ALLAR PERUR | BÓN OG ÞVOTTUR |

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

---

**BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS**
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
Smiðjuvegur 2 • Kópavogur
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

---

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn-verktakavinna

**BROTAFL**
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

---

**SANDTAK**
RAUÐHELLA 3 • SÍMI 565 5636
SANDBLÁSTUR • GLERBLÁSTUR
EPOXYHÚÐUN • IÐNAÐARMÁLUN
POLY-URETHAN LÖKKUN
ZINK- OG ÁLHÚÐUN • VÖRUBÍLAR
VINNUVÉLAR • BODDYHLUTIR
FELGUR O.M.FL.

---

**BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA ehf**
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
viðarhöfði 2 • 110 reykjavík • sími 445 4540 / 697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
http//www.facebook.com/bilathjonustabjarka

---

**Parketslípun**
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
**Gólflist**
Parketlagnir og viðhald

---

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

**HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI**
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

---

# Alla fimmtudaga og laugardaga

steinunnsg@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald






Parketslípun, parketlagnir, frá aðeins 2.500 krfm. 20 ára reynsla og þjónusta. www.parketsliparinn.is S: 772 8100.

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.

Málun, múrun, flísalögn, smíði. Iðnaðarmenn óska eftir verkefnum t.d. böð, breytingar, viðhald. S. 770 5599.

## Tölvur

**A plús tölvuþjónusta**
Mjög sanngjarnt verð Sæki og sendi heim. Uppl. í s. 822 7668.

## Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 857 0740. Irena Kontulová.

## Rafvirkjun




**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.






Hryllingslegt úrval af hræðilegum Hrekkjavökuvörum. Skreytingar, búningar, fylgihlutir. Partýbúðin, Faxafeni 11, s.534-0534, Partýbúðin, Amarohúsinu, Akureyri, s. 534-0535.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Nýkomin sending af öflugum fjarstýrðum rafmagns- og bensínbílum í úrvali. Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími: 5870600, www.tomstundahusid.is Finnið okkur á facebook.

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Þvottavélar, ísskápar, frystiskápur, þurrkara, uppþvottavélar. S. 896 8568.

**Ódýr heimilstæki**
Höfum til sölu notaðar þvottavélar, þurrkara og uppþvottavélar. Casa-raf ehf. Síðumúla 37, að neðan verðu. S. 845 5976.




**Sérverslun með náttúruvænar og andlegar vörur.**
Úrval af saltkristalslömpum, lífrænum snyrti- og húðvörum, blómadropum, himalaya baðsalti, reykelsum, ilmkertum, slökunargeisladiskum, englaspilum, o.fl. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös 12-18. Lau 12-15. www.ditto.is




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og lau 10-16.




**Hrekkjavakan nálgast ertu klár?**
Búningar, fylgihlutir og skraut í úrvali. Mættu á svæðið eða skoðaðu úrvalið í vefverslun okkar www.hokuspokus.is sendum um allt land. Hókus Pókus Laugavegi 69 s-551 7955.



Úrval snjóplóga og snjótanna. Búvís ehf Sími: 465 1332 WWW.buvis.is

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),**
**Verið velkomin**

**Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur**
**Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar.**
**Upplýsingar í s. 577 7740**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Tilkynningar




## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri




## Verslun




# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Slökunarnudd/heilnudd, Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 693 0348 eða 823 5669.

**NUDD OG HEILSA**
DETOX - ÚTHREINSUN á öllum líkamanum. NUDD upp f. hné á eftir. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir hjúkrunarfræðingur hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Room for rent/ herbergi til leigu á svæði 105. Uppl. s. 773 0317.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 2 herbergja ca. 60fm íbúð í r.vík, nálægt Kringlunni, laus frá 1. nóv. Uppl. í s. 894 0040.

Skammtímaleiga, stór 2ja herb. íbúð í Álfheimum. Með húsgögnum. Uppl. s. 899 6400.

## Húsnæði óskast

46 ára kona óskar eftir snyrtilegri 2-3 herb. íbúð miðsvæðis í rvk. Einungis langtímaleiga. S: 897-4433.

## Húsnæði til sölu

Til sölu 120 fm raðhús í Njarðvík. Seljandi lánar hluta kaupverðs. Uppl. í s. 899-3761

## Atvinnuhúsnæði

**51,6 m2 iðnaðarbil**
Nokkur bil af þessari fágætu og eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

## Bílskúr

Til leigu bílskúr að Móhellu í Hafnarfirði. 26 fm, er á vöktuðu svæði. Aðgengi að sameiginlegum salernum. Verð 38 þ. á mán. gudnido@yahoo.com

# ATVINNA

## Atvinna í boði

RÚMFATA LAGERINN

**Deildarstjóri / afgreiðsla í vefnaðarvörudeild - Fullt starf**
**Leitum að mjög duglegum, ábyrgum og áhugasömum einstaklingi sem hefur einhverja reynslu í hannyrðum/prjónamennsku. Góðir launamöguleikar í lifandi umhverfi.**
**Nánari upplýsingar veitir verslunarstjóri í síma 820-8003.**
**Rúmfatalagerinn í Smáratorgi**

Vantar fólk í sölu og áfyllingar / ræstingar og fl. Fullt starf og um helgar, þarf að tala og skilja íslensku. Allar umsókir sendist á atvinna@gmail.com

**Þrif í heimahúsi**
Óskum eftir konu á aldrinum 30 til 45 ára í almenn þrif í heimahúsi. Þarf að vera reyklaus og reglusöm. Kröfur um hreinlæti og vandvirkni. Um er að ræða 3 til 4 tíma vinnu, vikulega. Þær sem kunna að hafa áhuga á starfinu eru beðnar að leggja persónulegar upplýsingar um sig, inn til Fréttablaðsins merkt xxxx.

Óskum eftir starfsmönnum á hjólbarðastöðvar Dekkjahallarinnar í Reykjavík. Umsóknareyðublöð á staðnum (Skeifan 5 og Skútuvogur 12) eða senda á elin@dekkjahollin.is.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**
**Starfsmannaþjónustan**
**S. 661 7000.**

Tek að mér skúringar/þrif. Er 29ára gömul. Uppl. í s: 869 9496.

# TILKYNNINGAR

## Fundir

**Aðalfundur Flugfélagsins Geirfugl ehf**
**Verður haldinn í Fluggörðum 25, 101 Reykjavík. Miðvikudaginn 14.11.2012, klukkan 20:00. Dagskrá í samræmi við 14. gr. samþykkta félagsins.**
**Nánari upplýsingar á heimasíðu félagsins: www.geirfugl.is**

## Einkamál












# PROTAB2 IPS

## 9,7" MULTIMEDIA SPJALDTÖLVA

Glæsileg spjaldtölva með einstökum 9.7" IPS fjölsnertiskjá með áður óséðri litadýpt og skerpu, búin allri nýjustu tækni með WiFi og BlueTooth.

- 9.7" 5-punkta IPS fjölsnertiskjár 1024x768
- 1080p HDMI mini til að tengja í sjónvarp
- 8GB FLASH og allt að 32GB Micro SD
- Spilar kvikmyndir beint af USB flakkara
- 300Mbps þráðlaust net og Bluetooth
- Li-Polymer rafhlaða allt að 8 tímar
- HDMI 1.4 mini, USB2 mini og Micro SD
- Tvær vefmyndavélar 0.3MP og 2MP 1080P
- Android 4.0 ICS stýrikerfi og fjöldi forrita

**39.900**

16GB 44.900 • 8GB 3G 54.900




# McAfee

## INTERNET SECURITY 2013

- Vírusvörn og öflug vírusleitarvél
- Enn hraðvirkari McAfee 2013 leitarvél
- PC tune-up hraðar vinnslu stýrikerfis
- Öflugur eldveggur ver heimanet
- Ver þráðlausa netið gegn árásum
- Vörn gegn ruslpósti og Spyware
- Aðgangsstýring barna á netinu
- Má setja upp á 3 tölvur

**4.990**

ALHLIÐA VÍRUSVÖRN




# GTX650OC

## 2GB LEIKJASKJÁKORT

- Eitt öflugasta leikjaskjákortið í dag
- 2GB GDDR5 5.0GHz 128-bit minni
- DirectX11 3D Vision í nýjustu leiki
- 384 CUDA cores og 32T.U. fyrir leiki
- Hægt að tengja og spila leiki í 4 skjám
- Gullhúðað HDMI 1.4a, 2xDVI, 1xVGA
- Ultra Durable 2oz Copper tækni
- Mjög hljóðlát 10cm LargeFan tækni

**29.900**

2GB GT630 14.900 • 2GB GT640 19.900




# 1.5TB

## FULL HD MEDIA PLAYER

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- 1080p HD kvikmynda afspilun H.264
- Spilar alla tónlist í DTS og Dolby HD
- Spilar af USB flökkurum og minnislyklum
- Spilar beint yfir net með innb.netkorti
- HDMI, RCA, USB, LAN, ljósleiðari ofl.
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir

**34.900**

2TB 39.900 • 3TB 49.900




GL2450

# 24"LED

## BENQ FULL HD LED SKJÁR

Glæsilegur LED skjár frá BenQ þar sem glæsileg hönnun og gæði fara saman ásamt Senseye3 tækni sem skilar enn meiri myndgæðum, skerpu og ótrúlegri litadýpt

- 24" LED FULL HD 1080p 16:9
- 12 milljón:1 DCR og Senseye3
- 2ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Glæsileg Glossy Black hönnun
- Senseye3 tækni tryggir myndgæðin

**29.900**

ÓTRÚLEGT TILBOÐ Á 24" LED




# LaCinema

## FULL HD MARGMIÐLUNARI

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- 1080P HD kvikmynda afspilun H.264
- Spilar alla tónlist í DTS og Dolby HD
- Spilar af USB flökkurum og minnislyklum
- Spilar beint yfir net með innb.netkorti
- HDMI, USB, LAN, RCA, RGB, ljósleiðari
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir

**14.900**

GLÆSILEG LACIE HÖNNUN OG GÆÐI




# 720p

## HD VEFMYNDAVÉL

- 720p TRUE HD video myndflaga
- Örsmá og örþunn vefmyndavél
- 16:9 WideScreen format
- Innbyggður stafrænn MIC
- Hnappur fyrir videospjall
- TrueColor tryggir myndgæðin

**4.990**

MICROSOFT LIFECAM HD3000




G2750

# 27"LCD

## BENQ FULL HD LCD SKJÁR

- 27" LCD FULL HD 1080P 16:9
- 50.000:1 DCR og Senseye tækni
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Glæsileg Glossy Black hönnun

**44.900**

GLÆSILEGUR 27" LCD SKJÁR

# VUTEK

| Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900




# 14MP STAFRÆN MYNDAVÉL

Glæsileg myndavél með 12x Optical zoom, háskerpu LCD skjá, 720p HD video, hleðslurafhlöðu og tösku

**24.900**

FRÁBÆR FJÖLSKYLDUVÉL




# HD 720p

## 3D SKJÁVARPI

- 720p True HD upplausn 1280x720 16:9
- DLP og nVIDIA 3D Vision Ready
- 120Hz 3D Gamers og 3D Movie Ready
- Birtustig 2200 lumens, 10000:1 skerpa
- Sérstakur sparnaðar 6000 klst lampi
- 2xHDMI, VGA, S-Video, Video RCA ofl

**149.900**

BenQ SKJÁVARPAR FRÁ 89.900

4BLS BÆKLINGUR



HC

15 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

2GB DX11 SKJÁKORT

# TV11

## SJÓÐANDI HEIT Í LEIKINA

Ný kynslóð Ivy Bridge fartölva með allri nýjustu tækni, 3.1GHz Turbo Intel i5 örgjörva og 2GB ofur öflugu GT630 leikjaskjákorti.

- Intel Core i5-3210M 3.1GHz Turbo 4xHT
- 6GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 750GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 2GB GeForce GT630M DX11 skjákort
- 300Mbps WiFi og 10X hraðara USB 3.0
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 HP 64bit - Windows 8 fylgir

Windows 8

Windows 8 Pro fylgir nú frítt með öllum nýjum tölvum í Tölvutek með Windows 7 Home Premium eða Pro

20% STÆRRI SNERTIFLÖTUR

packard bell

**139.900**

EIN ÖFLUGASTA FARTÖLVAN Í DAG



HR

packard bell

# TE11

- Intel Core i3-2350M 2.3GHz 3MB 4xHT
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 500GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 1GB GeForce GT620M DX11 skjákort
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 HP 64bit - Windows 8 fylgir

**99.900**

PACKARD BELL Á TILBOÐI



NÝ VAR AÐ LENDA

2GB DX11 SKJÁKORT

53218G

# V3-771G

- Intel Core i5-3210M 3.1GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 750GB diskur (pláss fyrir auka disk & mSATA SSD)
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17.3" HD+ LED CineCrystal 1600x900
- 2GB GeForce GT650M DX11 skjákort
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- 1.3MP Crystal Eye HD vefmyndavél
- Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum

**179.900**

ÖFLUG 17" LEIKJAFARTÖLVA



10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

20% STÆRRI SNERTIFLÖTUR

Windows 8 Fylgir með!

10X USB 2 USB 3

QUAD CORE AND AMD RADEON GRAPHICS

A8 VISION AMD

packard bell

CM

# TV43

## NÝ KYNSLÓÐ FARTÖLVA

Ný kynslóð öflugri, þynnri og léttari fartölva með enn öflugri 4ra kjarna örgjörva ásamt nýjasta og einum öflugasta skjákjarna í heimi.

- AMD A8-4500M Quad Core 2.8GHz Turbo
- 6GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 750GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 4GB ATI HD7640G DX11 öflugur skjákjarni
- 300Mbps WiFi og 10X hraðara USB 3.0
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 HP 64bit - Windows 8 fylgir

**119.900**

FÆST Í 2 LITUM



10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

R0151BX

# EEEPC

- AMD Dual Core C-60 1.3 GHz Turbo
- 1GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 320GB SATA2 5400RPM diskur
- 10.1" LED UltraBright 1024x600
- 512MB ATI HD6290 DX11 skjákjarni
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 3 cellu rafhlaða allt að 4 tímar
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Starter stýrikerfi

ASUS

**39.900**

ÓTRÚLEGT VERÐ Á FISLÉTTRI FARTÖLVU



10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

460SD

# CQ57

- Intel Core i3-380M 2.53GHz 3MB
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 320GB SATA2 5400RPM diskur
- 15.6" HD LED BrightView 1366x768
- 512MB Intel HD Graphics skjástýring
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- Glæný rafhlöðutækni allt að 5 tímar
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 HP 64bit - Windows 8 fylgir

**79.900**

HP FARTÖLVUR Á BETRA VERÐI!



10 ÞÚSUND AF ÖLLUM IPAD SPJALTÖLVUM

VERÐ FRÁ **77.900** MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

acer ASUS hp lenovo packard bell SAMSUNG TOSHIBA

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# OKKAR LÁGA MAX VERÐ




89.989

acer

**Intel Pentium með Windows 8**
Einstaklega gott verð fyrir fartölvu með Intel Pentium og 15,6" skjá með stórum 500GB hörðum diski.
**ACER AE1531-017**

**Philips 47PFL4007T**
47" Full HD Smart LED sjónvarp með Pixel Plus HD. 200 Hz Perfect Motion Rate. Digital Crystal Clear. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari. iPhone/Android síma App. Smart TV nettenging. Wifi möguleiki. 4x HDMI , USB o.fl.




199.989



22.989

**10" Sharper Image spjaldtölva með tösku**
Cortex A8 örgjörvi og stór 10" skjár með Capacitive snertitækni. Minni stækkanlegt í 32GB með Mini SD korti. Myndavél að framan og aftan. Allt að 10 tíma rafhlöðuending. Android 4.04.

SEVERIN

**Severin HM3827**
Einfaldur 200w handþeytari með 5 hröðum. Hnoðarar fylgja.



2.989



79.989

CANDY

**Candy CI640C**
Spansuðu helluborð




59.989

**LUXOR 32LCD800**
32" HD LCD sjónvarp með 1366x768 punkta upplausn og 20.000:1 skerpu. USB, 2x HDMI, Scart, VGA , hótelstillingu o.fl.

LUXOR




94.989

Nikon

**Vél fyrir kröfuharða – D3100**
Digital SLR myndavél með 14.2 milljón punkta CMOS flögu, NIKKOR 18-55mm linsa fylgir, D-Movie háskerpu myndbandsupptaka og ótal stillimöguleikum. Íslenskur leiðarvísir og 2.5 klst. námskeið fylgir. Einnig fáanleg með öðrum linsum.



49.989

**CANDY FPP 602X**
Fjölkerfa ofn með pizzakerfi, affrystikerfi, grilli, blástri og undir og yfirhita. Stál. Stærð (HxBxD): 59,5 x 59,5 x 55 sm.

CANDY

MAX RAFTÆKI

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

BEINT Á MÓTI IKEA

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** taug, **6.** frá, **8.** þjófnaður, **9.** hljóð rjúpunnar, **11.** skóli, **12.** rót, **14.** gort, **16.** í röð, **17.** kyrra, **18.** sauðaþari, **20.** íþróttafélag, **21.** þurrka út.

**LÓÐRÉTT**
**1.** þungi, **3.** kind, **4.** kennslubók, **5.** dvelja, **7.** forskot, **10.** samstæða, **13.** sægur, **15.** frekar, **16.** kæla, **19.** **950.**

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** mænu, **6.** af, **8.** rán, **9.** rop, **11.** ma, **12.** grams, **14.** grobb, **16.** íj, **17.** róa, **18.** söl, **20.** kr, **21.** afmá.

**LÓÐRÉTT: 1.** farg, **3.** ær, **4.** námsbók, **5.** una, **7.** forgjöf, **10.** par, **13.** mor, **15.** bara, **16.** ísa, **19.** lm.

HRAUNHAMAR
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is
Arnarhraun - Sérhæð - Hf.

Hraunhamar fasteignasala kynnir mjög fallega efri hæð ásamt bílskúr samtals um 191,1 fermetrar vel staðsett á glæsilegum útsýnisstað við Arnarhraun 41 í Hafnarfirði. Eignin skiptist í forstofu, stigapall, hol, stofu, borðstofu, eldhús, þvottahús, baðherbergi og tvö herbergi. Í risi eru tvö herbergi, alrými og geymslu. Glæsilegt útsýni, einstök staðsetning. Myndir á www.hraunhamar.is **Verð 39,5. millj.**
Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.

MIKLABORG
Óskar eftir íbúðum fyrir ákveðna kaupendur sem þegar hafa selt sínar eignir
Góðri 100-140 fm íbúð í góðu lyftuhúsi í Akrahverfi, Sjálandinu (Garðarbæ) Mánatúni eða Sóltúni (Rvk). Verð og afhendingartími er samkomulag.
2ja – 4ra herbergja íbúð í góðu nýlegu lyftuhúsi með rúmgóðu alrými og stæði í bílageymslu. Hverfi : Kópavogur, Grafarvogur, Grafarholt, Garðabær, Reykjavík ofl. Afhendingartími samkomulag. Verð allt að 29 millj.

Nánari upplýsingar veitir
Atli S. Sigvarðsson, Sölufulltrúi
atli@miklaborg.is sími: 899 1178
FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

ABBA Fasteignamiðlun
Bjóðum 1% söluþóknun
Dalvegi 16d, 201 Kópavogi
Sími: 426 9000
www.abbafast.is
Ágætu fasteignaeigendur
Bjóðum 1% söluþóknun á allar tegundir íbúðahúsnæðis sem koma inn á söluskrá okkur fram til áramóta 2012/2013 (vsk bætist við)
Þú skráir þig á ABBAFAST.is eða kemur til okkar á skrifstofuna að Dalvegi 16d og gengur frá skriflegu söluumboði
Verið velkomin í viðskipti.
f.h. ABBA fasteignamiðlunar

Haraldur A. Haraldsson
löggiltur fasteignasali/viðskiptafræðingur

# Vetur sjálfsánægjunnar

**BAKÞANKAR**
Friðriku Benónýs



Þessi vetur lítur út fyrir að verða óvenju harður. Ekki endilega hvað veðurfar varðar heldur eru það kosningarnar í vor sem hörkunni valda. Frambjóðendur eru nú þegar, í upphafi nóvembermánaðar, komnir í skotgrafirnar fyrir prófkjörin. Flíka sínu eigin ágæti á kostnað annarra frambjóðenda og bombardera blásaklausa kjósendur með Facebook-síðum, vefsíðum, tilkynningum, fjölskyldumyndum og innihaldslausum viðtölum í fjölmiðlum. Hver og einn reynir að sannfæra okkur um yfirburði sína fram yfir aðra valkosti til að gegna þessu fyrirlitnasta starfi á landinu. Hnútukastið er hafið og hér eru menn þó að keppa við samherja sína. Hjálpi okkur allar vættir þegar prófkjörunum lýkur og menn fara að snúa sér að því að níða skóinn af pólitískum andstæðingum.

**AUÐVITAÐ** er þakkarvert að einhverjir skuli vera tilbúnir að leggja það á sig að sitja á löggjafarþinginu. Og auðvitað er blessuðu fólkinu vorkunn að þurfa að standa í mittisdjúpri prófkjörseðjunni og veifa öllum öngum til að vekja á sér athygli. Aumingja blessaðar manneskjurnar. Og kannski er það lágmarkssjálfsbjargarviðleitni að skipta um flokk eða kjördæmi ef menn sjá fram á að hljóta ekki brautargengi í prófkjöri þar sem þeir eru núna. Kannski. En ósköp er það nú samt illa til þess fallið að sannfæra væntanlega kjósendur um að hér fari manneskja sem hafi pólitískar hugsjónir að leiðarljósi. Nema maður hafi bara fullkomlega misskilið það hugtak og hugsjónamennska nútímans snúist einfaldlega um að ota sínum tota og hlaða undir eigin rass. Miðað við sjálfslýsingar prófkjörsframbjóðenda mætti reyndar ætla að hér væru slík valmenni (og já, konur eru menn) á ferð að þjóðin biði þess aldrei bætur ef þeir kæmust ekki á þing. Sem virkar fremur undarlega á hinn almenna kjósanda sem fylgst hefur með frammistöðu þessara sömu frambjóðenda á yfirstandandi þingi. Er persónuleikabreyting innifalin í ímyndarsköpun nútíma pólitíkusa fyrir prófkjör?

**JÁ, ÞETTA** verður harður vetur. Þegar sjálfshóli prófkjörskandídata lýkur hefst endursköpun sögunnar þar sem öllum staðreyndum frá síðustu fjórum árum verður snúið á haus. Allir flokkar hafa staðið sig frábærlega að eigin mati og allir aðrir flokkar hafa staðið sig hörmulega samkvæmt sama mati. Hringekjan mun snúast fram á vor og þá kemur væntanlega í ljós hvort sú skoðun pólitíkusa að kjósendur séu auðtrúa fífl með gullfiskaminni á við rök að styðjast. Þangað til er eina vörnin að slökkva á öllum fréttamiðlum, skrá sig út af Facebook og finna sér eitthvað uppbyggilegra að iðja en að hlusta á sjálfsánægjurausið og skítkastið.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



www.lyfja.is

# Gjöfin þín

## að verðmæti 15.000 kr. er í Lyfju
## ef keyptar eru vörur frá Clinique fyrir 6.500 kr. eða meira*




- DDML Gula Kremið 30 ml
- Superdefense Dagkrem 15 ml
- Moisture Surge Litað Dagkrem 15 ml
- Rinse-Off Foaming Cleanser 50 ml
- High Impact Maskari 3.5 g
- Superbalm Gloss 7 ml

**Meðan birgðir endast*




## Því ekki að bera af?

**Nýtt**

High Impact Extreme Volume Mascara

**20%**
**afsláttur af Clinique**
**1. og 2. nóvember**

CLINIQUE

Ofnæmisprófað. 100% ilmefnalaust.

Kaupaukinn er fáanlegur í Lyfju Lágmúla, Laugavegi, Smáralind, Smáratorgi, Egilsstöðum og Reykjanesbæ.

LYFJA
- Lifið heil

# menntun

menntun@frettabladid.is

**185** **GRUNNSKÓLANEMAR LÆRÐU SÆNSKU OG NORSKU SÍÐASTA VETUR**
Fjöldi þeirra sem lærði dönsku var 17.578 enda danskan reglan og hin málin undantekningin. *Heimild: Hagstofa Íslands*

# Sjálfræði nemenda minnkar milli skólastiga

**Nokkur endurtekning á sér stað í námi og kennslu barna er þau fara úr leikskóla yfir í grunnskóla og einnig sumra unglinga er þeir flytjast úr grunnskóla í framhaldsskóla. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri bók Gerðar G. Óskarsdóttur menntunarfræðings, Skil skólastiga.**



**MENNTUNARFRÆÐINGUR** „Ég tel að grunnskólinn hafi ekki áttað sig á hversu mikið hefur breyst í leikskólanum eftir að hann varð að heilsdagsdvöl um 95% nemenda í fjögur ár,“ segir Gerður. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Það er nokkuð um að nemendur byrji á nýju skólastigi að vinna aftur að einhverju sem þeir voru að læra á skólastiginu á undan,“ segir Gerður G. Óskarsdóttir sem hefur gefið út bók um stóra rannsókn er hún hefur unnið að undanfarin ár á skilum skólastiga. „Í raun var meiri samfella í mörgum þáttum en ég átti von á. En ég varð fyrir vonbrigðum þegar ég varð vör við það sem ég kalla afturhverft rof. Til dæmis er mikið leikið með stafi, orð og rím í leikskólanum og börnin byrjuð að skrifa, að minnsta kosti nafnið sitt. Ég held því fram að þetta sé fyrsta stig lestrarnáms en í 1. bekk grunnskóla var látið sem nemendur hefðu ekki gengið í gegnum þetta stig og þar var unnið með einn staf á viku þó meirihluti nemenda þekkti alla stafina. Þetta á við um tölurnar líka.“

### Sama námsefnið aftur

Á mörkum grunn- og framhaldsskóla kveðst Gerður hafa séð svipuð tilfelli og á fyrri skólaskilum. „Ég get nefnt sem dæmi að nemendur eiga kost á að velja náttúrufræðigreinar í 10. bekk í stað samfélagsgreina, jafnvel nám á náttúrufræðibraut í grunnskóla. Síðan geta þessir krakkar lent í náttúrufræðiáfanga í framhaldsskóla með nemendum sem ekki hafa þennan bakgrunn. Þá er stór hópur að læra sama námsefnið aftur en aðrir í fyrsta sinn.“




Annað, nokkuð alvarlegt dæmi um afturhverft rof að mati Gerðar, snerist um sjálfræði nemenda í námi sem hún mat á þriggja stiga kvarða. „Í leikskólum velja nemendur sér til dæmis viðfangsefni með formlegum hætti, jafnvel daglega, en ég sá mjög lítið slíkt val í 1. bekk grunnskóla. Eins voru nemendur farnir að vinna ansi mikið sjálfstætt í 10. bekk, til dæmis í svonefndum smiðjum eða verkhringjum, en á 1. önn í framhaldsskóla sá ég nánast ekkert slíkt. Þarna minnkaði sjálfræðið milli skólastiga.“

### Vill stytta nám til lokaprófs

Gerði finnst endurtekning á báðum skólaskilum sterk rök fyrir því að stytta heildarnámstíma til lokaprófs úr framhaldsskóla um að minnsta kosti eitt ár. Þá yrði námslengdin svipuð og í öðrum löndum. „Ég legg til að við setjum ein lög um leik-, grunn- og framhaldsskóla og samfellda námsskrá. Til að tryggja að allir nemendur sæki síðasta ár leikskóla ætti að gera það að skólaskyldu og líka fyrstu eitt eða tvö ár framhaldsskóla,“ segir hún og bætir við að samræmd lög fyrir öll skólastig kalli á að framhaldsskólinn flytjist yfir til sveitarfélaganna.

> Í leikskólum velja nemendur sér til dæmis viðfangsefni með formlegum hætti, jafnvel daglega, en ég sá mjög lítið slíkt val í 1. bekk grunnskóla.

Samvinna og viðhorfin milli skólastiga var meðal þess sem Gerður kannaði. „Ég varð vör við að kennarar vissu ekki hvað var að gerast á hinu skólastiginu og fann jafnvel fyrir fordómum. Ég tel að grunnskólinn hafi ekki áttað sig á hversu mikið hefur breyst í leikskólanum eftir að hann varð að heilsdagsdvöl um 95% nemenda í fjögur ár. Ég kenndi fyrir mörgum árum sjö ára börnum og núna er verið að vinna með fimm ára börnum í leikskóla með sama efni. Sama er að segja um skil grunn- og framhaldsskóla. Með grunnskólalögum frá 1995 lengdist bæði skóladagurinn og skólaárið þannig að segja má að heildartíminn hafi lengst um tvö heil ár. Það hefur orðið til þess að grunnskólinn hefur tekið upp efni sem áður var kennt á framhaldsskólastigi.“

### Meta ekki fjarnámið

Gerður segir marga grunnskólakennara vita mikið um framhaldsskólann því talsvert sé um að þeir kenni eða aðstoði nemendur sem taka framhaldsskólaáfanga í fjarnámi meðan þeir eru enn í grunnskóla. Sá sveigjanleiki á mörkum grunn- og framhaldsskóla sé mjög jákvæður. „Vandinn er sá að sumir framhaldsskólar meta ekki áfangana nema þeir hafi verið teknir hjá þeim,“ segir hún og telur mikið atriði að það verði lagað með einhverjum hætti.

Könnun Gerðar nær einungis yfir skóla í Reykjavík enda gerð með myndarlegum stuðningi frá borginni. „Ég sat í tímum, gerði vettvangsathuganir og tók viðtöl bæði við nemendur á öllum stigum og kennara. Síðan byggði ég líka á spurningakönnunum.

Það sem kom mér á óvart er að starfshættir eru mjög líkir innan hvers skólastigs. Ég hélt til dæmis að það væri miklu meiri munur á framhaldsskólum en raunin er. Þegar komið er inn í skólastofuna og búið að loka er ekki hægt að segja til um í hvaða skóla maður er.“

Bókin Skil skólastiga er hugsuð sem veganesti fyrir kennara, skólastjórnendur og aðra sem vinna að mótun stefnu í menntamálum, að sögn Gerðar. Í lokakafla birtir hún hugmyndir og tillögur að úrbótum. „Mér finnst að kennarar á öllum skólastigunum ættu að vinna meira saman og skólar eigi sér til dæmis samstarfsskóla á næstu skólastigum.“

gun@frettabladid.is



# Windows 8



EINSTAKT VERÐ

**TOSHIBA**

Toshiba C850-19D

Hagkvæm Windows 8 fartölva sem hentar vel fyrir alla hefðbundna tölvuvinnslu. 15,6" skjár, Intel Dual Core örgjörvi, 4GB vinnsluminni og 320 GB hörðum diski.

**79.990**

FYRSTA WINDOWS 8 SPJALDTÖLVAN Á ÍSLANDI!

ASUS

ASUS TF600T-1B010R

Komdu og skoðaðu fyrstu spjaldtölvuna okkar sem fáanleg er með Windows 8 RT fyrir spjaldtölvur. Til á lager. Öflugur fjögurra kjarna Tegra 3 örgjörvi, 64 GB minni, 10,1" hágæða IPS skjár. Innbyggt GeForce Tegra 3 skjákort.



**149.990**



INTEL PENTIUM

acer ACER AO 756-012

Mjög létt og nett með Intel Pentium örgjörva. 11,6" skjár, 4GB vinnsluminni og stór 500 GB harður diskur. Kemur uppsett með nýja Windows 8 stýrikerfinu.

**89.990**



15,6" INTEL PENTIUM

TOSHIBA TOSHIBA SAT C850-1C8

Góður örgjörvi og Intel Graphics 3000 skjástýring. 4GB vinnsluminni og 500 GB harður diskur.

**99.990**

INTEL CORE i5



TOSHIBA TOSHIBA SAT C855-1VU

Mikið fyrir peninginn í þessari kraftmiklu 15,6" fartölvu sem kemur með Intel i5 örgjörva. Sérstaklega skemmtilega hönnuð í flottum hvítum lit.

**129.990**



GEFORCE SKJÁKORT OG 8GB MINNI

15,6"

ASUS ASUS S56CM-XX043H

Kröftug fartölva með Intel i5 örgjörva og frábæru 2GB GeForce GT635M skjákorti og 8GB vinnsluminni. 500GB harður diskur.

**169.990**



13,3" ULTRABOOK MEÐ HYBRID DISK

ASUS ASUS UX32A-R3024H

Örþunn Zenbook úr verðlaunalínu frá Asus. Hybrid diskur með 24GB SSD og 500 GB hörðum diski. 13,3" skjár, Intel Core i3. Mjög létt og töff með langri rafhlöðuendingu.

**179.990**



SÚ BESTA Í LEIKINA

ASUS

ASUS G75VW -T1392H

Þriðju kynslóðar Intel i7 örgjörvi, 17,3" Full HD skjár, nVidia GeForce GTX 670M 3GB GDDRS leikjaskákort, 8GB vinnsluminni og 750GB harður diskur.

**299.990**

tl.is




STÆRSTA TÖLVUVERSLUN LANDSINS

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

# menning

menning@frettabladid.is



**HANNES RÆÐIR MAÓ** Hannes Hólmsteinn Gissurarson flytur fyrirlesturinn „Maó: Sagan sem hefur verið sögð" á fundi Konfúsíusarstofnunarinnar í Háskóla Íslands klukkan 12 á morgun. Þar mun Hannes andmæla gagnrýni Geirs Sigurðssonar og Sverris Jakobssonar á ævisögu Maós eftir Jung Chang og Jon Halliday, m.a. með nýjum gögnum. Fyrirlesturinn verður haldinn í stofu 207 í Aðalbyggingu Háskóla Íslands. Aðgangur er ókeypis.

# Leikhúsið er hálfpartinn verndaður vinnustaður

**Gullregn nefnist nýtt leikrit eftir Ragnar Bragason sem Borgarleikhúsið frumsýnir í kvöld. Ragnar, sem er einn okkar þekktustu kvikmyndaleikstjóra, leikstýrir verkinu sjálfur og það liggur beinast við að hefja spjallið á því að spyrja hvað hafi eiginlega dregið hann frá kvikmyndavélunum og inn í leikhúsið.**

„Stutta útgáfan er sú að Magnús Geir borgarleikhússtjóri hefur annað slagið undanfarin ár leitað til mín og spurt hvort ég hafi áhuga á að leikstýra hjá sér. Ég hafði aldrei tíma, var upptekinn við annað, en hafði svo sem alveg áhuga," segir Ragnar. „Magnús gafst svo upp á biðinni í fyrra og við bókuðum þetta í haust. Hann gaf mér algjörlega frítt spil með það hvað ég vildi gera og svo góðu boði gat ég ekki hafnað."

Þú ert búinn að vera lengi að þróa verkið, ekki satt? „Ég gekk frá grunnsöguþræði og persónum í fyrra og byrjaði svo að hitta leikarana, einn í einu, í janúar og þróa persónurnar með þeim. Í vor var ég tilbúinn með atriðahandrit og þá tókum við tveggja vikna spuna sem ég festi á filmu. Það varð heilmikill massi af efni, um það bil fjörutíu klukkutímar, sem ég sat svo yfir í tvo mánuði heima í Súðavík í sumar og hamraði út hinn endanlega leiktexta."

Er mikill munur á því að vinna í leikhúsinu eða við kvikmyndagerðina? „Það er töluverður munur. Þetta er svona þægileg innivinna en í kvikmyndagerðinni er maður hálfan daginn í bíl að þeytast á milli staða í misjöfnum veðrum og vindum og alltaf eitthvað nýtt að koma upp á. Leikhúsið hins vegar er svona hálfpartinn verndaður vinnustaður. En verkferlið nálgaðist ég á mjög svipaðan hátt og þegar ég er að gera kvikmyndir."

Það hefur ekki verið Jón Gnarr sem reddaði þér þessari þægilegu innivinnu, samanber kosningaloforð hans um að útvega vinum sínum slíka vinnu? „Nei, hann hafði nú ekki hönd í bagga held ég, nema hann hafi kannski undirstungið Magnús Geir, ég bara veit það ekki."

Talandi um Jón Gnarr, eru einhverjir ódauðlegir karakterar þarna sambærilegir við Vaktakarakterana? „Í augnablikinu finnst mér þeir allir ódauðlegir, en er auðvitað í miðri hringiðunni og kannski ekki dómbær. Tíminn verður að leiða í ljós hvort þeir verða „legendary" en ég get allavega fullyrt að þeir eru mjög eftirminnilegir. Kynjahlutföllin eru líka öll önnur en í Vöktunum, þar var karllægur heimur en hér er upplifun kvenna í forgrunni."

Fjallar verkið um rasisma og hatur á innflytjendum? „Einn af útgangspunktum verksins eru fordómar. Þeir birtast í ýmsum myndum og meðal annars er Indíana, aðalpersónan, mjög fordómafull manneskja og bara rasisti, svo það sé sagt hreint út. Í stigaganginum hennar býr fólk héðan og þaðan úr heiminum við litla hrifningu hennar en hún verður líka að kljást við það að stolt hennar og yndi, gullregnið í garðinum hennar, er líka innflytjandi og á ekki tilverurétt á Íslandi samkvæmt nýrri tilskipun yfirvalda."

fridrikab@frettabladid.is



**Á NÝJU SVIÐI** Ragnar segist hafa notað sama verkferli við vinnslu leikritsins og hann hefur gert við vinnslu kvikmynda sinna og þáttaraða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## GULLREGN - AÐSTANDENDUR

**Höfundur og leikstjórn:** Ragnar Bragason | **Leikmynd:** Hálfdán Pedersen | **Búningar:** Helga Rós V. Hannam | **Tónlist:** Mugison | **Lýsing:** Björn Bergsteinn Guðmundsson | **Hljóð:** Thorbjorn Knudsen | **Leikgervi:** Árdís Bjarnþórsdóttir

**Leikarar:** Sigrún Edda Björnsdóttir, Hallgrímur Ólafsson, Halldóra Geirharðsdóttir, Brynhildur Guðjónsdóttir, Halldór Gylfason, Hanna Maja Karlsdóttir og Jóhanna Axelsdóttir.

Sýnt á Nýja sviði Borgarleikhússins.


ELDHÚSIÐ KOMIÐ HEIM OG SAMAN FYRIR JÓL!

– sé gengið frá pöntun fyrir **7. nóvember**.









Glæsieldhúsin frá HTH eru ekki eins dýr og þau líta út fyrir að vera.

AEG FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

**20% AFSLÁTTUR** VEITTUR AF **AEG** HEIMILISTÆKJUM ÞEGAR KEYPTAR ERU INNRÉTTINGAR FRÁ **HTH**.

HTH ... þú færð það aðeins betra!

Ef þið leitið að eldhúsinnréttingu, innréttingu í baðherbergið eða að fataskápum sem sameinar fegurð og gegnheil gæði ættuð þið að skoða HTH.

Við bjóðum afar fjölbreytt úrval innréttinga í margvíslegum útfærslum svo þið ættuð að finna hjá okkur vandaða innréttingu sem fellur að smekk ykkar og óskum.

Þið fáið mikið fyrir peninginn því innifalið í verðinu er ráðgjöf fagfólks við hönnun innréttingarinnar – allt eftir ykkar þörfum.

Það er okkur sönn ánægja að kynna fyrir ykkur hina fjölbreyttu möguleika sem felast í lausnum frá HTH.

**Lítið inn í glæsilegan sýningarsal okkar í Lágmúla 8 og sjáið það allra ferskasta í hönnun eldhúsinnréttinga.**

Opið virka daga frá 10-18 og laugardaga frá 11-15.

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · www.ormsson.is


# Málaralist og morð

Bækur ★★★☆☆

**Kortið og landið**

Michel Houellebecq. Friðrik Rafnsson þýddi.

**Mál og menning**

Kortið og landið er þriðja skáldsaga Michel Houellebecq sem kemur út í íslenskri þýðingu Friðriks Rafnssonar. Hinar tvær fyrri, Öreindirnar og Áform, vöktu heilmikla athygli, enda voru þær sláandi róttækar, bæði í greiningu sinni á samtímanum og í lýsingum á ofbeldi og kynlífi sem mörgum þóttu klámfengnar. Kortið og landið er af nokkuð öðru tagi, ekki eins ágeng og grimm og fyrri sögur Houellebecq.



Bókin skiptist í þrjá hluta. Í þeim fyrsta kynnumst við listamanninum Jed Martin sem er heimsfrægur málari, ferli hans og uppvexti. Í öðrum hluta verður nokkur breyting á. Jed er fremur vinafár og einrænn, en við undirbúning stærstu sýningar sinnar kynnist hann rithöfundinum Michel Houellebecq, „höfundi Öreindanna", eins og hann er kynntur í sögunni. Sú mynd sem dregin er upp af Houellebecq er fremur nöturleg. Hann er einmana maður, rétt eins og Jed, og þeir tengjast á einhvern undarlegan hátt, eitthvað við Houellebecq heillar Jed svo að hann afræður að mála af honum mynd, mynd sem verður meistaraverk hans.

Í þriðja hluta sögunnar skiptir hún algerlega um gír. Sá hluti er sundurlausastur. Í upphafi hans er eins og sagan sé að snúast upp í hreinræktaða glæpasögu, sögumaður sem í fyrstu tveimur hlutunum hefur fylgt Jed eftir, fer allt í einu að sjá heiminn með augum lögregluforingja sem rannsakar hrottalegt morð þar sem Houellebecq sjálfur er myrtur. Hér grípur Houllebecq til ýmissa bragða sem við þekkjum, annars vegar úr vopnabúri hins sjálfsmeðvitaða póstmódernisma, hins vegar úr glæpasögum. Það á ekki bara við um glæparannsóknina, ýmislegt í frásagnaraðferðinni minnir á aðferðir sem glæpasagnahöfundar nota til að fylla upp í frásögn og umhverfi sagna sinna.

Sem fyrr er í sögu Houellebecq undirliggjandi greining á samtímanum. Í síðasta hlutanum snýst þessi greining svo upp í spásögn um framtíðina sem er jafn trúverðug og hún er fyrirsjáanleg. Þessi hluti bókarinnar er áberandi veikastur, ekki síst ef hann er borinn saman við fyrri sögur höfundarins.

Stíll sögunnar er á köflum framandlegur, uppfullur af upplýsingum, tækniatriðum sem snerta ljósmyndun, listfræði og listasögu. Þá bætir ekki úr skák að Houellebecq notar skáletur ótæpilega í bókinni, oft til að draga fram einstök orð eða setningabrot, klisjur og orðaleppa sem læðast inn í hugsanir og orð bæði persóna og sögumanns. Þetta skáletur verður þreytandi til lengdar, því virðist ætlað að skopstæla innantóm gáfumannatal en sú skopstæling skilar litlu. Ég varð nokkrum sinnum hugsi yfir þýðingu Friðriks Rafnssonar, bæði vegna þess að mér fannst ákveðið misræmi í því hvað af vísunum og fræðiorðum var þýtt og hvað ekki (hvers vegna les fólk í íslenskri þýðingu ævintýri Spirou og Fantasio en ekki bara Sval og Val þegar ýmsir aðrir bókatitlar eru þýddir?) og eins vegna þess að á köflum varð textinn formlegri og stirðari en ella.

Jón Yngvi Jóhannsson

**Niðurstaða:** Áhugaverð skáldsaga eftir einn þekktasta og umdeildasta höfund samtímans en stenst illa samanburð við fyrri verk hans.

# DEBENHAMS



YVES SAINT LAURENT

## LE TEINT TOUCHE ÉCLAT

FARÐI SEM ENDURKASTAR LJÓSI
LJÓMI Í NÝRRI VÍDD – ÞYNGDARLAUS FULLKOMNUN

YVES SAINT LAURENT

## KYNNING Í DEBENHAMS 1.–7. NÓVEMBER

**Gjöfin þín***

Glæsilegur kaupauki fylgir ef keyptar eru 2 eða fleiri YSL vörur

Verðmæti gjafarinnar er 14.400,-



**Kaupaukinn inniheldur:**
Veglega YSL öskju með rennilás, Forever Youth Liberator krem 7 ml, Rouge Pur shine varalit, Shocking maskara ferðastærð, Parisienne ilm 7,5 ml, Parisienne body lotion 50 ml.

* Gildir ekki með blýöntum eða Nudit. Gildir meðan birgðir endast. Einn kaupauki á viðskiptavin.

Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

DEBENHAMS – Lífstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

GYÐJAN
SNYRTISTOFA
15 ára
Opið hús í kvöld, fimmtudag, frá kl. 17:30 - 20:00



20% afsláttur
af öllum vörum
auk fjölda tilboða af
meðferðum og gjafakortum

Vertu vinur á facebook.
Afsláttur af vörum gildir einnig á föstudag
Skipholti 50d • 105 Reykjavík • Sími 553 5044 • gydjan@gydjan.is • www.gydjan.is

Elizabeth Arden
NEW YORK
Við kynnum Elizabeth Arden í Lyf og heilsu Kringlu 1. til 7. nóvember
Falleg taska* fylgir með kaupum á Elizabeth Arden vörum, mikið úrval af fallegum gjafapakkningum komnar.



20% afsláttur
*Gildir meðan byrgðir endast
Lyf & heilsa Kringlunni
www.lyfogheilsa.is
Opið til kl 24.00
í kvöld fimmtudag
Lyf & heilsa
Við hlustum!

Við flytjum þér góðar fréttir
Póstdreifing
Sími 585 8300
www.postdreifing.is



**FRÁ SÝNINGUNNI** Það er bjart yfir þessari fyrstu samstillingu sýningarinnar, en þegar komið er lengra inn í safnið kveður við annan og drungalegri tón. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# JAFNVÆGISLIST

Myndlist ★★★★☆

**Þú getur ekki staðið í vegi fyrir framförum**

Angeli Novi

**Nýlistasafnið**

Angeli Novi er listamannatvíeyki skipað Steinunni Gunnlaugsdóttur og Ólafi Páli Sigurðssyni. Sýning þeirra í Nýlistasafninu tekur yfir þrjú rými safnsins. Strax og komið er inn blasir við eins konar himneskt altari eða grafhýsi. Björgunarhringur vafinn í hvítt silki er fyrir miðju og út frá honum liggja áletraðir silkiborðar með ýmsum frösum á íslensku og ensku sem tengjast út í vegg. Fyrir neðan hringinn er lítil líkkista með áföstu snuði, sem hvílir í vöggu. Í jarðvegi fyrir neðan eru tveir kviksettir líkamar, höfuðin standa upp úr og bíta í silkiborða sem strengdur er á milli þeirra. Á borðanum stendur; Frá vöggu til grafar.

Það er bjart yfir þessari fyrstu samstillingu sýningarinnar, en þegar komið er lengra inn í safnið kveður við annan og drungalegri tón. Í miðjurými safnsins er þungamiðja sýningarinnar, 20 mínútna langt myndbandsverk sem ber sama heiti og sýningin. Þetta myndband má segja að sé tónlistarvídeó, þó að það sé ekki popptónlist sem hljómi undir, heldur dramatísk og mislagræn tónlist/hljóðrás, sem listamennirnir unnu í samstarfi við Örn Karlsson.

Í forgrunni myndbandsins er kviksett fólk af ýmsu þjóðerni og á ýmsum aldri, með einungis höfuðið standandi upp úr sandinum, með áletraða silkiborða uppi í sér. Munnarnir togast síðan á, éta ofan í sig frasana, þó átökin séu eðlilega ekki mjög kraftmikil, dálítið eins og að horfa á kýr jórtra. Öllu kraftmeira er það sem gerist í bakgrunninum, en þar hefur verið klippt saman alls konar dramatískt myndefni, íslenskt og erlent, hamfarir, stríðsátök, ýmis kennileiti eins og byggingar gamlar og nýjar, hryðjuverk, virkjanir og eldar sem loga.

Á silkiborðunum koma fram andstæður og átök. Togstreita, klisjur, andstæð sjónarmið, andstæð öfl, í raun mynd af þjóðfélagi, mynd af stjórn og stjórnarandstöðu, enda er lífið jú endalaus leit að jafnvægi og um það snýst þetta verk.

Í hliðarsal, sem hefur yfirbragð sláturhúss, er einnig myndbandsverk sem bætir litlu við hið fyrra, enda um sömu myndir að ræða að því er virðist en sýndar úr fókus og í kös. Sömuleiðis er hljóðverk í heyrnartólum sem er í sama stíl og myndböndin, brotakenndar upptökur af hinum ýmsu frösum og klisjum samtímans.

Í þessum sal er þó athyglisverð og illa lyktandi innsetning með fuglsvængjum og færibandi, loftbyssum og síðan hvítum efnisstranga með stórum holum í sem liggur úr færibandinu og tengist út í vegg. Það er eins og þarna hafi verið einhverjir að störfum, einhverjir að höggva vængi af fuglum, en oft er einmitt talað um að bankahrunið hafi vængstýft heila kynslóð ungra Íslendinga.

Ásamt því að vera listamenn, þá eru bæði Steinunn og Ólafur þekktir aðgerðasinnar. Ólafur hefur m.a. barist fyrir náttúruvernd í Saving Iceland-hópnum en Steinunn hefur látið til sín taka á fleiri en einu sviði og er meðal annars einn níumenninganna svokölluðu sem kærðir voru fyrir árás á Alþingi.

Vitandi þetta þá átti ég alveg eins von á að sýningin yrði ádeilukenndari/pólitískari en hún er, en sem betur fer er listræni þátturinn yfirsterkari.

Listamennirnir nota meðvitað klisjur, frasa, tungutak og fleira sem verið hefur í umræðunni síðustu ár í sambland við hamfaramyndirnar fyrrnefndu og búa til úr öllu saman áhugaverðan og spennandi kokkteil.

Í sýningarskrá tala listamennirnir um það hvernig kynslóðirnar verða leiksoppar efnahagslegra og sögulegra bákna, sem er góð áminning.

Myndbandsverkið er tekið í Grikklandi og á Íslandi, tveimur stöðum sem áttu menningarlega sinn blómatíma fyrir allnokkru síðan, og mega í dag muna sinn fífil fegri í efnahagslegu tilliti. Ef maður setur þetta í samhengi við efnahagslegan veruleika í þessum löndum, þá má segja að einstaklingarnir kviksettu séu í skuldafeni, sokknir upp að hálsi, sem minnir okkur á slæma skuldastöðu ríkjanna og það hvað lagt er á komandi kynslóðir ef ekki fer að sjást til sólar.

**Þóroddur Bjarnason**

**Niðurstaða:** Eftirminnileg og nokkuð frumleg sýning í framsetningu, um ráðvillta kynslóð og átök fólksins við stofnanir samfélagsins og hina eilífu leit þess að jafnvægi.

# Eldfjörug og rómantísk messa

Óperukórinn, ásamt fjórum virtum einsöngvurum, flytur verkið Petite Messe Solennelle eftir Rossini í Langholtskirkju á laugardaginn og hefjast tónleikarnir klukkan 17. Undirleikarar eru Jón Stefánsson organisti og Hólmfríður Sigurðardóttir píanóleikari og stjórnandi er Garðar Cortes. „Rossini var mikilvirkt tónskáld framan af ævinni en hann lagðist í leti þegar hann var 37 ára og samdi ekkert í tugi ára. Það var svo á gamals aldri að hann reif sig upp og samdi þessa messu sem er eldfjörug, rómantísk og skemmtileg," lýsir Garðar. Miðaverð er 3.000 kr. og hægt að panta á Midi.is. - gun



**EINSÖNGVARAR, UNDIRLEIKARAR OG STJÓRNANDI** Garðar Thor Cortes, Jóhann Smári Sævarsson, Sigríður Ósk Kristjánsdóttir og Þóra Einarsdóttir ásamt Jóni Stefánssyni, Hólmfríði Sigurðardóttur og Garðari Cortes. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Nýr framkvæmdastjóri

Auður Rán Þorgeirsdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Listahátíðar í Reykjavík. Auður hefur áður starfað sem verkefnastjóri hjá Höfuðborgarstofu þar sem hún stýrði viðburðum á borð við menningarnótt og Vetrarhátíð. Hún var hvatamaður að umsókn borgarinnar um titilinn Bókmenntaborg UNESCO og var annar tveggja stjórnenda verkefnisins hjá menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkur. Einnig stýrði hún fyrstu Lestrarhátíðinni í Reykjavík, sem fór fram nú í október.



**AUÐUR RÁN ÞORGEIRSDÓTTIR**

Auður starfaði um árabil í dagskrárteymi Edinburgh International Book Festival. Hún útskrifaðist með BA-gráðu í bókmenntafræði frá Háskóla Íslands og MSc-gráðu í Cultural Management & Policy frá Queen Margaret University í Edinborg í Skotlandi. Auður Rán tekur við starfi framkvæmdastjóra Listahátíðar af Guðrúnu Norðfjörð.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 01. nóvember**

**Sýningar**



**17.00** **Eggert Pétursson** opnar sýningu í i8 Gallery, Tryggvagötu 16.

**Tónlist**

**14.00** Tónlistarhátíðin Iceland Airwaves stendur nú yfir í Reykjavík. Nánari dagskrá má skoða á http://icelandairwaves.is.

**21.00** Hin árlega Tónlistarveisla í skammdeginu verður haldin í göngugötunni á Garðatorgi. Hljómsveitin Jet Black Joe stígur á svið. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Söngkonan Jana María ásamt hljómsveit skemmtir á Café Rosenberg. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**22.00** Gunnar Þórðarson heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da,Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**






# tónlist

tonlist@frettabladid.is



**THE BOX TREE** með Skúla Sverrissyni og Óskari Guðjónssyni er plata vikunnar. ★★★★

*„Einstök plata frá tveimur afburðahljóðfæraleikurum.“* - TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Brjáluð hliðardagskrá*

Iceland Airwaves-hátíðin hefur vaxið mikið síðustu ár. Dagskráin hefur farið stækkandi og það eru seldir fleiri miðar nú en áður. Það atriði sem hefur vaxið mest er samt örugglega „off-venue“ dagskráin. Off-venue er ókeypis dagskrá til hliðar við aðaldagskrána. Hún er öllum opin og tryggir að Airwaves er hátíð allra tónlistaráhugamanna í höfuðborginni, hvort sem þeir hafa keypt sér armband eða ekki.



**OFF-VENUE** Steindór Andersen og Hilmar Örn Hilmarsson spila í Hörpu klukkan fimm í dag.

Hliðardagskráin í ár er hreint út sagt klikkuð. Hátt í 40 staðir bjóða upp á dagskráratriði og margir þeirra eru með þétta dagskrá alla dagana. Hliðardagskráin er oft að degi til, sem þýðir að það er hægt að hlusta á tónlist frá hádegi og fram á nótt. Eina spurningin er hvað eigi að velja. Hér á eftir fara nokkrir spennandi möguleikar:

Fimmtudagur: Fimm kanadísk bönd á Hressó frá kl. 14. Bedroom Community útgáfan verður með dagskrá frá kl. 16 á Kaffibarnum. Steindór Andersen og Hilmar Örn Hilmarsson í Hörpu kl. 17 og Shabazz Palaces og THEESatisfaction á KEX Hostel klukkan 18.30.

Föstudagur: Ásgeir Trausti á Marina Hotel kl. 12, Valdimar kl. 17 á sama stað, Of Monsters and Men kl. 18 og Tilbury kl. 19. Ojba Rasta og Ghostigital á KEX, Pascal Pinon á Kolabrautinni klukkan 16 og íslenskt rokk í strætóstöðinni í Mjódd frá 16–18.

Laugardagur: Rökkurró, Vigri, Útidúr o.fl. í Norræna húsinu frá kl. 13. Þórir Georg, The Heavy Experience, Skelkur í bringu, Nolo o.fl. á Bar 11 frá kl. 17 og Hjálmar og For A Minor Reflection á Marina Hotel frá klukkan 17.

Fyrir utan allt þetta stendur raftónlistarhátíðin Rafwaves yfir á þriðju hæð í Iðuhúsinu í Lækjargötu sömu daga og Airwaves. Þar spila allir helstu raftónlistarmenn Íslands, m.a. frá Reyk Veek, Möller, Thule og Weirdcore.

## Í SPILARANUM



Lára Rúnars **Moment**



Friðrik Dór **Vélrænn**



Magnús og Jóhann **Í tíma**


SVÞ

ÞAÐ BORGAR SIG AÐ VERSLA Á ÍSLANDI

Höldum hagkerfinu gangandi og veljum verslun og þjónustu á Íslandi.

Samtök verslunar og þjónustu




**BLOUSE** Hljómsveitin stillir sér upp með gínum í stúdíói Fréttablaðsins. Blouse spilar á Þýska barnum á föstudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Sluppu við storminn Sandy

**Bandaríska hljómsveitin Blouse vann samkeppni á vegum Reyka Vodka og hlaut að launum flugmiða á Iceland Airwaves-hátíðina.**

Blouse frá Oregon í Bandaríkjunum spilar á Þýska barnum á föstudagskvöld á Airwaves-hátíðinni. Hljómsveitin vann, ásamt löndum sínum í Vacationer, samkeppni á vegum Reyka Vodka og hlaut að launum flugmiða til Íslands. Blouse spilar afslappað popp með rafrænum áhrifum sem minnir nokkuð á bresku sveitina The xx. Hljómsveitin er skipuð þeim Charlie Hilton, Patrick Adams, Jacob Portrait og Paul Roper.

„Umboðsmaðurinn okkar sendi okkur tölvupóst og spurði hvort við hefðum áhuga á þessu. Okkur fannst þetta gott tækifæri að geta heimsótt hið ótrúlega Ísland þannig að við gengum frá umsókninni og eiginlega gleymdum þessu svo,“ segir Adams. „Þremur mánuðum seinna fékk ég símtal um að við hefðum verið valin og okkur fannst það mjög spennandi.“ Hilton heldur áfram: „Ísland er eiginlega staður sem allir vilja heimsækja en á endanum gera þeir það kannski ekki. Það er gott að hafa afsökun til að geta farið til Íslands.“

> Það er gott að hafa afsökun til að geta farið til Íslands.
>
> **PATRICK ADAMS** MEÐLIMUR BLOUSE

Flugferðin hingað gekk vel þrátt fyrir storminn Sandy, enda flugu þau frá Seattle. Vacationer, sem spilar sólríkt danspopp, var ekki eins heppin því hún varð veðurteppt í Fíladelfíu á austurströndinni og komst ekki til landsins á sama tíma.

Spurður út í stofnun Blouse árið 2010 segir Adams: „Ég og Charlie hittumst í skóla. Við vorum bæði í grafískri hönnun í Portland State-háskóla. Við höfðum bæði áhuga á tónlist og vildum spila saman. Ég og Jacob höfðum samið dálítið af tónlist saman og Charlie hafði búið til sólóefni.“ Charlie bætir við að samstarfið hafi gengið vandræðalaust fyrir sig.

Snemma á síðasta ári gerðu þau útgáfusamning við Captured Tracks frá Brooklyn. Sama ár komu út nokkrar smáskífur frá Blouse og gaf hin fræga útgáfa Sub Pop út eina þeirra, Shadow that May. Í nóvember síðastliðnum kom svo fyrsta breiðskífan út beggja vegna Atlantshafsins og fékk hún góðar viðtökur. Hljómsveitin slær ekki slöku við því upptökur á næstu plötu eru þegar hafnar.

Tónleikar Blouse verða á Þýska barnum á föstudagskvöld kl. 23.20. Vacationer spilar í Norðurljósasal Hörpu á laugardagskvöld kl. 23.30.

freyr@frettabladid.is

### INNBLÁSTUR FRÁ HEIMSPEKI OG KVIKMYNDUM

Blouse sækir innblástur sinn víða að. „Ég hef gaman af pönksenunni frá því seint á áttunda áratugnum,“ segir Portrait og Hilton bætir við: „Svo höfum við öll áhuga á nýbylgju og elektrónískum pælingum. Við hlustum á alls konar tónlist en reynum að vera ekki bara undir áhrifum frá annarri tónlist heldur einnig heimspeki, kvikmyndum og fleira.“

## LAGALISTINN

Vikuna 25. október - 30. október 2012

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Ásgeir Trausti | *Dýrð í dauðaþögn* |
| ▼ | 2 | Retro Stefson | *Glow* |
| ▶ | 3 | Mumford & Sons | *I Will Wait* |
| ▼ | 4 | Valdimar | *Sýn* |
| ▶ | 5 | Muse | *Madness* |
| ▶ | 6 | Ragnar Bjarnason / Jón Jónsson | *Froðan* |
| ▲ | 7 | Adele | *Skyfall* |
| ▶ | 8 | Magni | *Augnablik* |
| ▲ | 9 | Rihanna | *Diamonds* |
| ▼ | 10 | Philip Philips | *Home* |

## TÓNLISTINN

Vikuna 25. október - 30. október 2012

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Ásgeir Trausti | *Dýrð í dauðaþögn* |
| ✱ | 2 | Skálmöld | *Börn Loka* |
| ▲ | 3 | Valdimar | *Um stund* |
| ▼ | 4 | Retro Stefson | *Retro Stefson* |
| ▼ | 5 | Of Monsters and Men | *My Head Is an Animal* |
| ▲ | 6 | Biggi Hilmars | *All We Can Be* |
| ✱ | 7 | Jónas Sigurðsson | *Þar sem himin ber við haf* |
| ▼ | 8 | Úr kvikmynd | *Ávaxtakarfan* |
| ▲ | 9 | Bjarni Arason | *Elvis Gospel* |
| ▼ | 10 | Stuðmenn | *Astralterta* |

**Skýringar:**

▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is

# Úlpudagar

## 20% afsl.

**Fimmtudag - Föstudag - Laugardag**

***Kynnum nýju vetrarlínuna frá Icepeak***



***Skíðavörur: Hjálmar, skíði og skór. 30% afsl.***

***Gönguskór: Diemme og KSB herra restar stærðir 45 til 48. 50% afsl.***

***Gönguskór: KSB dömu restar stærðir 37 til 42. 50% afsl.***

***Flísfatnaður. 30% afsl.***

***Léttar göngubuxur. 30% afsl.***

***Restar af eldri fatnaði. 50% afsl.***

*Íslensku*

**ALPARNIR**

**HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA**

Faxafeni 8 · 108 Reykjavík

sími 534 2727 • e-mail: alparnir@alparnir.is • www.alparnir.is



**5. MYNDIN** í kvikmyndaröðinni Mission: Impossible gæti verið í bígerð, í það minnsta ef Tom Cruise fær einhverju um það ráðið. „Ég vonaðist alltaf til þess að myndirnar yrðu margar. Þetta er persóna sem ég get elst með,“ sagði leikarinn um kvikmyndaröðina.

# Verst hermönnum



**VERST** Hailee Steinfeld fer með hlutverk í The Keeping Room. NORDICPHOTOS/GETTY

Leikkonurnar Hailee Steinfeld og Olivia Wilde fara með aðalhlutverkin í nýrri kvikmynd sem ber titilinn The Keeping Room. Myndin gerist á tímum borgarastríðsins í Bandaríkjunum og segir frá tveimur systrum sem reyna að verja heimili sitt gegn árásum hermanna. Leikkonan Nicole Beharie úr Shame fer einnig með hlutverk í myndinni.

Julia Hart er handritshöfundur myndarinnar og mun Daniel Barber leikstýra henni. „Ég er himinlifandi yfir því að fá tækifæri til að vinna með þessum frábæru leikurum og mjög spenntur fyrir að takast á við verkefnið,“ sagði Barber um myndina.

Olivia Wilde er reynslumesta leikkonan af þessum þremur og fór meðal annars með hlutverk í myndinni Tron: Legacy og í Butter, þar sem hún leikur á móti Jennifer Garner.

# Leikur veika konu

Búið er að ráða í helstu hlutverk kvikmyndarinnar You‘re Not You sem byggð er á samnefndri skáldsögu höfundarins Michelle Wildgren.

Sagan segir frá ungum og svolítið sjálfselskum háskólanemanda sem ræður sig í umönnunarstarf hjá konu sem þjáist af taugavöðvasjúkdómnum ALS. Eftir svolítinn tíma í starfinu fer stúlkan að líta á lífið öðrum augum.

Hilary Swank fer með hlutverk konunnar og mun Emmy Rossum leika ungu stúlkuna. Leikarinn Josh Duhamel mun einnig leika í myndinni en ekki er ljóst hvaða hlutverk hann tekur að sér.



**NÝTT HLUTVERK** Hilary Swank leikur veika konu í kvikmyndinni You‘re Not You.


*Útgáfugleði*



Vinir og velunnarar fagna með góðskáldinu Sigurði Pálssyni í Bókabúð Máls og menningar í dag kl.17




JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*




**SKEMMTILEGA SKRÍTNAR** Kvikmyndin Pitch Perfect segir frá sönghópnum The Bellas. Myndin hefur hlotið góða dóma og er sögð skemmtilega skrítin.

# EIN SKEMMTILEGASTA KVIKMYND ÞESSA ÁRS

**Gaman- og söngvamyndin Pitch Perfect er frumsýnd í kvikmyndahúsum annað kvöld.**

Kvikmyndin Pitch Perfect segir frá háskólameynni Becu sem á sér þann draum að flytjast til Los Angeles að námi loknu og gerast upptökustjóri. Stúlkunni leiðist þó námið og sinnir því illa og veldur þetta föður hennar miklum áhyggjum. Hann gerir dóttur sinni tilboð; að sinna náminu og skrá sig í frístundir og í staðinn mun hann styðja hana í flutningunum til Los Angeles. Beca fellst á þetta og ákveður að skrá sig í a capella-sönghópinn The Bellas sem skipaður er skrautlegum hópi stúlkna. Aubrey, einn meðlimur sönghópsins, er gallhörð á því að stúlkurnar haldi sig við sama lagalista og þær hafa notast við árum saman en Beca sannfærir stúlkurnar um að losa sig úr viðjum vanans og feta nýjar og spennandi leiðir í tónlistarsköpun sinni.

Það er leikkonan Anna Kendrick sem fer með hlutverk Becu. Kendrick vakti fyrst athygli fyrir hlutverk sitt sem Jessica Stanley í Twilight-kvikmyndunum og síðan þá hefur stjarna hennar risið hratt og örugglega. Leikkonan hóf þó leikferil sinn sem sviðsleikkona og var tólf ára gömul þegar hún kom fyrst fram í hlutverki Dinuh í Broadway-söngleiknum High Society árið 1998. Hún var tilnefnd til Tony-verðlaunanna fyrir leik sinn í verkinu.

Með önnur hlutverk fara Brittany Snow, Anna Camp og gamanleikkonan Rebel Wilson, sem sló í gegn í með leik sínum í Bridesmaids. Handritið að Pitch Perfect skrifaði Kay Cannon, en hún vann áður sem handritshöfundur gamanþáttanna 30 Rock og er meðframleiðandi sjónvarpsþáttanna New Girl. Leikstjóri myndarinnar, Jason Moore, hóf feril sinn á Broadway þar sem hann leikstýrði Les Misérables sem sýnt var í Imperial-leikhúsinu. Hann hefur einnig leikstýrt nokkrum þáttum af Dawson‘s Creek, One Tree Hill og Brothers & Sisters. Pitch Perfect er fyrsta kvikmynd hans í fullri lengd.

Kvikmyndin hefur fengið góða dóma og gefur vefsíðan Rottentomatoes.com henni 77 prósent af hundraði. Einn gagnrýnandi segir myndina eina „skrítnustu kvikmynd ársins“ en telur hana jafnframt í hópi „skemmtilegustu kvikmynda ársins“.

## HARÐUR HEIMUR HÁSKÓLASÖNGHÓPA

Pitch Perfect er byggð á samnefndri bók Mickey Rapkin, ritstjóra tímaritsins GQ. Rapkin fylgdist með a capella-sönghópum Tufts-háskóla, Oregon-háskóla og Háskólanum í Virginíu. Sönghópa sem þessa má finna í fjölda bandarískra háskóla. Rapkin fylgdist með vinnu sönghópanna í eina önn og fjallar bókin meðal annars um þá vinnu sem meðlimir hópanna leggja á sig, aðdáendur þeirra, skemmtanalífið sem fylgir þeim og samkeppnina sem ríkir milli ólíkra sönghópa.

# Hrollvekjur í gamni og alvöru

Drakúla sjálfur hefur tekið sig til og opnað fimm stjörnu hótel í teiknimyndinni Hotel Transylvania. Hótelið er hinn besti hvíldarstaður fyrir skrímsli og fjölskyldur þeirra þar sem ekkert mannfólk er að angra þau. Öll frægustu skrímsli heims eru saman komin á Hotel Transylvania eina helgina til að halda upp á 118 ára afmæli dóttur Drakúla, Mavis. Drakúla er mikið í mun að þjónusta þessa merkilegu gesti sína af fremsta megni en þegar ungur drengur villist inn á hótelið einmitt þessa helgi er voðinn vís. Ekki skánar það svo þegar drengurinn rennir hýru auga til afmælisbarnsins sjálfs. Það er hópur stjarna sem ljáir persónum myndarinnar rödd sína og má þar meðal annars nefna Adam Sandler, Selenu Gomez, Kevin James, Andy Samberg og Steve Buscemi.



**AFMÆLISBARN** Í teiknimyndinni Hótel Transylvania býður Drakúla öllum helstu skrímslum heimsins í 118 ára afmæli dóttur sinnar, Mavis. Veislan er haldin á hóteli hans sem er sérstaklega fyrir skrímsli.

Hrollvekjan House at the End of the Street er einnig frumsýnd um helgina. Myndin segir frá Ryan, ungum strák sem missti foreldra sína þegar systir hans myrti þá. Sjálfur komst hann undan. Þar með er þó ekki öll sagan sögð, eins og Elissa kemst að þegar hún flytur í næsta hús. Vegna misskilnings var sagt frá því í síðustu viku að House at the End of the Street yrði frumsýnd þá um helgina og leiðréttist það hér með.

- trs


RAFVÖRU MARKAÐURINN
LJÓSAKRÓNUR
LÁGVÖRUVERÐS-VERSLUN
VIÐ FELLSMÚLA - REYKJAVÍK
19.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA
FJÓRIR LITIR
15.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA
9.995
LJÓSAKRÓNA
18.495
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA
BLÁTT
BRÚNT
BLEIKT
9.995
LJÓSAKRÓNA
19.995
LJÓSAKRÓNA, 9 ARMA
14.995
LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA ANTÍK
14.995
LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA STÁL
14.995
LJÓSAKRÓNA, 8 ARMA, STÁL
11.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA
17.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA ANTÍK
17.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA STÁL
11.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, RUST
9.975
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA GYLLT
14.995
LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA ANTÍK
14.995
LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA STÁL
5.995
LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA, RUST
7.995
LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA GYLLT
18.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA ANTÍK
18.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA STÁL
11.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, RUST
Gildistími er tvær vikur. Vörur geta verið uppseldar. Birt með fyrirvara um prentvillur.
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16



**100 HÁR MISSIR MAÐUR Á DAG** að meðaltali. Orsakir hárloss geta verið vítamínskortur, stress og þyngdartap.



**VEL KLÆDD** Leikkonan Sarah Jessica Parker var að sjálfsögðu mætt enda mikil áhugamanneskja um tísku.



**NÝJA LÍNAN**
Frakkar í yfirstærð, útvíðar buxnaskálmar, síðar ermar og dúnkápur eru meðal þess sem Maison Martin Margiela ætlar að bjóða upp á í nýju línu sinni fyrir Hennes & Mauritz.

# Margiela og H&M

**Tískuspekingar söfnuðust saman í New York til að berja nýtt hönnunarsamstarf Maison Martin Margiela og sænska verslanarisans Hennes & Mauritz augum. Tískuhúsið framsækna býður upp á endurbætta útgáfu af lykilflíkum sínum gegnum árin í línunni fyrir H&M. Þar er meðal annars að finna skó með gegnsæjum hæl, frakka í yfirstærð og og víðar buxur. Fatalínan er væntanleg í útvaldar verslanir H&M þann 15. nóvember en eflaust verður slegist um flíkurnar.**



**AÐALKONAN** Margareta Van Den Bosch, listrænn stjórnandi Hennes & Mauritz, mætti í fatnaði frá Maison Martin Margiela.

**FRUMLEGT** Leikkonan Mena Suvari var í kjól og skóm úr línunni.

**PLÖTUSNÚÐURINN** Leigh Lezark var klædd í skemmtilegum kimonokjól úr nýju línunni.

BLEND KRINGLUNNI RÝMINGARSALA

1 - 19 NÓVEMBER
VIÐ RÝMUM VEGNA BREYTINGA

5 VERÐ
990 1490 1990 2990 3990

VERÐDÆMI

| | |
|---|---|
| HERRA GALLABUXUR | 3990 |
| HERRA BOLIR | 1490 |
| HERRA PEYSUR | 2990 |
| DÖMU GALLABUXUR | 3990 |
| DÖMU TOPPAR | 990 |
| DÖMU PEYSUR | 2990 |

SÍMI: 588 5777 BLEND KRINGLUNNI 3. HÆÐ

# Freebird frumsýnt

**TÍSKA** Vorlína fatamerkisins Freebird verður frumsýnd í Þjóðmenningarhúsinu í dag. Línan er hönnuð af hjónunum Gunnari Hilmarssyni og Kolbrúnu Gunnarsdóttur í samstarfi við bandarískt fyrirtæki.

Sýningin hefst klukkan 17 og er öllum velkomið að sækja hana svo lengi sem pláss leyfir.

Gunnar og Kolbrún hönnuðu áður undir nafninu Andersen & Lauth og að þeirra sögn er Freebird-línan að einhverju leyti innblásin af Viktoríutímabilinu.



**NÝTT VERKEFNI** Gunnar Hilmarsson og Kolbrún Gunnarsdóttir frumsýna nýja fatalínu sína í dag. Með þeim á myndinni er yngsta barn þeirra, Isabel Mía.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Æfingin skapar meistarann

**?** Ég er kona á fertugsaldri og langar mikið til þess að finna leiðir til þess að fá sterkari fullnægingu og á margvíslegan hátt. Málið er að ég bjó með sama manninum í áratug, en er nú fráskilin, og ég hef alltaf notað sömu aðferðina til þess að fá fullnægingu, það er þurft að vera ofan á og sjá um það sjálf. Ég hef ekki getað fengið hana öðruvísi, en samt alltaf fengið fullnægingu engu að síður. Undanfarið þegar ég hef stundað kynlíf þá hefur það verið frekar erfitt en gott þegar það gerist en mig langar bara svo að það geti gerst einhvern veginn öðruvísi og að ég þurfi ekki alltaf að nota sömu aðferðina. Eru til einhverjar aðrar leiðir eða get ég gert eitthvað sem örvar mig meira? Ég hef verið nokkrum sinnum með sama manninum í röð undanfarið og hann hefur ýmsa takta en það hefur ekki virkað, það gerist ekkert nema að ég skelli mér ofan á og geri þetta sjálf!

**SVAR** Þetta hljómar eins og þú sért búin að skilyrða líkamann í þessa einu stellingu og fullnægingin bíði bara sallaróleg þar til þú kemur þér í hana. Líkaminn er hins vegar svo magnaður, við getum kennt honum ýmislegt og breytt út af vana. Þú minnist ekkert á sjálfsfróun og hvernig þú færð fullnægingu þegar þú stundar hana. Það gæti verið ágætur staður til að byrja að vinna með líkamanum. Þegar konan er ofan á þá stjórnar hún dýpt limsins og hraða samfaranna. Hún getur



ruggað sér fram og aftur til að fá örvun á sníp og barma og jafnvel notað hendurnar samhliða og því hentar þessi stelling mörgum konum mjög vel. Flestar konur þurfa að örva snípinn samhliða samförum til að fá fullnægingu en það ætti ekki að vera bundið við stellinguna svo lengi sem þér líður vel og þú, eða hann, eigið auðvelt með að örva snípinn. Það getur einnig verið að þú náir ekki fullnægingu nema eftir ákveðna upphitun, sem er mjög algengt. Þá getur einnig spilað inn í einbeitning en ef heilinn er ekki með í för getur fullnæging látið á sér standa. Nú er það bara gamla góða vísan, æfingin skapar meistarann. Þú gætir þurft að sýna líkama þínum smá þolinmæði og ekki væri verra að nota sleipiefni og jafnvel prófa lítinn titrara.

**KYNLÍF: TAKTU ÞÁTT!**
Sendu **Siggu Dögg** póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is




MANNLEGT VERK UM ÍSLENSKT FÓLK OG ÚTLENSK TRÉ
GULLREGN
NÝTT LEIKRIT EFTIR RAGNAR BRAGASON
Pantaðu ljúffengar veitingar til að njóta fyrir sýningu eða í hléi
Síðustu dagar áskriftarkortasölu
Borgarleikhúsið
Frumsýnt í kvöld kl. 20 UPPSELT
fim. 1/11 kl. 20 UPPSELT
fös. 2/11 kl. 20 UPPSELT
lau. 3/11 kl. 20 UPPSELT
sun. 4/11 kl. 20 UPPSELT
fim. 8/11 kl. 20 örfá sæti
fös. 9/11 kl. 20 örfá sæti
lau. 10/11 kl. 20 UPPSELT
sun. 11/11 kl. 20 UPPSELT
fim. 15/11 kl. 20 UPPSELT
fös. 16/11 kl. 20 UPPSELT
lau. 17/11 kl. 20 UPPSELT
sun. 18/11 kl. 20 UPPSELT
lau. 24/11 kl. 20 UPPSELT
sun. 25/11 kl. 20 UPPSELT
fim. 29/11 kl. 20 UPPSELT
fös.30/11 kl. 20 UPPSELT
lau. 1/12 kl. 20 örfá sæti
fös. 7/12 kl. 20 UPPSELT
lau. 8/12 kl. 20 UPPSELT
fös.14/12 kl. 20 örfá sæti
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

# Mýkri Pollock-bræður

Tónlist ★★★☆☆

**The Pollock Brothers**
EP

**Synthadelia**

Synthadelia Records er ný íslensk plötuútgáfa sem sérhæfir sig í útgáfu á netinu, en framleiðir stundum nokkur eintök af geisladiskum, t.d. til að selja á tónleikum.

Útgáfan hefur þegar gefið út yfir tuttugu plötur sem hægt er að kaupa á Gogoyoko og fleiri tónlistarveitum á netinu. Gömlu Utangarðsmennirnir Danni og Mikki Pollock eru á meðal þeirra sem eru á mála hjá Synthadelia. Mike er þegar búinn að gefa út tvær blúsplötur hjá útgáfunni með Sigurði Sigurðssyni, söngvara og munnhörpuleikara, sem oftast er kenndur við hljómsveitina Centaur. Synthadelia gaf líka út 30 ára afmælisútgáfu hljómsveitarinnar Bodies. Það er flottur gripur sem ætti endilega koma á disk og í almenna dreifingu. Ein af nýjustu útgáfunum er svo þessi fimm laga EP-plata þeirra Pollock-bræðra.

Flestir tengja sennilega Pollock-bræður við hratt og hrátt gúanórokkið sem þeir spiluðu með Utangarðsmönnum og Bodies. Tónlistarlegar rætur þeirra liggja hins vegar í gömlum blús og rokki. Það er eitt frumsamið lag á EP, hin eru meðal annars eftir Bob Dylan og meðlimi Rolling Stones. Þetta eru mýkri og poppaðri Pollock-bræður. Það heyrist vel að þeir eiga vel heima í þessari tegund tónlistar. Hljómurinn er frekar hrár (Synthadelia er mjög „lo-fi“ útgáfa), en tónlistin kemst samt vel til skila. Þetta er ágæt plata frá útgáfu sem gaman verður að fylgjast með í framtíðinni.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Mikki og Danni Pollock með frumsamið efni í bland við Dylan og Stones.




# Mugison í stað Swans

Bandaríska hljómsveitin Swans hefur hætt við komu sína til Íslands, þar sem hún átti að koma fram á Airwaves-hátíðinni í kvöld, vegna fellibyljarins Sandy á austurströnd Bandaríkjanna.

Mugison hleypur í skarðið fyrir Bandaríkjamennina í Norðurljósasal Hörpu í kvöld.

Ekki er gert ráð fyrir frekari breytingum á dagskrá Iceland Airwaves sökum veðurs.



**Í SKARÐIÐ** Mugison kemur fram í stað Swans á Airwaves.



**KJÓLAVANDRÆÐI** Angelina Jolie er sögð vilja fá L'Wren Scott til að hanna brúðarkjól sinn. NORDICPHOTOS/GETTY

# Vill Scott með sér í lið

Angelina Jolie og Brad Pitt ætla að ganga í það heilaga í nánustu framtíð en hafa lítið látið uppi um væntanlegt brúðkaup. Orðrómur er á sveimi um að hönnuðurinn L'Wren Scott gæti hannað brúðarkjól Jolie.

Tímaritið Grazia hefur eftir heimildarmanni sínum að Jolie hafi þegar átt nokkra fundi með Scott. „Angelina vildi hönnuð sem er ekki vanur að hanna brúðarkjóla og leist best á Scott,“ sagði heimildarmaðurinn.

Scott er einnig þekkt fyrir að vera kærasta rokkarans Micks Jagger.



**SAGÐI NEI** Ben Affleck afþakkaði boð um að leikstýra þætti í Homeland. NORDICPHOTOS/GETTY

# Afþakkaði Homeland

Ben Affleck bauðst að leikstýra þætti í þáttaröðinni Homeland en afþakkaði vegna þess að eiginkona hans, Jennifer Garner, var upptekin við vinnu. „Við erum með samkomulag. Þegar ég vinn þá er hún heima og öfugt. Hún var við tökur í Atlanta þegar mér bauðst þetta verkefni og því varð ég að segja nei. Mér var alveg sama því ég hélt að ekkert yrði úr þættinum,“ útskýrði leikarinn og bætti við í gamansömum tón að hann hreinlega þoldi ekki þáttinn í dag.

„Ég hef ekki séð einn einasta þátt, en ég þoli hann samt ekki.“



# Hetjur í hálfa öld

Bíó ★★★★☆

**Purge**

**Leikstjórn:** Antti Jokinen. **Leikarar:** Laura Birn, Liisi Tandefelt, Amanda Pilke, Peter Franzén, Krista Kosonen, Tommi Korpela.

Árið er 1992 í Eistlandi og hin aldraða Aliide skýtur skjólshúsi yfir unga stúlku á flótta undan miskunnarlausum mannræningjum. Hún kemst fljótlega að því að hún tengist stúlkunni fjölskylduböndum og sagan hoppar hálfa öld aftur í tímann, þar sem Eistland var hernumið af Sovétmönnum og andstæðingar kommúnismans voru pyntaðir og drepnir. Aliide hin unga girnist eiginmann systur sinnar en saman fela þær hann fyrir miskunnarlausum hersveitum Stalíns sem leita hans.

Myndin er byggð á samnefndri bók finnsku skáldkonunnar Sofi Oksanen sem gerði garðinn frægan hér á landi þegar hún hvæsti á íslenskan blaðamann í viðtali fyrir tveimur árum. Bókin hlaut Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs og myndin hefur verið valin sem framlag Finna til Óskarsverðlaunanna í byrjun næsta árs.

Sagan hoppar fram og til baka í tíma og gerir það gríðarlega vel. Þegar líða tekur á myndina færist fókusinn nær alfarið á eldri söguna, enda mun meira púður í henni. Leikhópurinn stendur sig frábærlega og aðalleikkonurnar þrjár bera af. Mest mæðir á Lauru Birn, en persóna hennar tekur sífelldum breytingum eftir því sem ofbeldið og örvæntingin stigmagnast. Þessi frábæra leikkona veldur hlutverkinu vel og litlu síðri er Liisi Tandefelt, sú sem leikur hana á efri árum.

Eymdin og volæðið í Purge keyrir á köflum nánast um þverbak, en hetjuskapur sterkra kvenpersóna heldur áhorfandanum við efnið og verðlaunin að lokum eru eftirminnileg og skrambi vel heppnuð kvikmynd. Það er þó viðbúið að einhverjum ofbjóði skelfilegustu atriðin, sem þó taka meira á hugann en augun.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Ekki fyrir alla, en eftirminnileg og gríðarlega vel leikin.



# Undirbúa Poppins

Eins og flestir vita setur Borgarleikhúsið upp söngleikinn vinsæla Mary Poppins í febrúar næstkomandi. Undirbúningur sýningarinnar er nú kominn á fullt skrið og eru þau Jóhanna Vigdís og Guðjón Davíð þegar byrjuð að mæta á dans- og söngæfingar, en þau munu feta í fótspor Julie Andrews og Dick Van Dyke í hlutverkum barnfóstrunnar fljúgandi og vinar hennar Berta. Dansprufur standa nú yfir fyrir hópsenur, en einn heitasti danshöfundur West End, Lee Proud, hefur ljáð sýningunni krafta sína. Fjöldi íslenskra og erlendra ráðgjafa kemur að sýningunni sem verður bæði flókin og viðamikil í uppsetningu. - trs



**BERTI** Gói fer með hlutverk Berta í sýningunni.

# Safnar fyrir sólóplötu

Tónlistarkonan Ólöf Arnalds hefur óskað eftir styrkjum á vefsíðunni Pledgemusic.com vegna framleiðslu á þriðju plötu sinni, Sudden Elevation, sem kemur út í febrúar.

Þeir sem styrkja Ólöfu geta á móti fengið ýmislegt fyrir sinn snúð, þar á meðal áritaða plötu og VIP-miða á tónleika hennar. Athygli vekur að fimmtán prósent þess fjár sem safnast renna til UN Women. Með styrkjabeiðninni fetar Ólöf í fótspor Péturs Ben því stutt er síðan tónlistarmaðurinn óskaði eftir styrkjum vegna sinnar plötu á annarri vefsíðu, Alpha.karolinafund.com.



**ÓLÖF ARNALDS** Tónlistarkonan óskar eftir styrkjum á Pledgemusic.com.





Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE IMAGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

# KÁTIR TÓNLISTARMENN

**Heimildarmyndin Crossfire Hurricane var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í London á dögunum. Myndin fjallar um hina goðsagnakenndu hljómsveit Rolling Stones. Meðlimir hljómsveitarinnar voru viðstaddir frumsýninguna ásamt fjölskyldum sínum. Myndin inniheldur viðtöl við meðlimi sveitarinnar sem klippt eru saman við eldri myndbrot sem þegar voru til af tónlistarmönnunum.**



**RAUÐKLÆDD** Jade Jagger er dóttir Micks Jagger og Bióncu Jagger. Hún var viðstödd frumsýninguna.



**SÝNIR STUÐNING** Fatahönnuðurinn L'Wren Scott er sambýliskona Jaggers og lét sig ekki vanta á frumsýninguna.



**GLAÐLEG HJÓN** Tónlistarfólkið Liam Gallagher og Nicole Appleton var glaðlegt.



**ÓLÉTT** Fjölmiðlakonan Fearne Cotton var blómleg á rauða dreglinum.



**GLÆSILEG** Leikarinn Colin Firth mætti ásamt eiginkonu sinni, kvikmyndaframleiðandanum Liviu Giuggioli.



**KÁTIR AÐ VENJU** Charlie Watts, Ronnie Wood, Keith Richards og Mick Jagger voru að vonum kátir á frumsýningunni.

NORDICPHOTOS/GETTY

# Fjölskrúðugt indípopp

Tónlist ★★★★☆

**Borko**

Born to Be Free

**Kimi Records**




Borkó er Björn Kristjánsson. Born to be Free er önnur platan hans í fullri lengd, en sú fyrri, Celebrating Life, kom út snemma á árinu 2008 bæði hjá Kimi Records og Morr Music í Þýskalandi. Þó að það séu komin fjögur og hálft ár frá síðustu plötu þá hefur Borkó verið mjög virkur á íslensku tónlistarsenunni undanfarið og meðal annars verið meðlimur í hljómsveitum eins og Seabear, FM Belfast og Skakkamanage. Að auki var hann á sínum tíma meðlimur í hinni merkilegu sveit Rúnk.

Tónlist Borkós er frekar hæggeng og yfirveguð. Helsti styrkur plötunnar felst í fínum lagasmíðum og fjölskrúðugum útsetningum. Borkó notar margs konar hljóðfærasamsetningar. Benna Hemm Hemm-legur lúðrablástur heyrist í nokkrum lögum, strengjahljóðfæri gegna mikilvægu hlutverki og svo byggir hann skemmtilega undir sum lögin með hljómborðum og forritun. Raddútsetningarnar eru líka flottar. Eins og hjá mörgum öðrum tónlistarmönnum í dag þá má heyra áhrif í tónlist Borkós frá alls konar ólíkri tónlist úr tónlistarsögunni, allt frá 70s poppi yfir í raftónlist síðustu ára. Lögin eru misgóð, þau bestu (Born to be Free, Hold Me Now, Sing to the World…) eru frábær og það er ekkert vont lag á þessari plötu. Á heildina litið er Born to be Free stórfín plata frá vaxandi tónlistarmanni.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Borkó snýr aftur fjórum árum seinna með fína plötu.

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




FYRSTA SINN Á ÍSLANDI! SÝNINGAR Í 4K - KL: 10

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| SKYFALL | 6, 9, 10(P) | 12 |
| TEDDI 2D | 6 | L |
| SEVEN PSYCHOPATHS | 8, 10.20 | 16 |

SAMBÍÓIN
UPPLIFÐU NÝJA SAMBÍÓIÐ Í KRINGLUNNI
007




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HOPE SPRINGS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| FRANKENWEENIE SÝND Í 3D MEÐ ÍSL TEXTA | KL. 6 - 8 - 10 | 7 |
| END OF WATCH | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| END OF WATCH VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| LOOPER | KL. 10:20 | 16 |
| SAVAGES | KL. 8 | 16 |
| THE CAMPAIGN | KL. 5:50 | 12 |
| LAWLESS | KL. 10:40 | 16 |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| FRANKENWEENIE SÝND Í 3D MEÐ ÍSL TEXTA | KL. 6 | 7 |
| LAWLESS | KL. 8 | 16 |
| LOOPER | KL. 10:20 | 16 |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 6 | L |
| HOPE SPRINGS | KL. 8 | L |
| END OF WATCH | KL. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| SKYFALL | KL. 5 - 8 - 10:20 - 11 | 12 |
| FRANKENWEENIE SÝND Í 3D MEÐ ÍSL TEXTA | KL. 6 | 7 |
| END OF WATCH | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| HOPE SPRINGS | KL. 5:40 - 8 | L |
| LOOPER | KL. 8 | 12 |
| LAWLESS | KL. 10:30 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI 007
UPPLIFÐU NÝJA SAMBÍÓIÐ KRINGLUNNI

SKYFALL NÚMERUÐ SÆTI (12)
KL. 5 - 6 - 7 - 8 - 9 - 10
HOUSE AT THE END OF THE STREET (12)
KL. 11 FORSÝNING 2 FYRIR 1 MIÐNÆTUR SPRENGJA
HOPE SPRINGS KL. 5 (L)

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| SKYFALL | KL. 8 - 11 | 12 |
| HOPE SPRINGS | KL. 8 | L |
| END OF WATCH | KL. 10:10 | 16 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




| SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5% | | |
|---|---|---|
| SKYFALL | KL. 5 - 6 - 8 - 9 - 11 | 12 |
| SKYFALL LÚXUS | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| TEDDI LANDKÖNNUÐUR | KL. 3.40 | L |
| FUGLABORGIN 3D ÍSL.TAL | KL. 3.40 | L |
| TAKEN 2 | KL. 10.30 | 16 |
| DJÚPIÐ | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 10 |
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 3.40 | L |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

| HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5% | | |
|---|---|---|
| SKYFALL | KL. 6 - 7 - 9 - 10 | 12 |
| TAKEN 2 | KL. 10.10 | 16 |
| LOVE IS ALL YOU NEED | KL. 8 - 10.30 | L |
| DJÚPIÐ | KL. 5.50 - 8 | 10 |
| THE DEEP ENSKUR TEXTI | KL. 5.50 | 10 |

| BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS | | |
|---|---|---|
| SKYFALL | KL. 5.20 - 8 - 10 - 10.40 | 12 |
| TAKEN 2 | KL. 8 | 16 |
| DJÚPIÐ | KL. 6 | 10 |

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

FIMMTUDAGUR: BERBERIAN SOUND STUDIO (16) 18:00, 20:00 (VEITINGAR), 22:00 ■ PURGE (HREINSUN) (16) 17:30, 20:00, 22:30 ■ 2 DAYS IN NEW YORK (L) 18:00, 22:00 ■ SUNDIÐ (L) 18:00, 20:00 ■ HREINT HJARTA (L) 18:00 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:00 ■ KÓNGAGLENNA (EN KONGELIG AFFÆRE)(14) 22:00

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

HOLLUSTA
með
# GÓÐU
## BRAGÐI
ER 10 ÁRA GÖMUL
## HUGMYND

1. nóvember árið 2002 opnuðum við okkar fyrsta stað, á Stjörnutorgi í Kringlunni, í einu allsherjar stresskasti. Nú erum við pottþétt alveg sallaróleg, þurfum enga pakka en bjóðum öllum sem vilja koma upp á logandi heitt afmælistilboð í dag.

KJÚKLINGA BURRITO
699 KR

serrano
FRESH ★ HAPPY ★ MEX

HÖFÐATORG · SMÁRALIND · SPÖNGIN · N1 HRINGBRAUT
KRINGLAN · N1 BÍLDSHÖFÐA · DALSHRAUN

**VIÐ HÖFUM OPIÐ ALLA DAGA FRÁ 11 til 21.**

ÍSLENSKA SIA.IS SER 61733 10/12

# sport

sport@frettabladid.is



**EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN** skoraði enn og aftur fyrir Cercle Brugge í belgísku úrvalsdeildinni í gær, þegar liðið vann langþráðan sigur á Beerschot, 3-1. Eiður skoraði úr vítaspyrnu í fyrri hálfleik en hann hefur skorað í öllum fjórum leikjum sínum síðan hann kom til félagsins fyrir mánuði síðan.

## ÚRSLIT

### Undankeppni EM 2014

**6. RIÐILL**

**Ísland - Hvíta-Rússland 36-28 (17-13)**
**Mörk Íslands (skot)**: Guðjón Valur Sigurðsson 11/2 (15/2), Aron Pálmarsson 11 (18), Ásgeir Örn Hallgrímsson 3 (3), Alexander Petersson 3 (5), Róbert Gunnarsson 2 (3), Snorri Steinn Guðjónsson 2 (6/1), Ingimundur Ingimundarson 1 (1), Kári Kristján Kristjánsson 1 (1), Ólafur Guðmundsson 1 (1), Þórir Ólafsson 1 (3).
**Varin skot**: Aron Rafn Eðvarðsson 12 (27/2, 44%), Hreiðar Levý Guðmundsson 4 (17/3, 24%).
**Hraðaupphlaup**: 8 (Guðjón Valur 3, Aron 1, Ásgeir Örn 1, Alexander 1, Ingimundur 1, Þórir 1)
**Fiskuð víti**: 3 (Aron 1, Alexander 1, Snorri Steinn 1)
**Utan vallar**: 8 mínútur.
**Markahæstir hjá Hvíta-Rússlandi**: Siarhei Rutenka 9/5 (12/5), Kiryl Kniazeu 4 (4), Dzianis Rutenka 3 (5).
**Varin skot**: Aliaksei Kishou 9/1 (37/2, 24%), Kazimir Kotlinski 3 (11/1, 27%).
**Hraðaupphlaup**: 4. **Fiskuð víti**: 5.
**Utan vallar**: 14 mínútur.
**Slóvenía - Rúmenía 34-26 (16-13)**

**NÆSTU LEIKIR**

**Hvíta-Rússland - Slóvenía sun. kl. 11.00**
**Rúmenía - Ísland sun. kl. 14.00**

**AÐRIR LEIKIR**

**1. riðill: Makedónía - Sviss 30-24**
**2. riðill: Tékkland - Ísrael 27-22**
**3. riðill: Noregur - Tyrkland 41-23**
**4. riðill: Króatía - Slóvakía 25-21**
**4. riðill: Ungverjaland - Lettland 32-25**
**5. riðill: Pólland - Holland 33-22**
**7. riðill: Austurríki - Bosnía 35-24**
Patrekur Jóhannesson er landsliðsþjálfari Austurr.
**7. riðill: Serbía - Rússland 30-29**

### Domino‘s-deild kvenna

**Valur - Keflavík 65-69 (33-36)**
**Valur**: Kristrún Sigurjónsdóttir 22, Guðbjörg Sverrisdóttir 12/10 fráköst, Unnur Lára Ásgeirsdóttir 9, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 8, Alberta Auguste 5, Ragnheiður Benónísdóttir 4, Hallveig Jónsdóttir 3, María Björnsdóttir 2.
**Keflavík**: Pálína Gunnlaugsdóttir 20, Jessica Ann Jenkins 16, Sara Rún Hinriksdóttir 16, Bryndís Guðmundsdóttir 7, Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir 6, Ingunn Embla Kristínardóttir 4.
**Snæfell - Njarðvík 84-57 (48-31)**
**Snæfell**: Kieraah Marlow 26, Hildur Kjartansdóttir 20, Hildur Sigurðardóttir 13/11 frák., Rósa Indriðadóttir 12, Alda Leif Jónsdóttir 7/10 frák., Berglind Gunnarsdóttir 4, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 2.
**Njarðvík**: Lele Hardy 32/15 fráköst, Salbjörg Sævarsdóttir 6, Eyrún Líf Sigurðardóttir 5, Ásdís Vala Freysdóttir 5, Guðlaug Björt Júlíusdóttir 4, Ína María Einarsdóttir 3, Sara Dögg Margeirsdóttir 2.
**Haukar - KR 50-75 (25-38)**
**Haukar**: Siarre Evans 25/17 fráköst, Gunnhildur Gunnarsdóttir 12, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 4, Auður Íris Ólafsdóttir 3, Dagbjört Samúelsdóttir 3, Ína Salome Sturludóttir 3.
**KR**: Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 22/9 fráköst, Björg Guðrún Einarsdóttir 16, Helga Einarsdóttir 12, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 11/11 fráköst, Patechia Hartman 10, Hafrún Hálfdánardóttir 4.
**Fjölnir - Grindavík 74-79 (39-44)**
**Fjölnir**: Britney Jones 29/5 stoðsendingar, Fanney Lind Guðmundsdóttir 16/18 fráköst/5 stoðsendingar, Bergdís Ragnarsdóttir 10/9 fráköst, Birna Eiríksdóttir 5, Dagbjört Helga Eiríksdóttir 5, Heiðrún Harpa Ríkharðsdóttir 3, Hrund Jóhannsdóttir 2, Eva María Emilsdóttir 2, Hugrún Eva Valdimarsdóttir 2/5 fráköst.
**Grindavík**: Crystal Smith 37, Berglind Anna Magnúsdóttir 12, Harpa Rakel Hallgrímsdóttir 10/10 fráköst, Petrúnella Skúladóttir 9, Helga Rut Hallgrímsdóttir 7/15 fráköst, Ingibjörg Yrsa Ellertsdóttir 2, Mary Jean Lerry F. Sicat 2

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Keflavík** | **6** | **6** | **0** | **470- 350** | **12** |
| Snæfell | 6 | 5 | 1 | 450- 351 | 10 |
| **Valur** | **6** | **4** | **2** | **403- 355** | **8** |
| KR | 6 | 4 | 2 | 385- 375 | 8 |
| **Njarðvík** | **6** | **2** | **4** | **378- 432** | **4** |
| Grindavík | 6 | 1 | 5 | 353- 453 | 2 |
| **Fjölnir** | **6** | **1** | **5** | **389- 456** | **2** |
| Haukar | 6 | 1 | 5 | 372- 428 | 2 |

### Enski deildabikarinn

**Norwich - Tottenham 2-1**
Gylfi Þór Sigurðsson spilaði allan leikinn með Tott.
**Chelsea - Manchester United 3-3**
Framlenging stóð yfir þegar blaðið fór í prentun.
**Liverpool - Swansea 1-3**

Allt um leiki gærkvöldsins
er að finna á
vísir.is

# Strákarnir gerðu það sem til þurfti

**Strákarnir okkar fóru vel af stað í fyrsta leik sínum í undankeppni EM 2014. Leikur þeirra gegn Hvít-Rússum í gær var kaflaskiptur en íslenskur sigur aldrei í hættu. Góður lokakafli lagaði stöðuna mikið.**

**HANDBOLTI** Aron Kristjánsson fékk draumabyrjun í sínum fyrsta leik sem landsliðsþjálfari enda var sigur Íslands aldrei í mikilli hættu gegn Hvít-Rússum í gær. Strákarnir gerðu það sem til þurfti í leiknum og fengu stigin sem skipta máli.

Strákarnir fóru rólega af stað og komust ekki yfir fyrr en eftir tíu mínútna leik. Gestirnir héngu þó í íslenska liðinu sem gekk illa að hrista þá af sér. Strákarnir voru kærulausir einum fleiri í stað þess að keyra á gestina og koma sér upp góðu forskoti.

Mestur var munurinn fjögur mörk og það hélst í hálfleik er staðan var 17-13. Fyrri hálfleikur var eign stórskyttunnar ungu, Arons Pálmarssonar, sem skoraði nánast að vild eða sjö mörk í hálfleiknum. Hann hafði ekkert fyrir því að spóla sig í gegnum vörn gestanna sem voru ráðalausir. Varnarleikurinn var misjafn hjá strákunum. Hreiðar varði ekkert fyrstu tíu mínútur leiksins en Aron Rafn kom síðan inn og varði vel.

Strákarnir geta þó mun betur en þeir sýndu í fyrri hálfleik gegn frekar slöku liði Hvít-Rússa. Með réttu áttu þeir að valta yfir gestina í síðari hálfleik. Um miðjan seinni hálfleik var munurinn orðinn sex mörk. Héldu þá flestir að strákarnir ætluðu að valta yfir Hvít-Rússanna. Í stað þess að láta kné fylgja kviði gáfu strákarnir allt of mikið eftir og hleyptu gestunum inn í leikinn á ný.

### Kláruðu leikinn almennilega

Þegar sjö mínútur voru eftir var munurinn aðeins þrjú mörk, 30-27, og þá tók Aron leikhlé. Strákarnir þjöppuðu sér saman, kláruðu leikinn eins og menn á fullu gasi. Þá var ekki að sökum að spyrja. Strákarnir hreinlega völtuðu yfir Hvít-Rússana á lokamínútunum og unnu átta marka sigur sem ekki er hægt að kvarta yfir.

Leikurinn var afar kaflaskiptur en íslenska liðið var alltaf með leikinn í öruggum höndum. Þeir hleyptu gestunum aldrei of nálægt sér. Varnarleikurinn var misjafn og markvarslan alls ekki nógu góð. Aron og Guðjón Valur héldu sókninni á floti lengi vel. Línuspilið var ekkert en það kom ekki að sök. Allt í allt gerðu strákarnir meira en nóg til þess að vinna leikinn. Miðað við breytingar á liði og lítinn undirbúning er ekki hægt að kvarta yfir mikið meira en slakri markvörslu lengst af.



**ÖLLUM BRÖGÐUM BEITT** Siarhei Rutenka, stjarna hvít-rússneska liðsins, reynir að verjast Guðjóni Vali Sigurðssyni. Aron Pálmarsson fylgist með. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Það var tilhlökkun og spenningur í mér fyrir leikinn. Virkilega góð tilfinning að labba síðan til leiks sem landsliðsþjálfari,“ sagði Aron Kristjánsson eftir leik en hann var rólegur og ekkert að missa sig yfir fyrsta sigrinum.

### Vignir stoppaði í götin

„Þetta var mjög kaflaskipt. Við vissum að það yrði erfitt að ráða við Hvít-Rússana því þeir eru með sterka og klóka leikmenn. Ég var ánægður með að við náðum að pressa þá oft í erfið skot en ég hefði samt viljað að markverðirnir hefðu varið aðeins meira. Við gefum of mikið eftir í seinni hálfleik en Vignir kemur sterkur inn í vörnina undir lokin og hjálpaði okkur að setja fyrir lekann,“ sagði Aron en hvað með sóknarleikinn? „Mér fannst við spila hann af krafti og honum var vel stýrt. Aron ógnandi allan leikinn, Snorri stýrði vel og svo komu Guðjón og Alexander sterkir upp.“

> Ég var hálfmóðgaður yfir því að þeir skyldu klippa Lexa út þannig að ég lét þá finna fyrir mér.
>
> **ARON PÁLMARSSON**
> LANDSLIÐSMAÐUR

Aron Pálmarsson fór mikinn í gær og þá sérstaklega í fyrri hálfleik. Hann hefur verið meiddur í olnboga upp á síðkastið en virðist vera búinn að jafna sig. Hann var í það minnsta ekki í vandræðum með að lúðra átján sinnum á markið.

„Þetta var ekkert fast hjá mér. Bara hnitmiðað,“ sagði Aron og glotti í kampinn. „Ég finn aðeins fyrir þessu en ekkert alvarlegt. Ég var hálfmóðgaður yfir því að þeir skyldu klippa Lexa út þannig að ég lét þá finna fyrir mér. Svo var ég kominn með tíu mörk en þeir komu ekkert yfir,“ sagði Aron léttur en hann valsaði í gegnum vörn gestanna að vild.

„Að öllu gríni slepptu vorum við vel tilbúnir. Snorri stýrði þessu vel, opnanir komu og ég nýtti mér það. Fyrsti leikur búinn og tvö stig sem var gott. Átta marka sigur er gott þó svo ég hefði viljað aðeins stærri sigur. Við látum þetta samt duga núna.“

henry@frettabladid.is

Lið úr átta deildum víða um Evrópu hafa sýnt framherjanum Aroni Jóhannssyni hjá AGF áhuga:

# Áhugi annarra liða hvetur mig áfram

**FÓTBOLTI** Aron Jóhannsson, leikmaður AGF og markahæsti leikmaður dönsku úrvalsdeildarinnar, hefur víða vakið athygli fyrir frammistöðu sína á tímabilinu. Magnús Agnar Magnússon, umboðsmaður hans, sagði við danska fjölmiðla að lið úr alls átta deildum víða um Evrópu hefðu fylgst með kappanum síðustu vikur og mánuði.

„Aggi [Magnús Agnar] hefur alltaf sagt mér að einbeita mér að boltanum og pæla ekki í áhuga annarra liða. Hann hafði sagt mér frá einhverjum liðum en annars var ég bara að lesa þetta í blöðunum í dag,“ sagði Aron við Fréttablaðið í gær.

Aron er nú að glíma við tognun í nára en hann segir fréttir eins og þessar ekki trufla einbeitinguna. „Það er frekar að þetta hjálpi mér því nú vil ég leggja enn meira á mig til að ná mér góðum og koma enn sterkari til baka,“ segir Aron.

Þetta er í annað sinn á skömmum tíma sem Aron er frá vegna tognunar í nára en hann þurfti að draga sig úr landsliðshópi Íslands sem lék í undankeppni HM 2014 í upphafi síðasta mánaðar.

„Ég býst við að vera frá í um tvær vikur. Draumurinn er að ná leik með AGF gegn Horsens þann 9. nóvember.“

Aron neitar því ekki að það sé erfitt að hafa þurft að sitja á hliðarlínunni síðustu vikurnar vegna meiðslanna. „Það var virkilega svekkjandi að missa af landsleikjunum enda í fyrsta sinn sem ég var valinn í A-landsliðið. AGF á svo stærsta leik tímabilsins á sunnudaginn þegar við mætum FCK en ég missi af honum líka,“ segir Aron en AGF er sem stendur í fjórða sæti dönsku úrvalsdeildarinnar, fjórum stigum á eftir toppliði FCK.

Aron hefur skorað tólf mörk í þrettán deildarleikjum á tímabilinu og ætlar ekki að láta áhuga annarra liða trufla sig þegar hann snýr svo til baka á völlinn. „Ég reyndi að standa mig áfram vel í leikjum með AGF og ef eitthvað spennandi kemur upp síðar meir verður það skoðað.“

Aron skrifaði nýverið undir nýjan þriggja ára samning við AGF.

- esá



**MARKASKORARI** Aron Jóhannsson í leik með íslenska U-21 landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


skemmtilegri
FUNHEITUR NÓVEMBER
PRESSA — SPENNAN MAGNAST
MASTERCHEF ÍSLAND HEFST Í NÓVEMBER
Ný íslensk þáttaröð af MasterChef lítur dagsins ljós á Stöð 2
í nóvember. Hver verður fyrsti meistarakokkur Íslands?
THE MENTALIST
PATRICK JANE SNÝR AFTUR
HEFST 25. NÓVEMBER
GREY'S ANATOMY
VINSÆLASTI ERLENDI ÞÁTTURINN
MIÐVIKUDAGAR
BÍÓ
GULL
krakkar
FJÓRAR SJÓNVARPSSTÖÐVAR FRÍTT MEÐ ÁSKRIFT AÐ
STÖÐ 2 OG STÓRAUKIÐ NETFRELSI
ALLT ÞETTA FYRIR 254 KR. Á DAG
TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



**MICHAEL KNUDSEN** Lykilleikmaður í danska landsliðinu undanfarin ár. NORDICPHOTOS/AFP

Michael Knudsen:

## Fær ekki að spila á HM

**HANDBOLTI** Línumaðurinn snjalli Michael V. Knudsen verður ekki með danska landsliðinu á HM í handbolta á Spáni. Knudsen framlengdi samning sinn við Flensburg-Handewitt til 2014 með þeim skilyrðum að hann yrði ekki með Dönum á heimsmeistaramótinu í janúar.

Knudsen var með danska landsliðinu á Ólympíuleikunum í London en tók ekki þátt í að vinna Evrópumeistaratitilinn í Serbíu í janúar.

Það er mikið álag á bestu handboltamönnum heims og þýska liðið hefur sett pressu á sína menn að taka sér frí frá landsliðinu. Annar Dani í Flensborgarliðinu, Thomas Mogensen, verður ekki heldur með Dönum á Spáni.

Michael V. Knudsen er þó ekki búinn að leggja landsliðsskóna á hilluna og ætlar að gefa kost á sér í landsliðið fyrir EM á heimavelli 2014. Hann segist samt ekki viss um að þjálfarinn Ulrik Wilbek verði búinn að fyrirgefa honum þá.

- óój

# Of spennandi til þess að hafna

**Landsliðsmaðurinn Arnór Atlason er búinn að skrifa undir þriggja ára samning við franska félagið St. Raphael. Nokkurra mánaða óvissutímabili hjá leikmanninum er þar með lokið en hann er á eins árs samningi hjá Flensburg. Arnór tók sér frí frá landsliðinu þar sem álag síðustu mánaða hafði tekið á hann.**

**HANDBOLTI** Síðustu mánuðir í lífi Arnórs Atlasonar hafa verið rússíbani. Fyrrum félag hans, AG í Danmörku, fór á hausinn á miðjum Ólympíuleikum og ríkti því óvissa um framtíð leikmannsins.

Að loknum Ólympíuleikum tók óvissutímabil við. Að lokum gerði Arnór eins árs samning við þýska stórliðið Flensburg en svo stuttur samningur er skammgóður vermir. Hann segir því vera afar gott að hafa gengið frá sínum málum til næstu ára.

„Það var opið að ég færi til þeirra í vetur en það tókst ekki að klára það. Ég fer því bara næsta sumar,“ sagði Arnór en hann skrifaði undir samning við félagið í síðustu viku. Það var þó ákveðið að tilkynna ekki um málið fyrr en eftir leik Flensburg og Füchse Berlin þar sem Arnór fór á kostum.

„Flensburg gaf í skyn að félagið vildi halda mér en þeir gátu ekki lofað mér neinu né boðið mér samning strax. Ég hefði hugsanlega getað beðið og séð til en þá hefði ég þurft að hafna þessu spennandi þriggja ára tilboði frá Frakklandi.“

Arnór segir að fjölskyldan sé mjög spennt fyrir því að fara til Frakklands en félagið er staðsett á frönsku Rívíerunni. Það er fátt líkt með þeim stað og Flensburg.

„Auðvitað spilar það inn í að vera á Rívíerunni en handboltinn skiptir samt mestu máli. Þetta er bara spennandi á alla vegu og ég er mjög feginn að allt sé klappað og klárt. Þetta var of spennandi til þess að hafna.“



**SPENNANDI TÍMAR** Arnór ætlar sér að byrja að læra frönsku fljótlega þar sem hann kann ekkert í tungumálinu. Hann er hér í leik gegn Frökkum á ÓL síðasta sumar. NORDICPHOTOS/AFP

St. Raphael hefur verið í þriðja og fjórða sæti frönsku úrvalsdeildarinnar síðustu tvö ár. Liðið var svo hársbreidd frá því að komast inn í Meistaradeildina en liðið tapaði í framlengdum leik gegn þýska félaginu Flensburg í leik um laust sæti í deildinni.

„Það hefur samt gengið illa í frönsku deildinni í upphafi vetrar. Liðið gleymdi kannski að styrkja sig á meðan önnur lið voru að bæta við sig. Þeir ætla ekki að láta það gerast á næsta ári,“ sagði Arnór en félagið ætlar honum stóra hluti í liðinu næstu árin.

„Það er uppgangur í franska handboltanum. Það er gaman að taka þátt í því og gaman að prófa eitthvað nýtt. Maður er ekki að yngjast,“ sagði Arnór en Frakkland verður þriðja landið sem hann prófar á atvinnumannaferlinum.

Markmið franska félagsins er að festa sig í sessi sem eitt af bestu liðum Frakklands og félagið ætlar að kaupa fleiri leikmenn en Arnór.

Baráttan í deildinni hefur harðnað mikið síðustu ár. Moldríkir Katarar eiga Paris Handball, sem Róbert Gunnarsson og Ásgeir Örn Hallgrímsson spila með, og svo spila Nikola Karabatic og fleiri frábærir leikmenn með Montpellier.

> „Síðustu vikur hef ég verið andlega búinn á því. Þetta ástand tók meira á en ég gerði ráð fyrir.
>
> **ARNÓR ATLASON**
> HANDKNATTLEIKSMAÐUR

Arnór gaf ekki kost á sér í landsliðsverkefnin núna og það á sér sínar eðlilegu ástæður.

„Síðustu mánuðir hafa verið stórkostlega mikið stress og vesen. Það hefur tekið á mig. Síðustu vikur hef ég verið andlega búinn á því. Þetta ástand tók meira á en ég gerði ráð fyrir. Ég varð að fá frí og þess vegna spila ég ekki með landsliðinu þessa leiki sem eru núna,“ sagði Arnór.

„Það var ekki bara óvissa með vinnu. Við þurftum að flytja, eignuðumst barn daginn eftir flutningana og svo hafa verið tíu leikir á 28 dögum ásamt því sem ég hef verið í samningaviðræðum,“ sagði Arnór en hann er langt frá því að vera hættur með landsliðinu og stefnir á að koma aftur sterkur inn á HM í janúar ólíkt dönsku félögum hans hjá Flensburg sem fá ekki að spila á HM á Spáni.

henry@frettabladid.is





VERÐSKRÁ

| Tími | Verð |
|---|---|
| 4 vikur | 14.900 kr. |
| 10 tíma klippikort | 12.000 kr. / 8.500 kr. fyrir meðlimi |
| 6 mán áskrift | 11.900 kr. á mán |
| 12 mán áskrift + kaupauki | 7.900 kr. á mán |

TÍMATAFLA

| mán. | þri. | mið. | fim. | fös. |
|---|---|---|---|---|
| 6:15 (60 mín) | | 6:15 (60 mín) | | 6:15 (60 mín) |
| 9:00 (60 mín) | | 9:00 (60 mín) | | 9:00 (90 mín) |
| | 12:00 (60 mín) | | 12:00 (60 mín) | |
| 17:30 (90 mín) | | 17:30 (90 mín) | | 17:30 (75 mín) |
| | 18:15 (90 mín) | | 18:15 (90 mín) | |
| 19:30 (60 mín) | | 19:30 (60 mín) | | |

**Laugardaga** stakur tími (90 mín.) 1.700 kr. / 1.000 kr. fyrir meðlimi

Nánari upplýsingar og skráning á **www.sporthusid.is**,
**S: 564 4050** eða **gunnhildur@sporthusid.is**

þín þróun...

SPORTHÚSIÐ • DALSMÁRA 9 - 11 • 201 KÓPAVOGI • S. 564 4050

THE

# GODFATHER

BOX-MÁLTÍÐ



Safaríkur Tower® borgari
með bragðmikilli ítalskri sósu,
kjúklingabiti, maís*, franskar og gos.

Allt þetta á aðeins **1490** krónur!

KFC svooogott™

* Eða annað meðlæti að eigin vali.

svooogott™

FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI

WWW.KFC.IS

PIPAR\TBWA • SÍA • 122599

> Stöð 2 kl. 20.10

## Neyðarlínan

***Sigrún Ósk Kristjánsdóttir fylgir eftir sögum fólks sem hringt hefur í Neyðarlínuna. Í þættinum í kvöld verður fylgst með tveimur áhugaverðum málum. Rætt verður við mann sem bjargaði lífi 17 ára fóstursonar síns sem hneig niður meðvitundarlaus rétt fyrir jól og konu sem hringdi alla leið frá Serbíu til að fá ráðleggingar um hvað hún ætti að gera þegar rúmlega ársgamall sonur hennar fékk krampa og hætti að anda.***



# dagskrá

## Í KVÖLD



### Come See the Paradise

Verkalýðssinninn Jack McGurn verður ástfanginn af hinni japönsku Lily. Árið var 1936 og hjónabönd einstaklinga af mismunandi kynþáttum eru bönnuð í Kaliforníu. Þau hlaupast því á brott en þar með er ekki allur vandi úti.

**Leikstjóri:** Alan Parker. **Aðalhlutverk:** Dennis Quaid, Tamlyn Tomita og Sab Shimono.

Rotten Tomatoes 60% · IMDb 6,5 · Stöð 2 Bíó 14.25



### Pride and Prejudice

Ein frægasta ástarsaga allra tíma, skrifuð af Jane Austen. Bennet-hjónin eiga fimm dætur sem þeim er mikið í mun að gifta vel. Koma hins hrokafulla og auðuga herra Darcy á næsta bæ vekur því mikla spennu í fjölskyldunni.

**Leikstjóri:** Joe Wright. **Aðalhlutverk:** Keira Knightley, Matthew Macfadyen og Brenda Blethyn.

Rotten Tomatoes 85% · IMDb 7,7 · Stöð 2 13.25



### Body of Proof II

Sakamálaþættir um Megan Hunt sem er meinafræðingur og fer sínar eigin leiðir. Það eru samt einmitt sérstakar aðferðir hennar og kjarkur til að fylgja innri sannfæringu sem setur hana framar jafningjum í starfi.

**Höfundur:** Christopher Murphey. **Aðalhlutverk:** Dana Delany, Jeri Ryan og Windell Middlebrooks.

Metacritic 56/100 · IMDb 6,9 · RÚV 21.15



### James Bond: For Your Eyes Only

Tólfta Bond-myndin er frá árinu 1981. Að þessu sinni leitar Bond að týndri stjórnstöð sem notuð er til að skjóta hættulegum eldflaugum á loft til að hindra að hún komist í hendur óvinanna.

**Leikstjóri:** John Glen. **Aðalhlutverk:** Roger Moore, Carole Bouquet og Topol.

Rotten Tomatoes 73% · IMDb 6,8 · Skjáreinn 22.00

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Alltaf að rífast **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Ljósa **15.25** Í kvöld um kaffileytið: Ástarsaga Sue og Charles Mingus **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Til allra átta **16.45** Lesandi vikunnar **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.47** Auglýsingar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óperukvöld Útvarpsins: Stradella **21.00** Glæpasagnaganga Borgarbókasafnsins og Rásar 1 **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperlur: Tröll hafi þína vini **23.15** Girni, grúsk og gloríur **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.40 Kiljan** (e)
**16.25 Ástareldur** (Sturm der Liebe)
**17.14 Konungsríki Benna og Sóleyjar**
**17.25 Múmínálfarnir**
**17.35 Lóa**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar**
**18.25 Dýraspítalinn** (7:10) (Djursjukhuset)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Litla Parísareldhúsið** (3:6) (The Little Paris Kitchen) Hin breska Rachel Khoo fluttist til Parísar og opnaði minnsta veitingastað borgarinnar.
**20.35 Andri á flandri - Í Vesturheimi** (5:6) (The Deuce) Andri Freyr og KK flandra um Íslendingabyggðir í Vesturheimi, skoða áhugaverða staði og heilsa upp á fólk.
**21.15 Sönnunargögn** (7:16) (Body of Proof II) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Detroit 1-8-7** (13:18) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Ljósmóðirin** (4:6) (Call the Midwife) (e)
**00.00 Krabbinn I** (11:13) (The Big C) (e)
**00.30 Kastljós** (e)
**00.55 Fréttir**
**01.05 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.25 Red Riding Hood**
**12.45 I Love You Beth Cooper**
**14.25 Come See The Paradise**
**16.40 Red Riding Hood**
**18.00 I Love You Beth Cooper**
**19.45 Come See The Paradise**
**22.00 The Adjustment Bureau**
**23.45 Love Happens**
**01.35 Murder by Numbers**
**03.35 Love Happens**
**05.20 The Adjustment Bureau**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In the Middle** (3:22)
**08.30 Ellen** (32:170)
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (14:175)
**10.15 Lie to Me** (19:22)
**11.05 Extreme Makeover: Home Edition** (4:26)
**11.50 White Collar** (5:16)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Better With You** (1:22)
**13.25 Pride and Prejudice**
**15.40 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** (33:170)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory** (4:17)
**19.45 Modern Family** (2:24)
**20.10 Neyðarlínan**
**20.40 Person of Interest** (2:23) Fyrrum leigumorðingi hjá CIA og dularfullur vísindamaður leiða saman hesta sína með það að markmiði að koma í veg fyrir glæpi í New York-fylki.
**21.25 Revolution** Hörkuspennandi þættir um heim sem missir skyndilega allt rafmagn og þarf að læra að komast af án þess.
**22.10 Fringe** (20:22) Olivia Dunham, Dr. Walter Bishop og sonur hans Peter rannsaka röð dularfullra atvika.
**22.55 Breaking Bad** (9:13) Efnafræðikennarinn Walter White reynir að tryggja fjárhag fjölskyldu sinnar með framleiðslu á eiturlyfjum þegar hann kemst að því að hann eigi aðeins tvö ár eftir ólifuð.
**23.45 Spaugstofan** (6:22)
**00.15 Pressa** (3:6)
**01.00 Homeland** (4:12)
**01.50 Mad Men** (12:13)
**02.40 Tron: Legacy**
**04.40 Pride and Prejudice**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Enski deildarbikarinn: Chelsea - Man. Utd.** 16 liða úrslit.
**18.20 Enski deildarbikarinn: Norwich - Tottenham** 16 liða úrslit.
**20.00 Árni í Cage Contender 15** Árni Ísaksson mætti Wayne Murray í einum af stærstu bardögum kvöldsins.
**21.10 Enski deildarbikarinn: Chelsea - Man. Utd.** 16 liða úrslit
**22.50 Spænsku mörkin**
**23.20 Meistaradeild Evrópu: fréttaþáttur**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.40 Everton - Liverpool**
**18.20 Wigan - West Ham**
**20.00 Premier League World 2012/13** Skemmtilegur þáttur þar sem stjörnurnar í ensku úrvalsdeildinni eru heimsóttar og fjallað er um líf leikmanna.
**20.30 PL Classic Matches: PL Classic Matches (100 Match)**
**21.00 Being Liverpool** Innsýn í lífið hjá einu frægasta fótboltafélagi veraldar.
**21.45 Premier League Review Show 2012/13** Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**22.40 Football League Show 2012/13** Svipmyndir úr næstefstu deild enska boltans.
**23.10 Arsenal - QPR**

## STÖÐ 2 krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Samsent barnaefni frá Stöð 2.
**08.00 Dóra könnuður**
**08.25 Áfram Diego, áfram!**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.05 Stubbarnir**
**09.30 Strumparnir**
**09.55 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.20 Ævintýri Tinna**
**10.40 Histeria!**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.00 Xiaolin Showdown**
**17.25 Villingarnir**
**17.50 iCarly** (31:45)

## POPP TÍVÍ

**17.05 Simpson-fjölskyldan** Bæjarbúum til mikillar gremju er Springfield-jökullinn nánast horfinn og skellir Lisa skuldinni á gróðurhúsaáhrifin.
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Glee** (12:22)
**19.00 Friends** (16:24) Vinirnir eru enn að velta fyrir sér hvar þeir væru staddir í lífinu ef þeir hefðu tekið aðrar ákvarðanir.
**19.25 Simpson-fjölskyldan** (19:22)
**19.50 How I Met Your Mother** (3:22)
**20.10 Game Tíví** Þáttur um allt það nýjasta úr tækni-og tölvuleikjaheiminum.
**20.35 Suburgatory** (12:22) Ný gamanþáttaröð um raunir unglingsstúlku sem er ósátt við flutning úr borg í úthverfi, þar sem mannlífið er talsvert ólíkt því sem hún á að venjast.
**21.00 Pretty Little Liars** (12:25) Bandarísk þáttaröð um fjórar vinkonur sem búa yfir stóru leyndarmáli.
**21.45 Gossip Girl** (4:22) Sjötta þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem búa í Manhattan.
**22.25 Game Tíví**
**22.50 Suburgatory** (12:22)
**23.15 Pretty Little Liars** (12:25)
**00.00 Gossip Girl** (4:22)
**00.40 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## STÖÐ 2 GULL

**18.15 Doctors** (60:175)
**19.00 Ellen** (33:170)
**19.40 Strákarnir**
**20.10 Stelpurnar** (2:20)
**20.30 Ríkið** (2:10)
**20.55 Það var lagið**
**21.55 Friends** (12:24)
**22.20 Strákarnir**
**22.50 Stelpurnar** (2:20)
**23.15 Ríkið** (2:10)
**23.40 Það var lagið**
**00.35 Friends** (12:24)
**01.00 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Dr. Phil** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**15.15 The Voice** (7:15) (e)
**16.45 Rachael Ray**
**17.30 Dr. Phil**
**18.10 America's Next Top Model** (e)
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.25 Will & Grace** (e)
**19.50 Happy Endings** (1:22) Jane reynir að fá Alex og Dave til að gera upp sín mál, þar sem þau eiga 1 árs „næstum því giftingarafmæli".
**20.15 30 Rock** (11:22) Liz þarf að sætta sig við valdið sem Kenneth hefur yfir TGS, á sama tíma neyðist Jack til að fylgjast með Kaylie, dóttur Hank Hooper.
**20.40 House** (7:23) Þetta er síðasta þáttaröðin um sérvitra snillinginn House.
**21.30 Johnny Naz** (6:6) Lokaþátturinn með Johnny sem er nú staddur á Íbíza. Honum þykir við Íslendingar geta lært margt af hinni íbísknesku þjóð en þar er meðal annars að finna sjóræningja með fullt troll af fjöri, klúbbamógúl, stærsta diskótek í Evrópu og fallegt kvenfólk.
**22.00 James Bond:For Your Eyes Only**
**00.10 Parks & Recreation** (1:22) (e)
**00.35 CSI: Miami** (6:19) (e)
**01.25 Bedlam** (1:6) (e)
**02.15 Blue Bloods** (14:22) (e)
**03.00 Happy Endings** (1:22) (e)
**03.25 Everybody Loves Raymond** (e)
**03.50 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** CIMB Classic 2012 (4:4) **09.00** World Golf Championship 2012 (1:4) **14.00** Golfing World **14.50** CIMB Classic 2012 (4:4) **18.35** Inside the PGA Tour (43:45) **19.00** World Golf Championship 2012 (1:4) **00.00** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakista **21.30** Perlur úr myndasafni

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


Björninn – Listskautadeild • Eglishöll

# Vilt þú læra á listskauta?

Listskautanámskeið fyrir 6-12 ára stelpur og stráka hefst laugardaginn 3. nóvember og stendur til 8. desemer og lýkur með glæsilegri jólasýningu fyrir aðstandendur krakkanna.

Spenandi listskautanámskeið sem leggur áherslu á jafnvægiæfingar, þol og styrk ásamt túlkun á tónlist.

Námsleiðið kostar 10.000 krónur og hægt er að fá skauta lánaða. Skráning á laugardaginn í Egilshöll eða á bjorninn.com/skráning

**Stundartafla:**
Laugardagar 12:20-12:13:00 svell
Miðvikudagar 16:20-17:20 svell og 17:20-18:00 þrek

**Nánari upplýsingar:**
Berglind Rós sími 899-3058 / Erlendína sími 694 3990





Björninn

Hreysti – Gleði – Vellíðan – Hreyfing – Styrkur – Samhæfing




# Appskaplega skemmtilegt!

**Þú finnur Nova appið í AppStore og GooglePlay sem Nova Iceland!**

Í Nova appinu getur þú hlustað á lagalista DJ Nova og horft á Nova TV, valið þér nýjan Vinatón, fyllt á frelsið og fylgst með notkun númersins í Stólnum. Undir Nova vinir getur þú séð hvaða vinir þínir eru hjá Nova. Og ekki má gleyma 2 fyrir 1 tilboðum mánaðarins.

Náðu þér í nýjustu útgáfuna af Nova appinu!

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Madeleine Peyroux og diskurinn hennar Careless Love eru í miklu uppáhaldi þegar ég er að vinna en oft vel ég bara þögnina. Það er svo misjafnt hvað ég hlusta á þegar ég er að undirbúa mig fyrir hlutverk, þá vel ég stundum tónlist sem ég myndi annars aldrei hlusta á.“*

Anna Gunndís Guðmundsdóttir, leikkona.

# Frumsýnd eftir áramót í Bandaríkjunum

Bandaríska endurgerðin á íslensku kvikmyndinni Á annan veg verður frumsýnd vestanhafs eftir áramót. Endurgerðin ber titilinn Prince Avalanche og var tekin upp í Austin í Texasfylki í sumar. Myndin er nú á lokastigi eftirvinnslunnar.

Í aðalhlutverkunum tveimur eru Hollywood-leikararnir Paul Rudd og Emile Hirsch. Rudd er hvað þekktastur fyrir hlutverk sitt í sjónvarpsþáttunum Friends og kvikmyndum á borð við Anchorman og Knocked Up. Hirsch hefur meðal annars leikið í myndunum Milk og Into the Wild.

Davíð Óskar Ólafsson hjá framleiðslufyrirtækinu Mystery segir endurgerðina vera trúa upprunalega handritinu, en auðvitað sé því breytt örlítið og sniðið til fyrir bandarískan markað. „Þetta er samt enn þá saga um tvo einstaklinga í skrýtnum aðstæðum, sem gerist á níunda áratuginum.“

Hafsteinn Gunnar Sigurðsson leikstýrði Á annan veg og fékk góða dóma hérlendis. Í leikstjórastólnum að þessu sinni er David Gordon Green, en hann á að baki myndir á borð við Pineapple Express, Your Highness og The Sitter. Stefnt er á að sýna Prince Avalanche hér á landi stuttu eftir frumsýninguna í Bandaríkjunum.

Davíð Óskar segir aðstandendur Á annan veg stefna út á frumsýninguna. „Við höfum ekkert séð enn þá og viljum helst ekki sjá neitt. Við bara bíðum spenntir að sjá myndina í salnum og láta hana koma okkur á óvart.“ - áp



**TRÚIR UPPRUNALEGU HANDRITI** Þeir Paul Rudd og Emile Hirsch fara með aðalhlutverkin í myndinni Prince Avalanche, endurgerð Á annan veg, sem verður frumsýnd eftir áramót í Bandaríkjunum.




### HALLDÓR ELDJÁRN: FÁUM BORGAÐ Í ROLEX-ÚRUM

# Sykur til Wall of Sound

„Það stefna allir á heimsfrægð, alltaf,“ segir Halldór Eldjárn, einn meðlima hljómsveitarinnar Sykurs sem nýverið landaði plötusamningi við breska útgáfuna Wall of Sound.

Það var stofnandi og eigandi plötuútgáfunnar, Mark Jones, sem hreifst af Sykri þegar hljómsveitin spilaði á Great Escape tónlistarhátíðinni í Brighton í vor. Síðan þá hafa viðræður staðið yfir og nú er komið í ljós að seinni plata Sykurs, Mesópótamía, verður gefin út og henni dreift í Evrópu á vegum Wall of Sound. „Þetta hefur verið í bígerð í smá tíma og er bara mikil snilld í alla staði. Við erum öll mjög spennt en reynum að vera ekki með of mikla meikdrauma strax. Maður er víst ekki orðinn frægur fyrr en maður er kominn með aðdáendur í löndum sem maður vissi ekki að væru til.“

Ásamt Halldóri skipa þau Stefán Finnbogason, Kristján Eldjárn og söngkonan Agnes Björt Andradóttir hljómsveitina, sem verður í góðum félagsskap hjá Wall of Sound. Á mála þar eru til að mynda dæmis goðsögnin Grace Jones, norska rafsveitin Röyksopp og Human League. Spurður ur hvort sveitin græði peninga á að skrifa undir samning við svona stórt plötufyrirtæki stendur ekki á svörum hjá Halldóri. „Jú, það eru víst einhverjir peningar í þessu hjá þeim en mér skilst að við fáum bara borgað í Rolex-úrum til byrja með.“

Eins og hjá mörgum íslenskum hljómsveitum er brjálað að gera hjá Sykri næstu daga vegna Iceland Airwaves. Sveitin kemur fram fimm sinnum yfir hátíðina og reið á vaðið í gærkvöldi í Hörpu. „Þetta er í fjórða sinn sem við spilum á Airwaves. Fyrst var það árið 2008 en þá vorum við bara tveir í sveitinni. Það svaf maður á dansgólfinu á meðan við spiluðum og okkur var næstum hent út fyrir að vera undir aldri. Það var ansi eftirminnileg frumraun, en ég á ekki von á að nokkur sofni á tónleikum okkar um helgina.“ alfrun@frettabladid.is



**SYKUR** Sveitin kemur fimm sinnum fram á Iceland Airwaves.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



### WALL OF SOUND

- Stofnað árið 1994 af Mark Jones.
- Einbeitir sér að elektrónískri danstónlist.
- Tónlistarmenn á mála hjá Wall of Sound eru meðal annars Grace Jones, Röyksopp og The Human League.

### ICELAND AIRWAVES

- Sykur spilar á sérstöku Wall of Sound-kvöldi á skemmtistaðnum B5 ásamt Þórunni Antóníu og Sísí Ey í kvöld. Kvöldið er utandagskrárviðburður Iceland Airwaves og því opinn öllum. Tónleikarnir byrja klukkan 21.
- Laugardagur: Klukkan 17 í tjaldi fyrir utan verslunina Macland (utandagskrá). Klukkan 23.20 á Faktorý.

# Raðirnar í símann

Miðbær Reykjavíkur er undirlagður Airwaves-tónleikahátíðinni þessa dagana, en hún hófst í gær og stendur yfir fram á sunnudagskvöld. Snjallsímaeigendur sem ætla sér að sækja hátíðina hafa á síðustu dögum margir sótt sér Airwaves-appið í símann sinn. Í appinu er meðal annars að finna svokallaða biðraðamyndavél þar sem streymt er í beinni útsendingu myndbandsupptökum á röðunum fyrir utan helstu tónleikastaðina. Þannig geta hátíðargestir fylgst með stöðu mála á öðrum stöðum og hagað málum sínum þannig að þeir losni við að eyða kvöldinu í að standa í röðum.

Airwaves-appið býður upp á fleiri möguleika, jafnvel fyrir þá sem ekki eiga miða á hátíðina. Þar er hægt að kynna sér bæði þá tónleika sem eru á hátíðinni og líka þá sem eru utandagskrár og öllum opnir, en yfir 700 tónleikar eru í boði þá fimm daga sem hátíðin stendur yfir.

Hátíðargestir geta einnig raðað saman sinni persónulegu dagskrá í appinu og þannig haft allar upplýsingar á hreinu áður en haldið er af stað. - trs




**MYNDA RAÐIRNAR** Í Airwaves-appinu er meðal annars hægt að fylgjast með röðunum á öllum helstu tónleikastöðum hátíðarinnar.

# KOMIN Í VERSLANIR

NÓVEMBER Eymundsson
**BÓK**
MÁNAÐARINS




# REYKJAVÍKURNÆTUR

## NÝ BÓK FRÁ ARNALDI INDRIÐASYNI

Vildarverð
kr. 3.999
Verð 6.499 kr.

Erlendur er nýlega genginn til liðs við lögregluna og starfið á strætum Reykjavíkurborgar er erilsamt: umferðarslys, þjófnaðir, heimilisofbeldi, drykkja og smygl. Óútskýrt mannslát lætur hann ekki í friði.

Þessi nýja bók Arnaldar fjallar um fyrsta mál Erlendar í lögreglunni. Aðdáendur Erlendar ættu ekki að láta þessa fram hjá sér fara!

„... Ber höfuð og herðar yfir aðra krimmahöfunda hér á landi.“
Páll Baldvin Baldvinsson, Fréttatíminn

Lestu fyrsta kafla bókarinnar á Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872
140

Vildarverð er tilboð til Vildarklúbbs Eymundsson sem gildir til 30.11.12

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Arnaldur slær met



Nýrri bók **Arnaldar Indriðasonar,** Reykjavíkurnætur, var dreift í búðir í gær og hefst salan í dag. Tæplega tíu þúsund eintökum var dreift í búðir út um allt land sem er stærsta upphafsdreifing á bók frá upphafi. Til samanburðar er heildarprentun á íslenskri skáldsögu að meðaltali um tvö þúsund eintök. Þessi fyrsta dreifing á Reykjavíkurnóttum er því margfalt stærri en almennt upplag á bókum hérlendis.

### Söng loks með dóttur sinni



Þau tímamót urðu í Hörpu í gærkvöldi að tónlistarmaðurinn **Jakob Frímann Magnússon** söng í fyrsta skipti opinberlega með dóttur sinni Dísu. Tónleikarnir voru hluti af Airwaves-hátíðinni þar sem Jakob Frímann kom fram með hljómsveit sinni Jack Magnet Quintet. Dísa hefur verið búsett í Danmörku og bæði gefið út sólóplötu og aðra með dúettnum Song For Wendy, sem er einnig skipuð dönskum manni hennar Mads Mouritz.
- fb

## Mest lesið vísir

1. Fær leyfi frá störfum vegna fjármálaumfjöllunar
2. Nauðgunarlyf eru algengari en við höldum
3. Formaður Landsbjargar: Erum að lýsa upp í öll horn
4. Ernir hyggst hætta áætlunarflugi til minni staða
5. Óttast að þúsundir séu innilokaðir í Hoboken í New Jersey


Biblían
BÓK BÓKANNA



www.forlagid.is

MIÐNÆTURSPRENGJA!

20% afsláttur

af öllum vörum í dag
í verslunum okkar í Kringlunni
opið frá kl.10 til miðnættis!



HUGO BOSS

HUGO BOSS | KRINGLUNNI 533 4242

herra GARÐURINN
-klæðir þig vel
í 40 ár

KRINGLAN 568 9234



ENGLABÖRNIN

Falleg föt á stelpur og stráka...

Kringlunni sími 552 2201